



HÓLASANDSLÍNA 3, 220 KV RAFLÍNA FRÁ AKUREYRI AÐ HÓLASANDI

VIÐAUKAHEFTI FRUMMATSSKÝRSLU

2. Hluti (útvíst og ferðamennska, fornleifar, flugöryggi, heilsa og öryggi, val á jarðstreng)

Október 2018



1 VIÐAUKASKRÁ

VIÐAUKAHEFTI: 1-HLUTI

Viðauki 1 – Gróðurfar

Viðauki 1.1: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir og Aðalsteinn Örn Snæþórsson, 2017. *Gróður á fyrirhugaðri leið og efnistökusvæðum – Hólasandslína 3*. Náttúrustofa Norðausturlands, Húsavík. Unnið fyrir Landsnet.

Viðauki 1.2: Gerður Guðmundsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson, 2014. *Gróðurfar á fyrirhugaðri leið Hólasandslínu 3*. Náttúrustofa Austurlands, Neskaupstaður. Unnið fyrir Landsnet.

Viðauki 2 – Fuglar

Viðauki 2.1: Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson og Yann Kolbeinsson, 2018. *Fuglalíf á fyrirhugaðri leið Hólasandslínu 3*. Náttúrustofa Norðausturlands, Húsavík. Unnið fyrir Landsnet.

Viðauki 2.2: Aðalsteinn Örn Snæþórsson, 2018. *Minnisblað*. Samanburður á því að fylgja annars vegar Kröflulínu 1 og hins vegar Laxarlínu 1. Náttúrustofa Norðausturlands, Húsavík. Unnið fyrir Landsnet.

Viðauki 3 – Vatnalíf

Viðauki 3.1: Guðni Guðbergsson og Eydís Njarðardóttir, 2018. *Þverun Laxár í Laxárdal og Eyjafjarðarár með rafstrengjum vegna lagningar Hólasandslínu 3*. Hafrannsóknastofnun. Unnið fyrir Landsnet.

Viðauki 3.2: Eggert Þorgrímsson, 2017. *Segulvið frá 220 kV jarðstrengjum við þverun Eyjafjarðarár og Laxár*. EFLA, Reykjavík. Unnið fyrir Landsnet.

Viðauki 4 – Landslag og ásýnd

Sigrún María Kristinsdóttir, Sólrún Svava Skúladóttir, Friðrika Marteinsdóttir og Auður Jónsdóttir. *Hólasandslína 3 – Könnun á gildi landslags á Norðausturlandi*, 2018. EFLA, Reykjavík. Unnið fyrir Landsnet.

VIÐAUKAHEFTI: 2-HLUTI**Viðauki 5 – Útivist og ferðamennska**

Viðauki 5.1: Rögnvaldur Guðmundsson, 2018. *Hólasandslína 3 – áhrif á ferðaþjónustu og útivist.* Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf, Hafnarfjörður. Unnið fyrir Landsnet.

Viðauki 5.2: Hjalti Páll Þórarinsson, 2017. *Umsögn Markaðsstofu Norðurlands vegna Hólasandslínu 3.* Markaðsstofa Norðurlands, Akureyri.

Viðauki 6 – Fornleifar

Bjarni F. Einarsson, 2018. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3, loftlínu eða jarðstrengs frá Hólasandi að Akureyri. Fornleifafræðistofan, Reykjavík. Unnið fyrir Landsnet.

Viðauki 7 – Flugöryggi

Viðauki 7.1: Integra, 2012: *Initial Safety Assessment Report. 220 kV line in Eyjafjörður near AKURYEYRI AIRPORT.* Unnið fyrir ISAVIA.

Viðauki 7.2: J. Verpoorte og J.J.P. van Es, 2013: *Analysis of planned high voltage transmission line near Akureyri airport.* National Aerospace Laboratory NLR.

Viðauki 7.3: Viðar J. Björnsson, Hjördís Þórhallsdóttir, Arnar Már Sigurðsson, Magnea Huld Ingólfssdóttir, Brandur Guðmundsson, Snæbjörn Guðbjörnsson, Jóhannes Long, Sigurður Sigurþórsson, Magni Þ. Pálsson, Þórir Þórisson, Eggert Þorgrímsson, 2018: *Áhættumat. Vegna Hólasandslínu 3 – Jarðstrengur sunnan við BIAR.* ISAVIA.

Viðauki 8 – Heilsa og öryggi

Viðauki 8.1: Sveinn Brynjólfsson og Brynjólfur Sveinsson, 2018a. *Minnisblað- Snjósöfnun á fyrirhuguðum stað fyrir jarðstrengendavirki neðan Við Bildárskarð, í landi Kaupangs í Eyjafirði.* Veðurstofa Íslands. Unnið fyrir Landsnet.

Viðauki 8.2: Sveinn Brynjólfsson og Brynjólfur Sveinsson, 2018b. *Staðbundið hættumat fyrir Hólasandslínu III.* Veðurstofa Íslands. Unnið fyrir Landsnet.

Viðauki 9 – Val á jarðstreng

Egill Þorsteins, Jón Vilhjálmsson og Þórir Þórisson, 2018. *Val á jarðstreng í Eyjafirði.* EFLA. Unnið fyrir Landsnet.

VIÐAUKI 5 – Útivist og ferðamennska

Viðauki 5.1 - Hólasandslína 3 – áhrif á ferðþjónustu og útivist.

Rannsóknir og ráðgjöf ferðþjónustunnar ehf

Viðauki 5.2 - Umsögn Markaðsstofu Norðurlands vegna Hólasandslínu 3.

Markaðsstofa Norðurlands

Hólasandslína 3

áhrif á ferðapjónustu og útivist



Ljósmyndir:
Rögnvaldur Guðmundsson.

Forsíðumynd:
Brúin yfir Fnjóská á móts við Illugastaði.

Hólasandslína 3

áhrif á ferðapjónustu og útivist



Kröflulína 1 í Bárðardal.

Samantekt unnin fyrir Landsnet hf
júlí 2018

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar ehf
Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði
rognvaldur@rrf.is

Efnisyfirlit

1.0	Inngangur	1
1.1	Matsforsendur	1
1.2	Kannanir og gögn sem stuðst er við	3
1.3	Uppbygging greinargerðar	5
HLUTI 1	ÞRÓUN OG GRUNNÁSTAND	6
2.0	Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2016	7
2.1	Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning	7
2.2	Ferðamáti og farartæki	9
2.3	Ferðamenn með skemmtiferðaskipum	10
3.0	Þróun og staða ferðaþjónustu, útivistar og umferðar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3	11
3.1	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Eyjafirði	11
3.2	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Þingeyjasýslum	13
3.3	Innlendir ferðamenn í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum	15
3.4	Allir ferðamenn í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum	16
3.5	Umferðin frá Akureyri að Hólasandi 2010 og 2016	18
3.6	Akureyri	19
3.7	Eyjafjarðarsveit	20
3.8	Fnjóskadalur sunnan hringvegjar	21
3.9	Bárðardalur sunnan hringvegjar	23
	3.9.1 Goðafoss	24
	3.9.2 Aldeyjarfoss	25
3.10	Reykjadalur við hringveginn	25
3.11	Laxárdalur	26
3.12	Hólasandur	27
3.13	Staðir sem erlendir ferðamenn við Goðafoss heimsóttu	28
3.14	Ástæður fyrir komum erlendra ferðamanna	30
3.15	Útivist og afþreying í nágrenni við Hólasandslínu 3	30
	3.15.1 Útivist íbúa	30
	3.15.2 Afþreying erlendra ferðamanna	34
	3.15.3 Fjöldi stangveiðimanna 2015-2017	34
3.16	Staðir nærri Hólasandslínu 3 sem skipta máli fyrir starfseminu	35
3.17	Upphaldsstaðir í nágrenni Hólasandslínu 3	35
4.0	Áhrif núverandi háspennulína á upplifun	37
4.1	Íbúar	37
4.2	Erlendir ferðamenn	39

5.0	Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 og viðhorf til hennar	41
5.1	Áhrif Hólasandslínu 3 á útivist og ferðaþjónustu	41
5.1.1	Íbúar	41
5.1.2	Hagsmunaaðilar í stangveiði	43
5.1.3	Skotveiðimenn	44
5.2	Áhrif Hólasandslínu 3 á upplifun	44
5.2.1	Íbúar	44
5.2.2	Fagfólk í ferðaþjónustu	47
5.2.3	Hagsmunaaðilar í stangveiði	48
5.2.4	Skotveiðimenn	49
5.2.5	Erlendir ferðamenn	50
5.3	Áhrif Hólasandslínu 3 á tíðni heimsóknna/komur	52
5.3.1	Íbúar	52
5.3.2	Erlendir ferðamenn	53
5.4	Áhrif Hólasandslínu 3 á viðskipti	54
5.4.1	Fagfólk í ferðaþjónustu	54
5.4.2	Hagsmunaaðilar í stangveiði	54
5.5	Afstaða til Hólasandslínu 3	55
5.5.1	Íbúar	55
5.5.2	Fagfólk í ferðaþjónustu	57
5.5.3	Hagsmunaaðilar í stangveiði	57
5.5.4	Skotveiðimenn	57
5.6	Afstaða til jarðstrengslagna á línuleiðinni	57
5.6.1	Íbúar	58
5.6.2	Fagfólk í ferðaþjónustu	59
5.6.3	Hagsmunaaðilar í stangveiði	59
5.6.4	Skotveiðimenn	60
5.7	Möguleg þróunarsvæði að mati fagfólks í ferðaþjónustu	60
5.8	Athugasemdir og ábendingar vegna Hólasandslínu 3	60
5.8.1	Íbúar	60
5.8.2	Fagfólk í ferðaþjónustu	60
5.8.3	Hagsmunaaðilar í stangveiði	61
5.8.4	Skotveiðimenn	61
5.8.5	Erlendir ferðamenn	61
6.0	Afstaða til línumannvirkja og háspennumastra	62
6.1	Afstaða íbúa til fjögurra línumannvirkja	62
6.2	Afstaða til fjögurra gerða háspennumastra	63
7.0	Mat á áhrifum Hólasandslínu 3 á ferðaþjónustu og útivist	66
7.1	Helstu áhrifaþættir framkvæmdar	66
7.1.1	Loftlínur	66
7.1.2	Línuslóðar og mastraplön	66
7.1.3	Jarðstrengir	66
7.1.4	Tengivirki	66
7.1.5	Efnistökuastaðir/námur	67
7.2	Sýnileiki Hólasandslínu 3 frá vegum og slóðum	67

7.3	Mat á áhrifum við Akureyri	68
7.3.1	<i>Aðalvalkostur, jarðstrengur frá Rangárvöllum að Eyjafjarðará</i>	68
7.3.2	<i>Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg (EY-JK)</i>	69
7.3.3	<i>Loftlínukostur frá Kífsá að Eyjafjarðará (EY-L)</i>	69
7.3.4	<i>Jarðstrengskostur við þverun Eyjafjarðará (EY-JB)</i>	70
7.4	Mat á áhrifum við í Eyjafjarðarsveit	71
7.4.1	<i>Aðalvalkostur, jarðstrengur að Bíldsárskarði og loftlína þaðan</i>	71
7.4.2	<i>Loftlínukostur frá Eyjafjarðará að sveitarfélagamörkum (EY-L)</i>	71
7.4.3	<i>Loftlínukostur norðan Bíldsár (BI-LN)</i>	73
7.5	Mat á áhrifum í Fnjóskadal	74
7.6	Mat á áhrifum í Bárðardal	75
7.7	Mat á áhrifum í Reykjadal	76
7.8	Mat á áhrifum í Laxárdal	78
7.8.1	<i>Aðalvalkostur</i>	78
7.8.2	<i>Loftlínukostur samsíða Kröflulínu 1 (LA-LN)</i>	79
7.8.3	<i>Jarðstrengskostur (LA-J)</i>	80
7.8.4	<i>Jarðstrengskostur (LA-JU)</i>	80
7.9	Mat á áhrifum á Hólasandi	81
7.10	Mat á áhrifum allrar Hólasandslínu 3	82
7.10.1	<i>Áhrif á upplifun</i>	82
7.10.2	<i>Áhrif á komur og viðskipti</i>	83
7.10.3	<i>Heildaráhrif Hólasandslínu 3</i>	84
8.0	Mótvægisáðgerðir	87
	Viðaukar	89
	Viðauki 1	Íbúakönnun
	Viðauki 2	Könnun meðal fagfólks 1
	Viðauki 3	Könnun meðal fagfólks 2
	Viðauki 4	Könnun meðal hagsmunaaðila í stangveiði
	Viðauki 5	Könnun meðal skotveiðimanna
	Viðauki 6	Könnun meðal ferðamanna (enska)
	Viðauki 7	Kort af línuleiðinni
	Viðauki 8	Myndir af fjórum gerðum mastra
	Viðauki 9	Svör íbúa um áhrif af núverandi háspennulínunum
	Viðauki 10	Svör íbúa um ætluð áhrif af Hólasandslínu 3
	Viðauki 11	Athugasemdir/ábendingar varðandi Hólasandslínu 3
	Viðauki 12	Athugasemdir Veiðifélags Laxár og Krákár
	Viðauki 13	Athugasemdir Ferðafélags Akureyrar

1.0 Inngangur

1.1 Matsforsendur

Markmið þessarar greinargerðar er að meta áhrif fyrirhugaðrar 220 kV Hólasandslínu 3 á ferðaþjónustu á útivist. Línuna er ráðgert er að reisa milli tengivirkis við Kífsá austan Akureyrar og að tengivirki á Hólasandi. Um er að ræða tvo valkosti. Aðalvalkost með tengivirki á Rangárvöllum og þaðan jarðstreng yfir Eyjafjörð að Bíldsárskarði, þaðan sem loftlína tæki við að tengivirki á Hólasandi (um 70 km). Hins vegar valkostur A með loflínu frá nýju tengivirki við Kífsá ofan Akureyrar og þaðan með loflínu að mestu samhliða Kröflulínu 1 að tengivirki á Hólasandi (um 78 km). Þá eru fjórir valkostir til skoðunar í Laxárdal, tveir loftlínukostir og tveir jarðstrengskostir. Auk þess eru valkostir til skoðunar varðandi lagningu jarðstrengs við Kjarnaskóg, við Eyjafjarðará og í Bíldsárskarði. Áætluð áhrif Hólasandslínu 3 eru metin í ljósi náttúru og sögu svæðisins, fyrirhugaðs mannvirkis, núverandi stöðu ferðaþjónustu og útivistar á svæðinu, aðliggjandi ferðamannasvæða og sennilegrar þróunar.

Tvö hugtök eru talsvert notuð í þessari greinargerð sem ástæða þykir til að skilgreina:

Ferðaþjónusta. *Atvinnugrein sem tekur til fyrirtækja og einstaklinga sem vinna störf tengd ferðalögum.*

Útivist. *Athafnir einstaklinga úti í náttúrunni.* Ekki eru allir sammála um hvort telja eigi umferð sérútbúinna farartækja eða vélsleða til útivistar. Í þessari greinargerð er slík umferð flokkuð undir útivist. (Hér inni útivist í manngerðu umhverfi s.s. Kjarnaskógur og innan Akureyrar).

Hér á eftir verður lagt mat á líkleg áhrif af Hólasandslínu 3 á útivist og ferðaþjónustu. Verður línuleiðinni skipti í sjö hluta. Þeir eru: við Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Fnjóskadalur, Bárðardalur, Reykjadalur, Laxárdalur og Hólasandur. Verður lagt mat á líkleg áhrif Hólasandslínu 3 í hverjum hluta fyrir sig en einnig af línuleiðinni allri. Sjá nánari afmörkun svæða í töflunni hér að neðan.

Tafla 1.1 Afmörkun áhrifasvæða á leið Hólasandslínu 3 miðað við aðalvalkost Landnets

Nr	Áhrifasvæði	Nánar
1	Við Akureyri	Frá tengivirki við Rangárvelli að Eyjafjarðará
2	Eyjafjarðarsveit	Frá Eyjafjarðará að miðri Vaðlaheiði
3	Fnjóskadalur	Frá miðri Vaðlaheiði að Bæjarfjalli
4	Bárðardalur	Frá Bæjarfjalli að miðri Fljótsheiði
5	Reykjadalur	Frá miðri Fljótsheiði að miðri Laxárdalsheiði
6	Laxárdalur	Frá miðri Laxárdalsheiði að miðri Hamarsheiði
7	Hólasandur	Frá miðri Hamarsheiði austur fyrir nýtt tengivirki

Lögð verður áhersla á að skoða mikilvægi svæðanna fyrir ferðþjónustu og útivist og hversu viðkvæm þau eru fyrir raski. Í framhaldi af því verður reynt að greina á umfang og eðli áhrifa af Hólasandslínu 3 á ferðþjónustu og útivist á viðkomandi svæðum og á línuleiðinni í heild miðað við stöðuna nú (grunnástand) en einnig miðað við þróunarmöguleika ferðþjónustu og útivistar þar í framtíðinni.

Í niðurstöðunum verða ætluð áhrif einstakra framkvæmdaþátta metin og þar stuðst við níu þrepa vægiseinkunn Landsnets, á bilinu frá -4 til +4, þ.e. frá því að hafa verulega neikvæð áhrif til þess að hafa verulega jákvæð áhrif á ferðþjónustu og útivist á viðkomandi svæði. Merking þrepanna er sem hér greinir:

<i>Verulega neikvæð (VN)</i>	- 4
<i>Talsvert neikvæð(TN)</i>	- 3
<i>Nokkuð neikvæð (NN)</i>	- 2
<i>Óverulega neikvæð (ÓN)</i>	- 1
<i>Engin áhrif (E)</i>	0
<i>Óverulega jákvæð (ÓJ)</i>	+1
<i>Nokkuð jákvæð (NJ)</i>	+2
<i>Talsvert jákvæð (TJ)</i>	+3
<i>Verulega jákvæð(VJ)</i>	+4

1.2 Kannanir og gögn sem stuðst er við

Könnun meðal íbúa í nágrenninu

Vettvangskönnun meðal íbúa á Hólasandslínu 3 sem loftlínu fór að mestu fram í tveimur lotum í október og byrjun desember 2016. Starfsfólk RRF fór með spurningalista á heimili á Akureyri, í norðanverðri Eyjafjarðarsveit, í Fnjóskadal sunnan Þjóðvegjar, í Bárðardal frá hringvegi og suður að Stóruvöllum, í Reykjadal sunnan Einarstaða og í Laxárdal. Á Akureyri var ákveðið að fara í hús í götum á fimm svæðum, þar af voru þrjú ofarlega í bænum en auk þess í Brekkunni og á Oddeyrinni. Voru viðkomandi beðnir um að lesa texta og kynna sér kort og mynd af fyrirhuguðum framkvæmdum áður en þeir svöruðu spurningunum. Komið var aftur síðar sama dag eða daginn eftir og svörin sótt. Allir 18 ára eldri áttu kost á þátttöku. Auk þess var leitað svara hjá eigendum nokkurra eyðijarða/jarða án fastrar búsetu í Fnjóskadal, Reykjadal og Laxárdal, þar sem línan mun fara um eignalönd eða nærri þeim. Þeir aðilar svöruðu könnuninni í apríl og maí 2017. Alls fengust 329 svör í könnuninni meðal íbúa/landeigenda. Þar af fengust 128 svör meðal íbúa á Akureyri (39% svara), 105 í Eyjafjarðarsveit (32%), 28 í Bárðardal (9%), 27 í Fnjóskadal og jafn mörg í Reykjadal (8% á hvoru svæði) og 14 svör í Laxárdal (4%).

Könnun meðal fagfólks í ferðaþjónustu

Könnun vegna Hólasandslínu 3 sem loftlínu meðal ferðaþjónustu- og útvistaraðila var lögð fyrir 37 aðila frá Akureyri og austur í Aðaldal og Reykjadal á tímabilinu október til desember 2016. Af þeim svöruðu 32 eða 86%. Í flestum tilvikum var farið með spurningalista til viðkomandi aðila og svör fengin strax eða skilið eftir frímerkt umslag til að senda svörin í pósti.

63% svarenda voru staðsettir á Akureyri, 28% í Þingeyjarsýslu (Fnjóskadal, Bárðardal, Reykjadal eða Aðaldal) og 9% í Eyjafjarðarsveit. Þeir sem tóku þátt buðu ýmist upp á veitingar (44%), gistingu (34%), afþreyingu (19%), voru ferðaskrifstofa/ferðafélag (16%) eða ráku safn/sýningu (13%).

Könnun meðal hagsmunaaðila í stangveiði

Í nóvember 2017 var ákveðið að gera könnun á viðhorfum aðila í stangveiði til mögulegra áhrifa Hólasandslínu 3 sem loftlínu á slíka útivist/afþreyingu. Framkvæmdin fór fram á tímabilinu 30. nóvember til 20. desember 2017. Kannanirnar og fylgigögn (kort og mastramyndir) voru send í tölvupósti til viðkomandi eftir samtal í síma. Leitað var til veiðiréttshafa og formanna stangveiðfélaga í eftirtöldum veiðiám: Eyjafjarðará, Fnjóská, Skjálfandafljóti (efra svæði), Reykjadalsá og Laxá í Laxárdal (urriðasvæði). Alls var um að ræða níu aðila og svöruðu allir.

Könnun meðal skotveiðimanna

Í nóvember 2017 var, að höfðu samráði við Skotvís, leitað til fjögurra vanra skotveiðimanna í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu og þeir spurðir um helstu skotveiðisvæði í nágrenni Hólasandslínu 3 og um möguleg áhrif línunnar sem loftlínu á skotveiði. Fengust svör frá þeim öllum.

Könnun meðal erlendra ferðamanna við Goðafoss

Í september 2016 var framkvæmd könnun meðal erlendra ferðamanna við Goðafoss þar sem m.a. var spurt um ferðir þeirra um Eyjafjörð og S-Pingeyjarsýslu, álit þeirra á fyrirhugaðri Hólasandslínu 3 o.fl. Þar fengust 213 gild svör. 28% erlendu ferðamanna sem tóku þátt í könnuninni voru frá Norður-Ameríku, 27% frá Mið-Evrópu, 19% frá Suður-Evrópu, 10% frá Asíu, 7% frá Benelux löndunum, 5% frá Bretlandi, 1% frá Norðurlöndunum og 3% annars staðar frá.

Dear Visitors könnun RRF

Til að áætla fjölda erlendra ferðamanna í nágrenni línustæðis Hólasandslínu 3 er stuðst við könnunina *Dear Visitors* sem RRF hefur framkvæmt meðal erlendra brottfarargesta í Leifsstöð og með Norrænu á Seyðisfirði allt frá árinu 1996 og nær stöðugt allt árið frá ársbyrjun 2004 og fram til þessa dags. Þar er m.a. spurt um komur ferðamanna í Eyjafjörð og í Pingeyjarsýslur. Sú könnun verður notuð til að áæta þróunina í fjölda og gistinóttum erlendra ferðamanna í þessum sýslum sem Hólasandslína 3 mun liggja um. Hér verður stuðst við könnunina á árabílinu 2004 til 2016.

Kannanir meðal Íslendinga

Til að áætla fjölda innlendra ferðamanna í nágrenni línustæðis Hólasandslínu 3 er stuðst við net- og símakannanir RRF meðal Íslendinga vegna ferða á árabílinu 2008 til 2016 sem gerðar hafa verið í samvinnu við Miðlun ehf og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Þar hefur m.a. verið spurt um komur landsmanna í Eyjafjörð og Pingeyjarsýslur og á staði innan þeirra, s.s. að Akureyri, að Dettifossi og í Mývatnssveit. Auk þess verður stuðst við kannanir sem Ferðamálastofa hefur látið framkvæma.

Umferðartölur Vegagerðarinnar

Í greinargerðinni er stuðst við tölur Vegagerðarinnar um umferð á þjóðvegum að greina aukningu á umferð um hringveginn í nágrenni fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3 og eins um vegi í Eyjafjarðarsveit, Fnjóskadal, Bárðardal og á Hólasandi (Kísilvegi).

Önnur gögn

Auk þess er stuðst við ýmsar aðrar kannanir og gögn sem getið er jafnóðum í greinargerðinni.

1.3 Uppbygging greinargerðar

Eins og efnisyfirlit hér að framan ber með sér skiptist greinargerðin tvo hluta og sjö meginkafla. Auk þess er inngangskafli í byrjun (kafli 1.0).

Hluti 1, „*PRÓUN OG GRUNNÁSTAND*“ felur í sér kafla 2-4.

Hluti 2, „*ÁHRIF HÓLASANDSLÍNU 3*“ felur í sér kafla 5-8

Í **kafla 2.0**, „*Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004--2016*“, verður gerð grein fyrir þróun í fjölda og samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi.

Í **kafla 3.0**, „*Þróun og staða ferðapjónustu, útivistar og umferðar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3*“, verður fjallað um þróun ferðapjónustu og útivistar á svæðum í nágrenni fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3 á síðustu árum og stöðuna eins og hún er um þessar mundir. Þannig verður gerð grein fyrir þróun í fjölda ferðamanna í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og á ákveðnum ferðamannastöðum í nágrenni fyrirhugaðs línustæðis. Jafnframt verður fjallað um stöðu ferðapjónustu á svæðunum sjö sem áður voru skilgreind, fjölda gistirýma, helstu ferðapjónustuaðila, áhugaverða ferðamannastaði, útivistarsvæði o.fl. Eins verður gerð grein fyrir ástæðum fyrir komum erlendra ferðamanna við Goðafoss (sept. 2016) á svæðið, afþreyingu þeirra og útivist.

Í **kafla 4.0**, „*Áhrif núverandi háspennulína á upplifun*“, verður greint frá niðurstöðum kannana meðal íbúa, fagfólks í ferðapjónustu og ferðamanna á upplifun þeirra af núverandi háspennulínunum á svæðinu þ.e. Kröflulínu 1 og Laxárlínu 1.

Í **kafla 5.0**, „*Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 og viðhorf til hennar*“, verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum áðurtalinnar rannsóknar um ætluð áhrif Hólasandslínu 3 sem loftlínu á ferðapjónustu og útivist eftir hópum fólks, þ.e. íbúum, fagfólki í ferðapjónustu og útivist, hagsmunaaðilum í stangveiði og skotveiði og meðal erlendra ferðamanna við Goðafoss. Ennfremur verður gerð grein fyrir afstöðu mismunandi hópa til Hólasandslínu 3.

Í **kafla 6.0**, „*Afstaða til línumannvirkja og háspennumastra*“, verður fyrst gerð grein fyrir álitum íbúa á fjórum mannvirkjum er tengjast línulögnum, þ.e. háspennuloftlínunum, tengivirkjum, línuslóðum og háspennujarðstrengjum. Ennfremur verður gerð grein fyrir afstöðu mismunandi hópa til fjögurra gerða háspennumastra.

Í **kafla 7.0**, „*Mat á áhrifum Hólasandslínu 3 á ferðapjónustu og útivist*“, verður lagt mat á líkleg áhrif Hólasandslínu 3 á ferðapjónustu og útivist á svæðunum sjö á línuleiðinni og á öllu áhrifasvæði línunnar. Verður þar stuðst við níu þrepa vægisskala Landsnets. Hér verður jafnframt tekið mið af líklegri þróun og vægi ferðapjónustu og útivistar á svæðinu í framtíðinni.

Í **kafla 8.0**, „*Mótvægisáðgerðir*“, verður fjallað um aðgerðir sem líklegar eru til að draga úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3, þar með talið að leggja hluta línunnar í jörðu og einnig núllkost, þ.e. að ekki verði af framkvæmdum.

HLUTI 1


ÞRÓUN OG GRUNNÁSTAND

2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2016

2.1 Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldi þeirra stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en 2011-2016 hefur verið einstaklega mikil fjölgun (20-40% á ári). Niðurstaðan er sú að erlendum gestum til Íslands með flugi og ferju haf fjölgaði úr um 362 þúsund árið 2004 í nálægt 1.800 þúsund árið 2016, eða fimmfalt, sem jafngildir rúmlega 14% árlegri fjölgun á þessu tímabili.

Mynd 2.1 Fjöldi erlendra brottfara frá Íslandi 2004-2016
ferðamenn með flugi og ferju og vinnandi fólk




Þegar litið er til gistinátta erlendra ferðamanna hér á landi voru þær lengi og allt fram til 2011 um helmingi fleiri að sumri en utan þess. Frá þeim tíma hefur verulega dregið sama og árið 2016 voru erlendar gistinætur á Íslandi heldur færri yfir sumarmánuðina þrjá en hina níu mánuði ársins. Ástæðan er mikið örfari fjölgun vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta lítillega verið að stytast og var t.d. um 8,6 nætur að jafnaði sumarið 2016 samkvæmt könnunum RRF en um 5,8 nætur utan sumars.

Þannig má áætla að árið 2016 hafi gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi alls verið um 11,7 milljónir talsins; þar af um 5,6 milljónir yfir sumarmánuðina þrjá (48%) en 6,1 milljónir hina níu mánuði ársins (52%). Er þá öll gisting meðtalin, s.s. hjá vinum, í húsbílum og í tjaldi á víðavangi.¹

¹ Hér er gert ráð fyrir að 5% erlendra brottfara frá til Íslandi árið 2016 hafi verið vegna fólks sem starfaði á Íslandi (farandverkafólk o.fl.), um 90 þúsund brottfarir, og því ekki ferðamenn í þeim skilningi. Því er hér miðað við 95% af heildinni, eða 1.706 þúsund ferðamenn (brottfarir), þegar gistinætur eru áætlaðar til að forðast ofátlanir (1.796.000 - 90.000).

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju voru Norðurlandabúar lengi vel fjölmennastir. Einkum var svo að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandseyjum voru heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Sumarið 2015 voru gestir frá Norður-Ameríku áberandi fjölmennastir gesta frá einstökum markaðssvæðum og juku það forskot síðan mikið sumarið 2016. Ferðamenn frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn og síðan Ítalía) koma meira til Íslands að sumarlagi en utan þess. Þá koma gestir frá Mið-Evrópu einnig talsvert síður til Íslands utan sumars, sbr. myndir 2.2-2.3.²


Myndir 2.2-2.3 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum
farþegar með flugi og ferju, sumur og vetur 2004-2016¹



Það má lauslega áætla 7-8% erlenda gesta til Íslands árið 2016 hafi verið Asíubúar, 120-135 þúsund manns, eða nálægt þriðjungur af þeim sem settir voru í hópinn „aðrir“ á myndum 2.2 og 2.3 hér að framan.

Á myndum 2.4-2.5 má sjá hlutfallslega samsetningu erlendra gesta á Íslandi árið 2016, annars vegar að sumarlagi (júní, júlí, ágúst) og hins vegar utan sumartíma.


Myndir 2.4-2.5 Skipting erlendra gesta á Íslandi 2016
eftir markaðssvæðum



² Í grafinu sem sýnir þróunina utan sumars eiga tölurnar við tímabilin frá september fyrra árs til maí næsta árs (utan sumars) - nema árið 2016 þar sem miðað er við mánuði utan sumars það ár (janúar-maí og september-desember).


2.2 Ferðamáti og farartæki

Mynd 2.6 Ferðamáti erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2016



sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópferð. Síðustu árin hafa svo kallaðar "self drive" ferðir vaxið mikið, þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram af ferðaskrifstofum/ferðaskipuleggjendum og auk þess er oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Niðurstaðan er sú að sumarið 2016 eins og sumarið 2015 voru 71% svarenda á eigin vegum, 16% í "self drive" ferð og 13% í skipulagðri hópferð.

Mynd 2.7 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2016



um Ísland, 22% hópferðabíll og 11% áætlunarbíll. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (Norrænufarþegar), á bílum vana/ættingja á Íslandi eða hjóla um landið.

Þá nýttu um 60% gesta á jaðarmánuðunum 2016 sér bílaleigubíll (mars, apríl, maí, september og október) og um 40% gesta yfir fjóra dimmstu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember og desember). Mun fleiri notuðu eitthvað hópferðabíla að vetri en sumri 2016 og t.d. nær helmingur gesta yfir helstu vetrarmánuðina fjóra en rúmlega 30% á jaðarmánuðunum.

Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mjög frá því að reglubundnar kannanir hófust hjá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) sumarið 1996. Þá skiptust ferðamenn nánast í tvo jafn stóra hópa; annar var í skipulagðri hópferð en hinn í ferð á eigin vegum. Þetta breyttist svo hratt á næstu árum þannig að sumarið 2003 voru 67% á eigin vegum, tveir af hverjum þremur, en 33% í hópferð. Sumarið 2011 var síðan staðan


Aukið sjálfstæði erlendra gesta helst í hendur við aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum og að sama skapi minni notkun á hópferðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra gesta sér hópferðabíll, 20% áætlunarbíll en 21% bílaleigubíll. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópferðabíll og bílaleigubíll (36-37%) en færri áætlunarbíll (27%). Sumarið 2016 notuðu hins vegar um 65% gestanna eitthvað bílaleigubíll í ferðum

2.3 Ferðamenn með skemmtiferðaskipum

Gott er að hafa í huga að ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Íslands hefur einnig fjölgað mikið á síðasta áratug. Þannig komu um 45 þúsund erlendir skemmtiferðaskipagestir til Íslands árið 2004 en 105 þúsund árið 2014, sem er 133% aukning. Samkvæmt tölum frá Faxaflóahöfnum fækkað þeim nokkuð árið 2015, eða í um 100 þúsund með 108 skipum og voru

síðan um 99 þúsund með 114 skipum árið 2016. Þessir ferðamenn dreifast einkum á mánuðina júní til september en koma einnig lítillega í maí. Áætlað er að fjöldi skemmtiferðaskipafarþega á Akureyri árið 2016 hafi verið um 75 þúsund.

Mynd 2.8 Fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum til Íslands 2004-2016



3.0 Þróun og staða ferðapjónustu, útivistar og umferðar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3


3.1 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Eyjafirði

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 151 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Eyjafjörð árið 2010, 223 þúsund árið 2013, 334 þúsund árið 2015 og 459 þúsund árið 2016 (sbr. mynd 3.9).³ Samkvæmt því fjölgaði þeim þrefalt frá 2010 til 2016 og um 37% frá 2015 til 2016. Þetta þýðir einnig að 27% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu í Eyjafjörð en 31% þeirra árið 2010. Miðað við það hefur hlutur Eyjafjarðar af gestum til Íslands dregist saman um 13% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Eyjafjörð hafi fjölgað úr 132 þúsund árið 2010 í 270 þúsund árið 2016, eða rúmlega tvöfalt. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Eyjafirði utan sumartíma mikið meira á sama árabili, úr 19 þúsund í um 189 þúsund, eða tífalt. Nær tvöföldun varð á gestum í Eyjafirði utan sumartíma á milli áronna 2015 og 2016 og munar þar mestu um gríðarmikla fjölgun í maí, september og október. Þá varð einni mikil fjölgun á milli ára í nóvember og desember. Hagstætt tíðarfar þessa mánuði hafði líklega mikið að segja.

Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Eyjafirði hefur lengst verulega á síðustu árum og að nú koma ferðamenn þangað í miklum mæli sex mánuði ársins, talsvert í mars og apríl en minnst í janúar og febrúar.

Mynd 3.1 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Eyjafjörð eftir mánuðum 2010, 2013, 2015 og 2016



2016	3,7	1,8	10,3	12,9	37,3	69,0	96,3	105,2	68,3	39,0	8,0	7,4
2015	2,9	1,2	13,4	9,7	14,5	42,2	102,1	95,5	33,2	13,3	4,3	1,9
2013	2,3	4,7	6,3	6,7	16,3	38,1	58,6	67,1	9,0	7,0	4,0	2,9
2010	1,0	0,2	2,4	2,5	2,7	21,8	52,6	57,4	7,6	2,5	0,2	0,2


³. Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir. Þeir voru líklega nálægt 75 þúsund til Akureyrar 2016. Að þeim meðtöldum má áætla erlenda gesti í Eyjafirði um 535 þúsund í fyrra.



Göngugatan á Akureyri.

Á mynd 3.2 má sjá áætlaðan fjölda og skiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Eyjafirði eftir mánuðum 2016 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 459 þúsund erlendum gestum þar hafi 284 þúsund gisti (62%) en 175 þúsund verið dagsgestir (38%). 63% erlendra sumargesta í Eyjafirði 2016 gistu og 61% þeirra sem komu utan sumars.

Mynd 3.2 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Eyjafirði eftir mánuðum 2016




Þeir 284 þúsund erlendu gestir sem gistu í Eyjafirði árið 2016 dvöldu þar að jafnaði í 1,75 nætur, en næturgestir árið 2015 í 2,0 nætur, árið 2013 í 2,3 nætur og árið 2010 í 1,8 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Eyjafirði áætlaðar 490 þúsund árið 2016, eða um 4,2% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 397 þúsund árið 2015, 286 þúsund árið 2013 og 166 þúsund árið 2010.⁴

Árið 2016 er áætlað að 40% erlendra gistinátta í Eyjafirði hafi verið utan sumars, 26% árið 2015, 29% árið 2013 og 14% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.3.

⁴. Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Eyjafjarðar áætlaðar og meðtaldar. Helsti gisti- staðurinn þar er Laugafell og þar hafa skráðar gistinætur síðust árin verið nálægt tvö þúsund. Auk þess gista ferðamenn nokkuð á hálendi Eyjafjarðar í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum.

Mynd 3.3

Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinguáttá í Eyjafirði að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015 og 2016



Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Eyjafjörð eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Eyjafjörð en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 18% gesta til Íslands árið 2016 en einungis 6,5% af erlendum gestum í Eyjafirði.

3.2 Erlendir ferðamenn og gistinguáttur í Þingeyjarsýslum

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010, 205 þúsund árið 2013, 326 þúsund árið 2015 og 443 þúsund árið 2016 (sbr. mynd 3.5).⁵ Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,1 falt frá 2010 til 2016 og um 36% frá 2015 til 2016. Þetta þýðir einnig að 26% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu í Þingeyjarsýslur en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hafa Þingeyjarsýslur misst um 10% af sinni hlutdeild á tímabilinu 2010 til 2016.


Sumarmánuðina er áætlað að erlendum gestum sem komu í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 263 þúsund árið 2016, 2,1 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum í sýslunum margfalt meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 180 þúsund, eða 11,2 falt.

Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Þingeyjarsýslum hefur lengst umtalsvert og að nú koma ferðamenn þangað einnig í miklum mæli að vori og hausti (maí, september og október) og talsvert í mars og apríl. Hins vegar gengur fremur hægt að fjölga ferðamönnum yfir

⁵. Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir en þeir voru líklega nálægt 80 þúsund til Akureyrar árið 2016. Samkvæmt upplýsingum frá Sérleyfisbílum Akureyrar fóru nálægt 50 þúsund þeirra (60%) í skoðunarferðir; þar af um 40 þúsund í Suður-Þingeyjarsýslu. Að þessum gestum meðtöldum má því áætla heildarfjölda erlendra gesta í Þingeyjarsýslum rúmlega 480 þúsund árið 2016.

dimmustu vetrarmánuðina, einkum þó í janúar og febrúar. Hagstætt tíðarfarar utan sumars árið 2016 hafði ótvírætt mjög jákvæð áhrif á komur ferðamanna í Þingeyjarsýslur.


Mynd 3.5 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Þingeyjarsýslur eftir mánuðum 2010, 2013, 2015 og 2016



2016	3,0	1,2	9,7	11,8	36,8	66,2	94,0	102,7	71,8	36,0	5,1	5,1
2015	2,6	0,6	12,6	9,2	13,5	42,9	97,4	96,5	34,4	11,4	3,4	1,5
2013	1,3	3,0	3,5	5,0	15,7	34,6	60,1	62,8	8,6	5,2	3,6	1,4
2010	1,0	0,3	2,1	2,2	1,3	20,4	50,4	56,5	6,7	1,7	0,2	0,2

Á mynd 3.6 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2016 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 445 þúsund erlendum gestum þar hafi 256 þúsund gisti (58%) en 189 þúsund verið dagsgestir (42%). Um 62% sumargesta gistu en 51% þeirra sem komu utan sumars.


Mynd 3.6 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2016



Dagsgestir	37%	75%	82%	69%	51%	39%	39%	37%	51%	21%	71%	73%
Næturgestir	63%	25%	18%	31%	49%	61%	61%	63%	49%	79%	29%	27%

Þeir 189 þúsund erlendu gestir sem gistu í Þingeyjarsýslum árið 2016 dvöldu þar að jafnaði 1,7 nætur en næturgestir árið 2015 í 2,0 nætur og í 2,2 nætur árin 2013 og 2010. Þannig eru erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum áætlaðar 443 þúsund árið 2016, um 3,8% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 351 þúsund árið 2015, 267 þúsund árið 2013 og 233 þúsund árið 2010.⁶ Árið 2016 er áætlað að 33% erlendra gistinátta í Þingeyjarsýslum hafi verið utan sumars (147 þúsund), 23% árið 2015, 11% árið 2013 og 8% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.7. Þannig hefur verulegur árangur náðst við að fjölga gistinóttum á svæðinu hlutfallslega utan sumars, einkum árið 2016.

Mynd 3.7 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta á láglandi Þingeyjarsýslna að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015 og 2016



Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Þingeyjarsýslur eftir markaðs-svæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Þingeyjarsýslur en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 18% gesta til Íslands árið 2016 en einungis 6% af erlendum gestum í Þingeyjarsýslum.

3.3 Innlendir ferðamenn í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum

Samkvæmt könnunum RRF má áætla að 45-48% Íslendinga hafi lagt leið sína í Eyjafjörð árið 2016 og um 30% hafi komið í Þingeyjarsýslur. Samkvæmt því má áætla að 137-146 þúsund Íslendingar hafi komið í Eyjafjörð árið 2016, allmargir í meira en eitt skipti yfir árið.⁷ Einnig má áætla að um 97 þúsund Íslendingar, fyrir utan heimamenn, hafi lagt leið sína í Þingeyjarsýslur árið 2016, sumir oftar

⁶ Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Þingeyjarsýslna áætlaðar og meðtaldar. Helstu gististaðir þar eru DrekaGil við Öskju og Herðubreiðarlindir. Þar hafa skráðar gistinætur undanfarin ár verið 6-8 þúsund, um þrefalt fleiri í DrekaGili en í Herðubreiðarlindum Auk þess gista ferðamenn talsvert á hálendi Þingeyjarsýslna í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum.


⁷ Til að forðast ofátlanir er miðað við 305 þúsund landsmenn af alls um 338 þúsund íbúum á Íslandi 1. janúar 2017, skv. tölum Hagstofu Íslands. Þannig eru m.a. um 25 þúsund manns sem búa í sveitarfélögum við Eyjafjörð ekki meðtaldir, enda heimamenn.

en einu sinni.⁸ Hlutfall Íslendinga sem lögðu leið sína á þessi svæði var talsvert hærra á árunum eftir bankahrunið og fram til 2014, þega 50-58% þeirra komu í Eyjafjörð og 35-40% í Þingeyjarsýslur. Utanlandsferðir landsmanna hafa aukist mikið á kostnað ferða innalands á síðustu 2-3 árum.

3.4 Allir ferðamenn í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum

Þegar á heildina er litið er áætlað að alls hafi um 680 þúsund ferðamenn lagt leið sína í Eyjafjörð árið 2016 og langflestir þeirra komið við á Akureyri. Þar af hafi erlendir ferðamenn sem komu til landsins með flugi eða Norrænu verið 459 þúsund (67%), erlendir ferðamenn með skemmtiferðaskipum um 80 þúsund (12%) og innlendir ferðamenn 137-146 þúsund (um 21%). Áætlað er að hlutfall Íslendinga af gestafjöldanum í Eyjafirði árið 2010 hafi verið 44%, en 21% árið 2016. Að sama skapi hækkaði hlutfall erlendra gesta úr 56% í 79% á sama árabili að skemmtiferðaskipagustum meðtöldum.

Mynd 3.9 Áætlaður fjöldi og hlutfall innlendra og erlendra ferðamanna í Eyjafirði 2010, 2013, 2015 og 2016




	2010	2013	2015	2016
Íslendingar	44%	34%	25%	21%
Skemmtiferðaskip	15%	16%	15%	12%
Erlendir, flug/ferja	41%	50%	60%	67%

Jafnframt er áætlað að alls hafi 580 þúsund ferðamenn lagt leið sína í Þingeyjarsýslur árið 2016. Þar af hafi erlendir ferðamenn sem komu til landsins með flugi eða ferju verið 443 þúsund (77%), erlendir ferðamenn með skemmtiferðaskipum um 40 þúsund (7%) og innlendir ferðamenn um 97 þúsund (um 16%). Áætlað er að hlutfall Íslendinga af gestafjöldanum í Þingeyjarsýslum árið 2010 hafi verið 40% en í 17% árið 2016. Að sama skapi hækkaði hlutfall erlendra gesta úr 60% í 83% á sama árabili að skemmtiferðagestum meðtöldum (sjá mynd 3.11).

⁸ Til að forðast ofátlanir er miðað við 325 þúsund landsmenn af alls um 338 þúsund íbúum á Íslandi 1. janúar 2017, skv. tölum Hagstofu Íslands. Þannig eru m.a. um 5 þúsund manns sem búa Þingeyjarsýslum ekki meðtaldir.

Mynd 3.10 Áætlaður fjöldi og hlutfall innlendra og erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum 2010, 2013, 2015 og 2016




	2010	2013	2015	2016
Íslendingar	40%	31%	20%	17%
Skemmtiferðaskip	10%	10%	9%	7%
Erlendir, flug/ferja	50%	59%	71%	76%


3.5 Umferðin frá Akureyri að Hólasandi 2010 og 2016

Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar jókst dagleg meðalumferð um hringveginn á mótis við Dagverðareyri í Eyjafirði, skammt norðan Akureyrar, um 21% á milli árána 2010 og 2016. Á sama árabili jókst umferðin um 30% á Víkurskarði, um 42% á hringveginum við Fnjóskárbrú, um 57% við Goðafoss, um 43% á Fljótshéiði og um 79% í Reykjadal ofanverðum og á Mývatnsheiði.⁹

Mynd 3.11 Hlutfallsleg aukning umferðar 2010 til 2016 á sex stöðum á hringveginum frá Akureyri að Reykjadal



Mynd 3.12 Daglegur meðalfjöldi bifreiða á sex stöðum á hringveginum og vegum nærri honum frá Akureyri að Reykjadal árin 2010 og 2016
Árdagssumferð (ÁDU)



2010	100%	56%	41%	27%	25%	20%		49%	5,6%	4,0%	5,7%
2016	100%	61%	47%	35%	29%	30%		41%	6,9%	5,2%	7,3%

⁹ Heimildir: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>

Hins vegar varð aukningin frá 2010 til 2016 aðeins um 2% á Eyjafjarðarbraut vestri frá hringvegi að Hrafnagili en hins vegar um 24% í Fnjóskadal við Vaglaskóg, um 60% á Bárðardalsvegi vestri við Hlíðarenda og um 55% á Hólsandi (miðjum Kísilvegi).

Þannig skilaði aukning á umferð um hringveginn við Akureyri sér samkvæmt þessu ekki inn í Eyjafjarðarsveit og aukning á umferð við Fnjóskárbrú ekki nema til rúmlega hálfis inn að Vaglaskógi (ekki eru til umferðartölur innar í Fnjóskadal). Ljóst er að stór hluti aukinnar umferðar á hringveginum er tilkominn vegna aksturs erlendra ferðamanna á bílaleigubílum og að þeim fjölgar hlutfallslega frá hringveginum við Akureyri (á móts við Dagverðareyri) eftir því sem nær dregur Mývatni. Hér til viðbótar má nefna að umferð á Hlíðarfjallsvegi, á milli Rangárvalla og skíðaskálans í Hlíðarfjalli, jókst um 36% á þessu árabili. Úr 270 bílum á dag árið 2010 í 368 bíla árið 2016.

3.6 Akureyri

Akureyri er meðal vinsælustu ferðamannastaða landsins og mest sótti þéttbýlisstaður á Norðurlandi. Nær allir ferðamenn sem leggja leið sína í Eyjafjörð hafa viðkomu á Akureyri. Þannig má áætla að af um 680 þúsund gestum í Eyjafirði árið 2016 hafi a.m.k. 650 þúsund komið við á Akureyri; þar af um 130 þúsund Íslendingar (allmargir oftast en einu sinni), um 440 þúsund erlendir ferðamenn með flugi eða ferju til Íslands og um 80 þúsund erlendir ferðamenn með skemmtiferðaskipum.

Samkvæmt Akureyrarstofu eru nú rúmlega 2.200 gistirými í bænum auk Airbnb gistingar (ársbyrjun 2018). Þar af eru sjö hótel með 573 herbergjum (1.177 gistirými), 22 gistiheimili með 285 herbergjum (725 rúm) og 19 staðir með gistingu í 71 íbúðum/húsum (319 rúm). Auk þess eru tjaldsvæði við Þórunnarstræti og við Hamra í Kjarnaskógi. Á Akureyri eru síðan 28 veitingastaðir, kaffihús, barir og skemmtistaðir með sæti fyrir um 3.200 manns. Auk þess starfa um 15 ferðaskrifstofur á Akureyri.¹⁰



Í hjarta Akureyrar.

¹⁰ Heimild: www.visitakureyri.is

Mikil umferð er um hringveginn nærri Akureyri vestan Eyjafjarðar og við Dagverðanes jókst hún um 21% frá árinu 2010 til 2016, úr að jafnaði 2.878 bílum á dag í 3.476 bíla. Umferðin um Víkurskarð jókst þó hlutfallslega enn meira á sama árabili, eða um 30%, úr 1.618 bílum á dag árið 2010 í 2.114 bíla árið 2016. Akureyrarflugvöllur er þriðji stærsti flugvöllur á landinu á eftir Keflavíkflugvelli (langstærstur) og Reykjavíkflugvelli. Árið 2016 fóru 183 þúsund innanlandsfarþegar um völinn, um 2% færri en árið 2010 þegar þeir voru um 188 þúsund. Þá fóru um 5.500 millilandafarþegar um Akureyrarflugvöll árið 2016.^{11 12}

Hvað afþreyingu varðar er skíðasvæðið í Hlíðarfjalli mikið sótt að vetrarlagi en útivistarsvæðið í og við Kjarnaskóg að sumarlagi. Sundlaug Akureyrar er afar vinsæl og mikið sótt allt árið um kring. Golfvöllurinn á Akureyri, Jaðarsvöllur, er einnig vinsæll, sem og Skautahöllin. Frá Akureyri eru í boði hvalaskoðun, jeppaferðir, köfunarferðir, fjölbreyttar skoðunarferðir o.fl.

Á Akureyri eru mörg söfn og skáldahús, m.a. Minjasafn Akureyrar, Listasafn Akureyrar, Flugsafn Íslands, Íðnaðarsafnið á Akureyri, Mótorhjólafn Íslands og Nonnahús. Miðstöð lista og menningar er í Menningarhúsinu Hofi en auk þess er listin í hávegum höfð hjá Leikfélagi Akureyrar, Sinfóníu-hljómsveit Norðurlands og í Listagilinu.

Um 25 árlegir viðburðir eru á Akureyri; m.a. *Andrésar Andar leikarnir* á skíðum, *Bíladagar*, *Arctic Open* golfmótið, *Pollamótið* í knattspyrnu og hátíðin *Ein með öllu* um verslunarmannahelgina.

Góðar reiðleiðir eru ofan byggðar á Akureyri út frá hesthúshverfum þar og þaðan suður í Eyjafjarðarsveit.

3.7 Eyjafjarðarsveit

Í Eyjafjarðarsveit er talsverð en fremur hægt vaxandi ferðaþjónusta. Þar eru um 10 gististaðir með pláss fyrir um 100 gesti og auk þess 8 staðir skráðir á Airbnb. Stærsti gististaðurinn er Lamb-inn á Öngulsstöðum með 17 herbergi og gistiþláss fyrir 38 manns. Aðrir staðir eru litlir og með gistirými fyrir 4-12 manns. Þannig má segja að gistiþláss sé fremur takmarkað í Eyjafjarðarsveit og enginn stór gististaður.

Í Hrafnagili, um 11 km sunnan hringvegarins, er þjónustumiðstöð sveitarinnar með tjaldsvæði og sundlaug. Handverkshátíðin í Hrafnagili, aðra helgina í ágúst ár hvert, er mest sótti viðburðurinn í Eyjafjarðarsveit. Jólagarðurinn og Kaffi kú eru einnig vinsælir áningarstaðir ferðamanna. Í sveitarfélaginu eru Álfagalleríið, Hestaleigan Kátur, golfvöllur við Þverá (Þverárvöllur), Smámuna-safn Sverris Hermannsonar o.fl.

¹¹ Heimild. www.isavia.is/files/flugtolur2016finalislenska.pdf

¹² Í tölum Isavia hver farþegi sem flýgur fram og til baka um flugvölinn tvítalinn, bæði við komu og brottför. Því er er það t.d. nærri lagi að segja að rúmlega 90 þúsund innanlandsfarþegar hafi flogið til eða frá Akureyri árið 2016 í 183 þúsund flugferðum. Einnig að nálægt 2.800 erlendir gestir hafi flogið beint á Akureyrarflugvöll í um 5.500 flugferðum.

Hægt er að fara í nokkrar fallegar mislangar hringleiði um dalinn þar sem Eyjafjarðará er þar brúuð á þremur stöðum. Í Eyjafjarðarsveit eru m.a. sex skoðunarverðar kirkjur, að Kaupangi, Munkaþverá, Möðruvöllum, Hólum, Saurbæ og Grund, þar af fjórar frá 19. öld en hina reistar snemma á 20. öld. Suður úr Eyjafjarðarsveit liggur hálendisvegur sem tengist inn á Sprengisandsleið þar sem hægt er að velja um hvort farið er áfram yfir í Skagafjörð, á Suðurland eða yfir í Bárðardal í Þingeyjarsýslu.

Mikil umferð er um Eyjafjarðarsveit en minnkar eðlilega eftir því sem innar dregur þar sem rúmlega 40 km eru frá hringveginum og að innstu byggð. Þannig fóru að jafnaði 1.426 bílar á dag um Eyjafjarðarbraut vestri að Hrafnagili árið 2016 en 710 bílar um sama veg sunnar Hrafnagils. Það vekur athygli að umferð um Eyjafjarðarbraut vestri jókst aðeins um 8% á milli árána 2010 og 2016 en um 21% norðan Akureyrar (á móts við Dagverðareyri). Það bendir til þess að aukning í umferð ferðamanna í Eyjafjarðarsveit á þessu árabili hafi þar orðið minni en á hringveginum sjálfum.

Góðar reiðleiðir liggja beggja vegna Eyjafjarðará og þéttast þær eftir því sem sunnar dregur. Tvær megin reiðleiðir liggja á milli Eyjafjarðarsveitar og Fnjóskadals. Sú nyrðri fer um Bíldsárskarð, nærri fyrirhugaðri Hólasandslínu 3, en hin um Gönguskarð og Bleiksmýrardal niður í Fnjóskadal. Um Bíldsárskarð liggur jafnframt gömul þjóðleið sem göngumenn, fólk á mótörhjólum og fjallareiðhjólum fara einnig um.

Eyjafjarðará er allvinsæl og þar veiðast jafnt urriði sem bleikja. Samkvæmt upplýsingum veiðiréttthafa, Veiðifélagi Eyjafjarðará, stunduðu um 630 manns veiði í ánni sumarið 2017, þar af voru um 90% Íslendingar en 10% erlendir veiðimenn. Karlar voru um 85% veiðimanna en konur 15%. Alls voru skráðir um 1000 veiddir fiskar í Eyjafjarðará árið 2017.

Gæsaveiði er talsvert stunduð í Eyjafjarðarsveit en rjúpnaveiði nokkuð stunduð. Á Vaðlaheiði er hins vegar talsverð rjúpnaveiði en engin gæsaveiði.

3.8 Fnjóskadalur sunnan hringvegjar

Fnjóskadalur er gróðursæll og víða skógi vaxinn. Skammt sunnan hringvegjarins, austan Fnjóskár er Vaglaskógur, annar stærsti skógur landsins, um 300 hektarar. Skógurinn er vinsæll áfangastaður að sumarlagi með gott tjaldsvæði að Vöglum, fjölbreytta göngustíga og aðra þjónustu fyrir ferðamenn. Á tjaldsvæðinu Systragili sem er í landi Hróarsstaða er pláss fyrir um 40 tjöld. Á Hróarsstöðum er einnig Gistiheimilið Rjúpan með 5 herbergi og 9 rúm. Innarlega í dalnum að vestanverðu eru Illugastaðir. Þar er orlofsbyggð stéttarfélag, alls 32 hús, hvert með pláss fyrir 6-8 manns, þjónustumiðstöð, sundlaug og aðra afþreyingarmöguleika. Í Fnjóskadal sunnan hringvegjar eru einnig um 100 sumarhús, langflest í einkaeigu og flest í dalnum austanverðum. Lundsvöllur er níu holu golfvöllur skammt sunnan Vaglaskógar með nýlegu klúbbhúsi sem rúmar 55 manns.



Sumarhús í landi Reykja, innsta bæjar í Fnjóskadal.

Innsti bær í Fnjóskadal sem enn er í byggð er Reykir, um 20 km innan við hringveginn. Þar er jarðhiti hita-og vatnsveita sem er nýtt af Norðurorku. Einnig eru á jörðinni nokkur sumarhús og lóðir fyrir nokkur í viðbót. Þar fyrir sunnan kvíslast dalurinn í þrjá dali; Timburvalladal, Hjaltadal og Bleiksmýrardal. Byggð sem áður var í þessum dölum er löngu farin í eyði, en útivistarfólk leggur talsvert leið sína um þessa eyðibyggð þar sem eru skemmtilegar gönguleiðir. Út frá Sörlastöðum liggja einnig áhugaverðar reiðleiðir inn í þessa dali.

Eins og áður sagði jókst umferð á hringvegnum við Fnjóskárbrú um 42% frá árinu 2010 til 2016 samkvæmt tölum Vegagerðarinnar. Hlutfallsleg aukning á umferð frá hringvegnum að Vaglaskógarvegi var mun minni á sama árabili, eða 24%.¹³ Af því má draga þá ályktun að fjölgun ferðamanna sem lögðu leið sína í Fnjóskadal sunnan hringvegar hafi verið minni en um hringveginn við Fnjóskárbrú. Um 15% af umferð um hringveginn árið 2010 fór inn í Fnjóskadal en 13% árið 2016.

Reiðleið liggur um Fnjóskadal austan Fnjóskár frá Vaglaskógi til Sörlastaða, yfir Hellugnúpsskarð og í Bárðardal. Þetta er forn þjóðleið, um 15 km frá Sörlastöðum að Stóru-Völlum, sem gengur undir nafninu *Inn yfir fjall*. Einnig er reiðleið vestan Fnjóskár frá Illugastöðum að Sörlastöðum. Jafnframt liggja reiðleiðir eins og áður sagði úr Fnjóskadal yfir Bíldsárskarð í Eyjafjörð og suður Bleiksmýrardal um Gönguskörð og Garðsárdal í Eyjafjörð. Loks liggur reiðleið úr Fnjóskadal um gamla veginn yfir Vaðlaheiði í Eyjafjörð. Um þessar leiðir flestar fer fólk einnig nokkuð í gönguferðir og á fjallareiðhjólum eða torfærumótorhjólum.

Fnjóská er lengsta dragá landsins, um 117 km. Þar voru skráðir um 530 veiddir fiskar árið 2017, þar af var bleikja um 60% aflans en urriði og lax um 20% hvor tegund. Af þessum fiskum veiddust aðeins 45 sunnan hringvegar á veiðisvæði 4 (efsta laxveiðisvæðið) og 5 (silungs-veiðisvæði). Samkvæmt veiðiréttthafa stunduðu um 100 manns veiði sunnan þjóðvegar sumarið 2017, þar af um 95% Íslendingar en 5% erlendir veiðimenn. Karlar voru um 90% veiðimanna en konur 10%.

Rjúpnaveiði er talsvert stunduð í Fnjóskadal en gæsaveiði heldur minna.

¹³ Ekki eru til umferðartölur innar í Fnjóskadal.

3.9 Bárðardalur sunnan hringvegjar

Bárðardalur er einn lengsti byggði dalur á Ísland, um 45 km. Þar af um 40 km frá hringvegi að Aldeyjarfossi. Skjálfafljót rennur eftir honum endilöngum. Helstu gististaðir frá hringveginum og suður úr eru Gistiheimilið á Fosshóli við Goðafoss (45-50 rúm), opið 15. maí - 15. september og Gistiheimilið að Kiðagili (um 40 rúm), opið 1. júní - 1. september. Veitingasalir og tjaldsvæði eru á báðum stöðunum. Þá er gisting fyrir allt að 15 manns að Stórutungu, sex í gistiheimilinu að Sandhaugum (2017) og fimm í sumarhúsi við bæinn Lundarbrekku. Alls um 110 gistirými. Gistþjónusta í Bárðardal er því enn nær alfarið bundin við sumartímann þrátt fyrir að ferðamenn komi í auknum mæli allt árið að stöðum í nágrenninu s.s. að Goðafossi og í Mývatnssveit. Við Goðafoss er verslunin og veitingastaðurinn Goðafossveitingar sem opin er allt árið og í sama húsnæði er Goðafossmarkaður sem opin er yfir sumartímann.

Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar jókst dagleg meðalumferð um hringveginn á mótis við Goðafoss um 57% á árabílinu 2010 til 2016 og hlutfallslega svipað um Bárðardal sjáfan sunnan hringvegjarins. 8-9% af umferðinni um hringveginn við Goðafoss árið 2010 fór eitthvað inn í Bárðardal og svipað hlutfall árið 2016.

Reiðleið liggur um Bárðardal sunnan þjóðvegjar vestan Skjálfafljóts og allt inn á Sprengisandsleið. Út frá henni liggja reiðleiðir um Hellugnúpsskarð yfir í Fnjóskadal eins og áður er getið. Einnig er reiðleið um Fljótsheiði yfir að Einarstöðum í Reykjadal og önnur sem fer inn með Bárðardal að austanverðu yfir Fljótsheiði og að Mátvatni í Reykjadal.

Lítilsháttar veiði er í Skjálfafljóti frá Goðafossi að Aldeyjarfossi (svæði B). Þannig voru þar skráðir 14 veiddir urriðar árið 2017. Veiðirétthafi telur að þá hafi um 25 manns veitt á svæðinu, allt Íslendingar. Um 90% veiðimannanna voru karlar. Svartá í Bárðardal er þverá Skjálfafljóts og vinsæl urriðaveiði.

Í Bárðardal er besta rjúpnaveiðisvæðið nærri fyrirhugaðri Hólasandslínu samkvæmt vönum skotveiðimönnum. Þar er einnig talsverð gæsaveiði. Fremur lítil gæsa- og rjúpnaveiði er hins vegar á Fljótsheiði.

3.9.1 Goðafoss




Í úðanum frá Goðafossi.

Fjölsóttasti ferðamannastaðurinn í nágrenni fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3 fyrir utan Akureyri er Goðafoss. Hann er jafnframt mest sótt ferðamannastaður í Þingeyjarsýslum ásamt Mývatnssveit en Dettifoss kemur þar á eftir.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 141 þúsund erlendir ferðamenn með flugi eða ferju til Íslands hafi komið að Goðafossi árið 2013, 215 þúsund árið 2014, 245 þúsund árið 2015 og 370 þúsund árið 2016 (sbr. mynd 3.13). Samkvæmt því fjölgaði þeim 2,6 falt frá 2013 til 2016 og um 50% frá 2015 til 2016, langmest utan sumartíma. Þetta þýðir að um 21% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu að Goðafossi 18% þeirra árið 2013. Samkvæmt því hefur Goðafoss aukið hlutdeild um 16% á frá 2013 til 2016.

Mynd 3.13 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna með flugi og ferju að Goðafossi eftir mánuðum 2013, 2014, 2015 og 2016



2016	2,7	1,0	6,8	10,4	30,4	52,4	79,9	86,0	60,0	33,0	3,7	3,8
2015	2,6	2,3	9,9	7,9	11,8	30,0	68,8	70,6	28,5	8,8	3,8	0,8
2014	1,6	0,6	1,1	8,5	22,0	42,6	61,7	58,2	11,1	3,5	2,5	1,6
2013	1,0	2,2	3,6	3,9	10,0	22,2	40,5	45,3	5,5	3,6	2,4	0,5

Þá er áætlað að um 40 þúsund skemmtiferðaskipagestir hafi skoðað Goðafoss árið 2016. Að þeim meðtöldum má áætla heildarfjölda erlendra gesta að Goðafossi um 410 þúsund árið 2016.

Skipting erlendra ferðamanna við Goðafoss er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2016. Erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Þingeyjarsýslur en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 18% gesta til Íslands árið 2016 en einungis 5,5% af erlendum gestum að Goðafossi.

Þá er áætlað að um 80 þúsund Íslendingar hafi lagt leið sína að Goðafossi árið 2016 eða alls um 490 þúsund ferðamenn. (Auk þess 370 þúsund erlendir ferðamenn sem komu til landsins með flugi eða ferju og um 40 þúsund erlendir skemmtiferðaskipafarþegar).

3.9.2 Aldeyjarfoss

Samkvæmt könnunum RRF má áætla að 13-15 þúsund erlendir ferðamenn hafi lagt leið sína að Aldeyjarfossi efst í Bárðardal árið 2014, yfir 21-23 þúsund árið 2015 og 19-21 þúsund árið 2016. Þar af hafi 70-80% þeirra komið þangað yfir sumarmánuðina þrjá, júní-ágúst, en 20-30% utan sumars.

Þá er áætlað að 8-10 þúsund Íslendinga hafi lagt leiðs sína að Aldeyjarfossi hvert þessara ára. Heildarfjöld ferðamanna að Aldeyjarfossi hafi því verið 21-15 þúsund árið 2014, 29-33 þúsund árið 2015 og 27-31 þúsund árið 2016. Af þeim hafi 60-70% því verið erlendir ferðamenn en 30-40% Íslendingar.

Af Íslendingum kom fólk yfir 35 ára þangað frekar en þeir sem yngri voru og landsbyggðarfólk mun frekar en íbúar á höfuðborgarsvæðinu.

3.10 Reykjadalur við hringveginn

Hringvegurinn liggur um ofanverðan Reykjadal, frá Einarstöðum að Brún, um 10 km vegalengd. Þar eru nú um 14 gististaðir með um 340 gistirými (af þeim um 220 allt árið). Gistiheimilið Narfastaðir (94 rúm) og sumarhótelid á Laugum (114 rúm) eru langstærstir, með um 60% af gistingunni. Minni gististöðum/gistiheimilum og smáhýsum fjölgað verulega á allra síðustu árum. Tvö tjalðsvæði eru á þessu svæði, við Lauga og hjá Lífsmótun. Ekkert afgerandi aðdráttarafli er á þessu svæði fyrir ferðamenn en að sumarlagi er sundlaugin að Laugum vel sótt sem og veitingaþjónusta í Dalakofanum. Þá eru í boði jeppaferðir.

Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar jókst dagleg meðalumferð um hringveginn á Fljótsheiði um 43% á árabílinu 2010 til 2016 en mun meira, eða um 79%, í innanverðum Reykjadal og á Mývatnsheiði. Er það mesta hlutfallslega aukning á þessu tímabil á þjóðveginum frá vestanverðum Eyjafirði og að Mývatnsheiði.

Reiðleið liggur um Reykjadal austanverðan frá Vestmannsvatni og suður að Mávvatni. Út frá henni liggja tvær reiðleiðir yfir í Laxárdal, annars vegar frá Stóru Laugum og að Þverá og hins vegar frá Mávvatni um Laxárdalsheiði að Ljótstöðum eða Brettingsstöðum. Þá er reiðleið frá Einarstöðum um Fljótshéiði og yfir í Bárðardal og önnur frá Mávvatni um Stafnsholt og yfir í Fnjóskadal eins og áður var nefnt.

Nokkur veiði er í Reykjadalssá. Samkvæmt veiðiréttthafa veiddu um 60 manns í ánni árið 2017, um 70% erlendir veiðimenn en 30% Íslendingar. Um 80% veiðimannanna voru karlar en 20% konur.

Reykjadalur innanverður er helsta gæsaveiðisvæðið nærri fyrirhugaðri Hólasandslínu 3 samkvæmt vönnum skotveiðimönnum. Hins vegar er rjúpnaveiði þar fremur lítið stunduð.

3.11 Laxárdalur



Gamli torfbærinn að Þverá í Laxárdal.

Laxárdalur í Þingeyjarsýslu nær frá Laxárvirkjun og upp í Mývatnssveit, um 30 km leið. Hann opinn í báða enda en þó er ekki akvegur í gegnum hann. Að margra mati er Laxárdalur sannkölluð náttúruperla með Laxá, úfið hraun, kjarr, fjölbreyttan gróður og mikið fuglalíf sem sitt einkennismerki. Laxá í Laxárdal er þekkt fyrir að vera ein besta urriðaveiðiá Íslands og í Evrópu. Um stóran hluta dalsins, þ.e. 200 metra frá bökkum Laxár beggja vegna, gilda *Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004*. Markmið þeirra laga „er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.“ Varastaðskógur er sjálfsprottinn birkiskógur í landi Ljótstaða, um 9 hektarar að stærð. Hann er á náttúruminjaskrá og að hluta friðlýstur samkvæmt áðurnefndum lögum.

Nú er einungis föst búseta á þremur bæjum í Laxárdal: Árhólum, Auðnum og Þverá. Hús eru auk þess nýtt til sumardvalar í Árhvammi, Kasthvammi, á Hólum, Birningsstöðum og Halldórsstöðum. Þá er unnið að því að gera upp íbúðarhúsið á Ljótstöðum sem síðast var búið í árið 1966.

Að Árhólum í Laxárdal eru tvö nýleg smáhýsi/fjórar gistieiningar (Laxárdalur Cabin) með pláss fyrir allt að 16 manns. Þá er gisting fyrir allt að 24 í veiðihúsinu að Rauðhólum. Talsvert er um heimsóknir ferðamanna í torfbæinn að Þverá (+/- 500 manns á ári) sem er afar vel varðveittur og er í umsjá Þjóðminjasafns Ísland og í Þveráarkirkja sem byggð var árið 1878. Báðar þær byggingar eru friðaðar. Aðrar markverðar byggingar í Laxárdal eru steinhlaðið hús að Hólum, byggt 1885-1890, og stórt tvíbýlishús að Halldórsstöðum frá 1893. Einnig er talsvert um gestakomur í húsið á Ljótstöðum sem nú er verið að gera upp en hefur verið opið almenningi. Þar er gestabók. Skemmtilegar gönguleiðir eru eftir dalnum endilöngum. Sú vinsælasta liggur úr Mývatnssveit, um Brettingsstaði og að Ljótstöðum.

Ekki hafa verið gerðar mælingar á umferð um Laxárdal þar sem hann er héraðsvegur en ljóst að hún er lítil utan sumars en nokkur að sumarlagi. Hvorki gegnumakstur né hringakstur er mögulegur í dalnum, utan að hægt er að komast á jeppum/ jepplingum um Laxárdalsheiði frá Ljótstöðum að Másvatni. Sú leið er þó lokuð umferð enda einungis niðurgrafinn slóði. Þá liggur jeppaslóði, sem einnig nýtist sem reiðgata og göngustígur úr Mývatnssveit og til eyðibýlisins Brettingsstaða. Göngubrú liggur yfir Laxá á milli Brettingsstaða og eyðibýlisins Hólkots, upprunalega frá 1902 en endurbyggð árið 1932.

Reiðleið liggur inn allan Laxárdal að vestanverðu og upp í Mývatnssveit (um 30 km). Þá er reiðleið frá Þverá í Laxárdal að Stóru Laugum í Reykjadal og önnur frá Ljótstöðum eða Brettingsstöðum um Ljótstaðaheiði að Másvatni, eins og áður var nefnt.

Í Laxá í Laxárdal er eitt besta og vinsælasta urriðaveiðisvæði landsins og þó víðar væri leitað svo sem áður var getið. Samkvæmt upplýsingum frá veiðiréttshafa, Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, stunduðu um 720 manns veiði þar sumarið 2017, þar af voru um 65% erlendir ferðamenn en 35% Íslendingar. Karlar voru um 75% veiðimanna en konur 25%.

Nokkur rjúpnaveiði er stunduð í Laxárdal en lítil gæsaveiði.

3.12 Hólasandur


Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar jókst umferð um Kísilveginn á Hólasandi um 55% frá 2010 til 2016. Engin ferðapjónusta er á Hólasandi.

Frá Hólasandi liggja reiðleiðir að Þeistareykjum og í Kelduhverfi. Engin reiðleið er þaðan yfir í Laxárdal. Nokkuð er um jeppaferðir út frá Hólasandi og eins vélsleðaferðir á vetrum.

Á Hólasandi er nokkur rjúpnaveiði en engin gæsaveiði.

3.13 Staðir sem erlendir ferðamenn við Goðafoss heimsóttu

Í vettvangskönnuninni meðal erlendra gesta við Goðafoss haustið 2016 var sýnt meðfylgjandi kort af svæði í nágrenni við fyrirhugaða Hólasandslínu 3 með alls 22 stöðum. Var fólk beðið að merkja við þá staði sem það hafði heimsótt í ferðinni eða sem það áformaði að heimsækja það sem eftir lifði ferðar. Var þetta gert til að átta sig á ferðamynstri svarenda á svæði í allt að 1,5 klukkustunda akstursfjarlægð frá áformuðu framkvæmdasvæði. Svo sem sjá má höfðu/ætlðu flestir að hafa viðkomu á Akureyri, en síðan við Dettifoss, Reykjahlíð og Hverarönd í Mývatnssveit. Fæstir fóru/ætlðu að Öskju, Aldeyjarfossi, Grenivík og Hrafnabjargafossi.




Kort í gestakönnun haustið. Hlutfall gesta að einstökum stöðum.

Verkfræðistofan Efla 2016.

Þetta sést síðan betur á mynd 3.15.

Mynd 3.15 Staðir sem svarendur höfðu komið á í ferðinni, fyrir utan Goðafoss, eða áformuðu að gera¹⁴



Sérstaklega komi til að skoða ákveðna staði eða fyrirbrigði

55 nefndu staði eða fyrirbrigði sem þeir komu sérstaklega til að skoða á svæðinu. Af þeim nefndu 37 Goðafoss (20 manns), Dettifoss (9) eða fossa almennt (8), eða 67%. Þá nefndu 23 Mývatn (42%), átta Húsavík, sex nefndu Akureyri, þrjár eldfjöll og tveir Dimmuborgir, jökla eða hella. Auk þess var eftirtalið nefnt í eitt skipti: Jökulsárgljúfur, Vatnajökulspjóðgarður, Siglufjörður, Dalvík, Askja, Ásbyrgi, Grjótagjá, strandlengjan, Aldeyjarfoss og hverir.


¹⁴. 20% svöruðu spurningunni ekki.

3.14 Ástæður fyrir komu erlendra ferðamanna

Erlendir ferðamenn í gestakönnuninni við Goðafoss voru spurðir um ástæður komu á svæðið sem sýnt var á korti í könnuninni og náði yfir Eyjafjörð og mestalla Þingeyjarsýslu (sjá kafla 3.13). Var fólk beðið um að merkja við 13 þætti; hvort þeir hefðu verið mjög mikilvægir, fremur mikilvægir, fremur léttvægir eða skiptu ekki máli. Auk þess var hægt að nefna annað.

Allir svarendur voru sammála því að það að njóta náttúrunnar var mjög eða fremur mikilvæg ástæða komu á svæðið en síðan að njóta útiveru og kyrrðar. Sjá nánar á mynd 3.16.

Mynd 3.16 Ástæður fyrir komu erlendra ferðamanna á svæðið




3.15 Útivist og afþreying í nágrenni við Hólasandslínu 3

3.15.1 Útivist íbúa

Íbúar voru spurðir hvort þeir hefðu stundað útivist á síðustu 12 mánuðum á svæðum í nágrenni við fyrirhugaða Hólasandslínu 3 (loftlínukostur) Svæðin voru: við Akureyri, Eyjafjörður, Vaðlaheiði, Fnjóskadalur, Bárðardalur, Fljótsheiði, Reykjadalur, Laxárdalur og Hólasandi. Svarmöguleikar voru: oft, stundum og aldrei.

Niðurstaðan er sú að 76% kváðust oft eða stundum hafa stundað einhverja útivist við Akureyri á síðustu 12 mánuðum, 69% oft eða stundum í Eyjafirði, 54% á Vaðlaheiði og jafn margir í Fnjóskadal, 35% oft eða stundum í Bárðardal, 30% í Reykjadal, 23% á Fljótsheiði, 20% í Laxárdal og 13% á Hólasandi.

Mynd 3.17 Útivist íbúa síðustu 12 mánuði - eftir svæðum




Í töflu 3.1 eru niðurstöður greindar nánar eftir kyni, aldurshópum, búsetu og eftir því hvort viðkomandi eiga land að fyrirhugaðri línuleið eða ekki.

Tafla 3.1 Útivist eftir svæðum nærri fyrirhugaðri háspennulínu síðustu 12 mánuði
eftir kyni, aldri, búsetu og landi að línustæði eða ekki

%	Við Akureyri			Eyja-fjörður			Vaðla-heiði			Fnjóska-dalur			Bárðar-dalur			Reykja-dalur			Fljótshéiði			Laxár-dalur			Hóla-sandur		
	Oft	Stundum	Aldrei	Oft	Stundum	Aldrei	Oft	Stundum	Aldrei	Oft	Stundum	Aldrei	Oft	Stundum	Aldrei	Oft	Stundum	Aldrei	Oft	Stundum	Aldrei	Oft	Stundum	Aldrei			
Kona	52	26	22	41	29	30	20	33	47	13	43	44	5	26	69	9	21	70	6	14	80	3	14	83	1	7	92
Karl	48	27	25	40	28	32	21	33	46	15	37	48	14	25	61	11	20	69	8	17	75	4	18	78	1	16	83
18-35 ára	64	19	17	43	23	34	15	49	36	13	38	49	7	21	72	8	13	79	8	13	79	6	7	87	2	4	94
36-55 ára	60	25	15	47	33	20	23	35	42	18	46	36	6	32	62	11	17	72	7	17	76	4	16	80	2	15	83
> 55 ára	34	31	35	34	26	40	20	26	54	11	34	55	14	21	65	10	26	64	7	16	77	2	19	79	0	11	89
Akureyri	75	18	7	43	37	20	19	45	36	12	42	46	3	26	71	4	19	77	3	13	84	0	14	86	1	12	87
Eyjafj.sveit	52	30	18	68	23	9	33	31	36	12	46	42	6	26	68	4	21	75	2	12	86	4	21	75	1	10	89
Þing.sýsla	12	35	53	5	24	71	7	21	72	19	30	51	23	25	52	26	21	53	18	24	58	26	21	53	1	14	85
Land að línu	32	38	30	39	24	37	21	30	49	18	43	39	21	27	52	20	21	59	18	18	64	9	17	74	2	13	85
Ekki land	54	24	22	41	30	29	20	34	46	12	40	48	6	25	69	8	20	72	4	16	80	2	16	82	1	12	87
Meðaltal	49	27	24	41	28	31	21	33	46	14	40	46	10	25	65	10	20	70	7	16	77	4	16	80	1	12	87

Spurt var um hvers konar útivist fólk hefð stundað nærri fyrirhugaðri Hólasandslínu á síðustu 12 mánuðum og nefndir 16 afþreyingarmöguleikar. Auk þess gátu svarendur nefnt annað. Flestir höfðu farið í bíltúr með stuttri göngu (74%) en fæstir í lengri gönguferð með leiðsögn (5%). Sjá nánar á mynd 3.18.

Mynd 3.18 Tegund útivistar íbúa nærri fyrirhugaðri Hólasandslínu 3 á síðustu 12 mánuðum




Tafla 3.2 Tegund útivistar íbúa nærri fyrirhugaðri háspennulínu síðustu 12 mánuði eftir kyni, aldri, búsetu og landi að línustæði eða ekki

%	Bíltúr og stutt ganga	Lengri ganga sjálfur	Tína ber	Snjósleðaferð/skiði	Jeppaferð	Fuglaskoðun	Ljósmyndun	Plöntuskoðun	Skoða menn. minjar	Reiðhjólaferð	Stangveiði	Skotveiði	Hestaferð	Jarðfræðiskoðun	Mótorhjólaferð	Ganga með leiðsögn
Kona	76	51	60	35	23	27	26	25	18	17	8	6	9	6	5	5
Karl	71	45	35	37	38	22	22	15	16	17	17	17	11	9	9	4
18-35 ára	71	48	36	44	35	19	34	15	17	19	9	8	10	4	8	6
36-55 ára	80	53	50	48	26	25	24	21	17	23	16	21	12	5	12	3
> 55 ára	67	43	47	21	33	25	21	21	17	10	10	3	7	11	2	6
Akureyri	81	46	44	36	19	15	20	10	10	18	10	10	5	5	10	3
Eyjafjarðarsveit	72	57	46	35	29	30	26	30	18	21	13	13	11	9	7	9
Þingeyjarsýsla	64	41	52	38	47	30	27	22	24	12	14	11	17	10	4	3
Land að línu	72	51	54	42	45	43	39	36	31	12	22	15	22	18	3	8
Ekki land	74	47	45	34	27	19	21	15	13	18	10	10	7	5	8	4
Meðaltal	74	47	47	36	30	24	24	20	17	17	12	11	10	8	7	5

Svo sem sjá má höfðu konur mun frekar en karlar stundað berjatíslu og plöntuskoðun í nágrenni fyrirhugaðs línustæðis en karlar hins vegar frekar stundað skotveiði, stangveiði og farið í mótörhjólaferð. Yngra fólkið, 18-35 ára, hafði frekar stundað ljósmyndun en þeir eldri. Þeir sem voru 36-55 ára voru virkastir í útivistinni og fóru t.d. meira í bíltúr og styttri göngur, lengri göngur á eigin vegum, reiðhjólaferðir, stangveiði, skotveiði og mótörhjólaferðir en fólk í öðrum aldurs-
hópum. Fólk yfir 55 ára stundaði fremur jarðfræðiskoðun en þeir sem yngri voru.

Íbúar á Akureyri stunduðum meira bíltúra með styttri gönguferðum en íbúar í Eyjafjarðarsveit eða Þingeyjarsýslu. Íbúar í Eyjafjarðarsveit fóru hins vegar meira í lengri gönguferðir á eigin vegum en íbúar hinna svæðanna og stunduðu einnig fremur plöntuskoðun, reiðhjólaferðir og lengri göngur með leiðsögn. Íbúar í Þingeyjarsýslu tíndu frekar ber en íbúa hinna svæðanna tveggja, fóru einnig frekar í jeppaferð, skoðuðu menningarminjar eða fóru í hestaferð.

Mynd 3.18 Tegund útivistar íbúa nærri fyrirhugaðri Hólasandslínu 3 á síðustu 12 mánuðum - eftir búsetu íbúa



Þeir svarendur sem töldu sig eiga land að fyrirhuguðu línustæði Hólasandslínu stunduðu meira 13 tegundir útivista þar nærri en þeir sem ekki átti land að línustæðinu. Þeir sem ekki átti land að línustæðinu stunduðu hins vegar meira reiðhjólaferðir og mótörhjólaferðir þar nærri og ívið frekar bíltúra með styttri gönguferðum.


Önnur útivist sem nefnd var:

Smala fé (x 9), útihlaup (x 5), njóta náttúrunnar (x 4), dorgveiði (x 2), tína fjallagrös, skógarhögg.

3.15.2 Afþreying erlendra ferðamanna

Erlendu ferðamennirnir við Goðafoss í september 2016 voru spurðir um afþreyingu á svæðinu á kortinu hér að framan, þ.e. í Eyjafirði og mestallri Þingeyjarsýslu, alls 15 þætti. Flestir þeirra höfðu stundað gönguferðir á svæðinu eða áformuðu það (78%) en síðan ljósmyndun (73%) og Jarðböðin í Mývatnssveit (63%). Fæstir höfðu farið í skoðunarferð með leiðsögn (3%) eða í stangveiði (3%). Sjá nánar mynd 3.19.

Mynd 3.19 Afþreying á svæðinu sem kortið spannar



3.15.3 Fjöldi stangveiðimanna 2015-2017

Meðal þeirra níu sem tóku þátt í könnuninni um stangveiði voru fjórir búsettir í Suður-Þingeyjarsýslu, þrír á Eyjafjarðarsvæðinu og tveir í Reykjavík. Eins og áður segir var spurt um Eyjafjarðará, Fnjóská, Skjálfandafljót (svæði B), Reykjadalssá og urriðasvæðið í Laxá í Laxárdal. Meðal annars var spurt um fjölda veiðimanna í ánum árin 2015, 2016 og 2017. Niðurstaðan er sú að áberandi flestir stunduðu veiði í Laxá í Laxárdal og í Eyjafjarðará, mun færri í Fnjóská og Reykjadalssá en flestir í Skjálfandafljóti. Að öllu samanlögðu töldu veiðiréttshafar að um 1.538 manns hefðu stundað veiðar í ánum árið 2017, um 1.777 árið 2016 og um 1.255 árið 2015.

Tafla 3.3 Fjöldi stangveiðimanna í ánum árin 2017, 2016 og 2015

Fjöldi	2017	2016	2015
Eyjafjarðará	633	412	400
Fnjóská	100	100	100
Skjálfandafljót (svæði B)	25	25	25
Reykjadalsá	60	100	100
Laxá í Laxárdal	720	540	630
Alls	1.538	1.177	1.255

3.16 Staðir nærri Hólasandslínu 3 sem skipta máli fyrir starfsemina

Pátttakendur meðal fagfólks í ferðaþjónustu voru spurðir hvaða staði/svæði nærri fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3 skiptu mestu máli fyrir starfsemi þeirra. Voru þeir beðnir um að nefna allt að fjóra staði. 16 svarendur, eða helmingur þeirra, nefndi einhverja staði eða svæði sem hér segir:


- Akureyri (x5)
- Reykjadalur (x4)
- Fnjóskadalur (x4)
- Eyjafjörður (x4)
- Ákveðnir bæir í Eyjafirði (x4)
- Kjarnaskógur (x2)
- Aðrir útivistarstaðir við Akureyri (x5)
- Laxárdalur/Laxárdalsheiði (x2)
- Sunnan flugbrautar/flugvöllurinn (x2)
- Vaðlaheiði
- Fljótshéiði

3.17 Uppáhaldsstaðir í nágrenni Hólasandslínu 3

Í könnuninni meðal íbúa var spurt um staði/svæði nærri fyrirhugaðri Hólasandslínu sem fólk hefði mestar mætur á. Voru svarendur beðnir um að nefna allt að fjóra staði. Um 63% þeirra svöruðu spurningunni (202) en 37% ekki (128). Niðurstöðuna má sjá á mynd 3.20.

Mynd 3.20

Uppáhaldsstaðir íbúa nærri línuleiðinni



Nefnt 2-6 skipti: Eyjafjarðará/-hólmar/-ósar (x6), Hlíðarfjall (x6), Kaupangur (x6), Naustaborgir (x4), Bíldsárskarð (x4), Laxá (x3), Súlumýrar (x3), flugvöllurinn (x3), Mývatn (x3), Víkurskarð (x2), Másvatn (x2), Þórustaðir (x2), Sörlastaðir í Fnjóskadal (x2), Heiðarsel (x2).

Nefnt einu sinni: Fellshlíð á Fljótsheiði, Gaflsland, Stafshverfiði í Reykjadal, Teigur, golfvöllurinn við Þverá, fyrir ofan Fanngil, Einbúi, Þverá, fossinn í Bíldsá, Fiskilækjargil, Garðsárgil, Reykir í Fnjóskadal, Dimmuborgir, Karfastaðir, Hlíðarendi, Arnarvötn, Kálfborgarárdalur, Brúnagerði, Timburvalladalur, Goðafoss, Öxarárey í Skjálfandafljóti, heiðin á milli Reykjadals og Laxárdals, Viðar í Reykjadal, Ljósstaðir í Laxárdal, Selland í Fnjóskadal.


4.0 Áhrif núverandi háspennulína á upplifun

4.1 Íbúar

Íbúar voru spurðir: „Hafa núverandi háspennulínur áhrif á upplifun þína af búsetu á núverandi stað?“ Niðurstaðan er sú að 64% töldu þær engin áhrif hafa, 32% töldu þær hafa neikvæð áhrif en 4% að þær hefðu jákvæð áhrif.

Mynd 4.1


Áhrif háspennulína sem fyrir eru á upplifun af búsetu á núverandi stað



Konur töldu áhrif af núverandi háspennulínum á búsetustað heldur neikvæðari en karlar og fólk yfir 35 ára aldri neikvæðari en þeir sem yngri voru (18-35 ára). Þá töldu mun fleiri íbúar í Eyjafjarðarsveit að þær hefðu neikvæð áhrif (45%) en íbúar á Akureyri og í Þingeyjarsýslu (24-28%). Þeir sem eiga land að fyrirhugaðri Hólasandslínu 3, og þar með einnig í flestum tilvikum að Kröflulínu 1, töldu frekar að áhrifin af núverandi línum væru neikvæð (43%) en þeir íbúar sem ekki eiga land að fyrirhugaðri línu (29%). Flestir töldu þó að núverandi háspennulínur hefðu engin áhrif (53-74%) en fáir að áhrifin væru jákvæð (0-9%).

Mynd 4.2

Áhrif háspennulína sem fyrir eru á upplifun af búsetu á núverandi stað - eftir hópum



Neikvætt - útskýringar:

99 svarendur komu með útskýringar á hvað þeim þætti neikvætt við núverandi línur. Langflestir þeirra nefndu sjónmengun (77%) en því næst rafsegulsvið/heilsuspillandi (14%), ljótt (13%), landsþjöll/ jarðrask (9%), spillir útsýni (3%), hamlar uppbyggingu á svæðinu (2%), ljósmengun frá tengivirki (2%), stutt frá íbúðarhúsi okkar (2%), háspennulínur geta slitnað í illviðrum (2%).

Annað nefnt: Hætta á efnamengun. Geta verið hættulegar flugi. Suð í línunum. Háspennulínur eru alltaf neikvæðar. Auðvitað sjáum við þessar línur og finnst þær ekki fallegar en höfum vanist þeim enda eru þetta trémöstur og mun lægri. Núverandi lína er gömul og samgróin landslaginu en ný lína er afar stór og á að mínu mati að fara í jörð. Sjá öll svör í viðauka 1a.

Jákvætt - útskýringar:


16 svarendur komu með útskýringar á jákvæðu viðhorfi sínu til núverandi háspennulína á svæðinu sem hér segir: tryggja rafmagn á svæðinu (x5), núverandi línur nærri okkur eru ekki háspennulínur (x3), eru kennileiti í slæmu skyggni (x2), þurfa einhverstaðar að vera (x2).

Einstaka nefndu eftirtalið: Upplifi betri búsetuskilyrði. Hef atvinnu af dreifikerfum. Þetta venst. Línuvegir auðvelda nýtingu lands. Sjá öll svör í viðauka 1b.

Íbúar voru einnig spurðir: „Hafa núverandi háspennulínur áhrif á upplifun þína sem ferðamaður um nærliggjandi svæði?“ Niðurstaðan er sú að 61% töldu þær engin áhrif hafa á upplifun þeirra, 38% töldu þær hafa neikvæð áhrif en 1% jákvæð áhrif.

Mynd 4.3


Áhrif háspennulína sem fyrir eru á upplifun í ferðum um nærliggjandi svæði



Konur töldu áhrif af núverandi háspennulínunum á upplifun þeirra heldur neikvæðari en karlar og fólk yfir 35 ára aldri álitu áhrifin heldur neikvæðari en þeir sem yngri voru (18-35 ára). Þá töldu mun fleiri íbúar í Eyjafjarðarsveit að þær hefðu neikvæð áhrif á upplifun þeirra (54%) en íbúar á Akureyri og í Þingeyjarsýslu (28-30%). Þeir sem eiga land að fyrirhugaðri Hólasandslínu 3, og einnig í flestum tilvikum að Kröflulínu 1, töldu fleiri að áhrifin af núverandi línunum væru neikvæð (43%) en þeir íbúar sem ekki eiga land að fyrirhugaðri línu (36%). Flestir töldu þó að núverandi háspennulínur hefðu engin áhrif á upplifun þeirra í ferðum um nærliggjandi svæði (45-67%) en fáir að áhrifin væru jákvæð (1-3%).

Mynd 4.4

Áhrif háspennulína sem fyrir eru á upplifun í ferðum um nærliggjandi svæði - eftir hópum



Neikvætt - útskýringar:

103 svarendur meðal íbúa nefndu neikvæð áhrif af núverandi línunum á upplifun af svæðinu á ferðalögum. Langflestir þeirra nefndu sjónmengun (79%) en því næst landspjöll/ jarðrask (9%), að línurnar væru ljót mannvirki (10%), spillir útsýni (5%), rafsegulsvið/heilsuspillandi (3%), spillir upplifun (2%), hættulegar flugi (2%).

Annað nefnt:

Valda fugladauða. Skemma við myndatökur. Ljótar línur á Vaðlaheiði og Fljótsheiði. Sjónmengun í Bíldsárskarði. Þrengir að okkur í Sellandi. Línuvegir spilla líka náttúrunni. Sjá öll svörin í viðauka 1c.

Jákvætt - útskýringar:

4 svarendur nefndu jákvæð áhrif af núverandi línunum á upplifun af svæðinu á ferðalögum: þurfa einhvers staðar að vera (x 2), allir þurfa rafmagn (x2).

4.2 Erlendir ferðamenn


Erlendir ferðamenn við Goðafoss voru spurðir hvort þeir hefðu tekið eftir háspennulínunum á svæðinu (Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu). Um 57% sögðust hafa tekið eftir þeim en 43% ekki.

Þeir sem tóku eftir háspennulínunum voru beðnir um að draga hring á kortið í könnuninni um þau svæði þar sem þeir tóku eftir háspennulínunum. 54 svarendur gerðu svo, eða 44% þeirra sem tóku eftir háspennulínunum (25% af öllum svarendur). Samkvæmt því höfðu flestir tekið eftir háspennulínunum nærri Goðafossi (20 svarendur) en síðan við Kröflu/Víti (15), annar staðar í Mývatnssveit (10), í Ljósavatnsskarði (7), nærri Akureyri (7), við Jökulsá á Fjöllum (6), í Fnjóskadal (5), í Bárðardal (4), við Húsavík (4), við Laxárdal (4), milli Dalvíkur og Akureyrar (4), nærri Dettifossi og í Reykjadal (3). Einstaka nefndu við Kópasker og í Öxnadal.

Þeir sem sögðust hafa séð háspennulínur á svæðinu voru spurðir áfram hvort háspennulínurnar hefðu haft jákvæð, engin eða neikvæð áhrif á náttúruupplifun þeirra. Af þeim söguð 54% að línurnar hefðu engin áhrif haft (30% af öllum þátttakendum), 43% töldu áhrifin neikvæð (25% af heild) en 3% jákvæð (2% af heildinni).¹⁵

Mynd 4.5


Áhrif núverandi háspennulína á svæðinu á náttúruupplifun erlendra ferðamanna þeir sem tóku eftir háspennulínum (114 svör)



Þegar allir svarendur eru teknir með er niðurstaðan sú að núverandi háspennulínur á svæðinu hafi ekki haft nein áhrif á náttúruupplifun 73% þeirra (43% tóku ekki eftir þeim og 30% til viðbótar sögðu þær engin áhrif hafa haft), neikvæð áhrif á 25% svarenda og jákvæð áhrif á 2% þeirra.

Mynd 4.6

Áhrif núverandi háspennulína á svæðinu á náttúruupplifun erlendra ferðamanna allir svarendur



¹⁵ 3% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki.“

HLUTI 2

ÁHRIF HÓLASANDSLÍNU 3

5.0 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 og viðhorf til hennar


5.1 Áhrif Hólasandslínu 3 á útivist og ferðaþjónustu

5.1.1 Íbúar

Spurt var hvaða áhrif íbúar og landeigendur teldu að fyrirhuguð Hólasandslína 3 sem loftlína hefði á ferðaþjónustu og útivist á svæðunum í nágrenni hennar; hvort þau yrðu *mjög jákvæð*, *fremur jákvæð*, *engin*, *fremur neikvæð* eða *mjög neikvæð*. Auk þess var hægt að merkja við *veit ekki*.

Af þeim sem afstöðu tóku töldu flestir að áhrif loftlínunnar yrðu mjög eða fremur neikvæð í Eyjafirði en síðan í Fnjóskadal, við Akureyri, í Reykjadal, Bárðardal, Laxárdal og Fljótshéiði en síst á Hólasandi. Fáir töldu að áhrif línunnar yrðu jákvæð á viðkomandi svæðum en margir að þau yrðu engin, sbr. mynd 5.1.¹⁶

Mynd 5.1 Álit íbúa á áhrifum Hólasandslínu 3 sem loftlínu á ferðaþjónustu og útivist eftir svæðum á línuleiðinni



Til að átta sig á hvað það er sem íbúar telja neikvætt er rökrétt að líta til athugasemda þeirra við Hólasandslínu 3 sem loftlínu (kafli 5.8.1). Þar nefndu flestir að þeir vildu fá Hólasandslínu 3 að öllu eða mestu leyti í jarðstreng, þannig að sjónræn áhrif af loftlínunum töldu þeir neikvæð. Þar af töldu allmargir að mikilvægt að væri að Hólasandslína yrði sett í jarðstreng við Akureyri og í Eyjafirði og að Hólasandslína 3 sem loftlína myndi hafa neikvæð áhrif á flugöryggi/flugumferð á Akureyrarflugvelli. Þá nefndu allnokkrir að möstur/ háspennuloftlínur væru úrelt mannvirki og að loftlínur yllu

¹⁶ 13%-26% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar hvað einstök svæði varðaði og merktu við „veit ekki“. Fæstir varðandi Akureyri (13%) og Eyjafjörð (15%) en flestir hvað varðar Reykjadal (21%), Bárðardal (22%), Fljótshéiði (22%), Laxárdal (24%) og Hólasand (26%).

landspjöllum/umhverfiskrasi. Ýmislegt fleira koma þar fram sem íbúar töldu neikvætt. Sjá allar athugasemdir íbúa í viðauka 1a.

Í töflu 5.1 eru niðurstöður greindar nánar eftir kyni, aldurshópum, búsetu og eftir því hvort viðkomandi eiga land að fyrirhugaðri línuleið eða ekki.


Tafla 5.1 Álit íbúa á áhrifum Hólasandslínu 3 sem loftlínu á ferðapjónustu og útivist
eftir kyni, aldri, búsetu og landi að línustæði eða ekki

%	Eyjafirði			Fnjóskadal			Við Akureyri			Reykjadal			Bárðardal			Laxárdal			Vaðlaheiði			Fljótsheiði			Hólasandi		
	Jákvæð	Engin	Neikvæð	Jákvæð	Engin	Neikvæð	Jákvæð	Engin	Neikvæð	Jákvæð	Engin	Neikvæð	Jákvæð	Engin	Neikvæð	Jákvæð	Engin	Neikvæð	Jákvæð	Engin	Neikvæð	Jákvæð	Engin	Neikvæð			
Kona	8	20	72	8	21	71	10	20	70	9	22	69	9	24	67	9	24	67	12	21	67	9	28	63	9	31	60
Karl	6	29	65	7	30	63	6	34	60	6	37	57	4	40	56	5	41	54	5	44	51	4	45	51	6	49	45
18-35 ára	12	18	70	13	23	64	15	17	68	13	27	60	14	31	55	14	32	54	15	26	59	13	37	50	14	32	54
36-55 ára	8	26	66	7	30	63	9	26	65	7	32	61	8	34	58	8	33	59	9	31	60	7	35	58	8	36	56
> 55 ára	4	26	60	3	25	72	5	32	63	5	29	66	3	32	65	4	34	62	6	37	57	3	41	56	4	50	46
Akureyri	10	29	61	9	35	56	11	32	57	9	40	51	9	42	59	9	43	48	10	42	48	9	49	45	9	51	40
Eyjafj.sveit	3	17	80	4	14	82	2	22	76	5	15	80	4	18	78	6	19	75	6	18	76	4	23	73	4	29	67
Þing.sýsla	6	30	64	4	31	65	11	29	60	6	34	60	5	36	59	5	35	60	9	40	51	5	37	58	9	40	51
Land að línu	6	15	79	6	13	81	6	19	75	8	16	76	6	18	76	6	18	76	6	17	77	6	20	74	9	21	70
Ekki land	7	28	65	6	31	63	8	30	62	7	35	58	6	37	57	7	38	55	9	38	53	6	43	51	7	47	46
Meðaltal	7	25	68	6	27	67	8	28	64	7	30	63	6	33	61	7	33	60	9	33	58	6	38	56	8	41	51

5.1.2 Hagsmunaaðilar í stangveiði

Hagsmunaaðilar í stangveiði voru spurðir hvort þeir teldu að áformuð Hólasandslína 3 sem loftlína myndi valda því að stangveiðimenn myndu frekar, eins og áður, eða síður nýta veiðistaði næst henni. Fimm töldu að línan myndi ekki hafa nein áhrif á það en fjórir álitu að veiðimenn myndu síður nýta staðina næst henni. Báðir sem svöruðu fyrir Laxá töldu að áhrifin yrðu neikvæð, sá sem svaraði fyrir Eyjafjarðará og annar þeirra sem svaraði fyrir Skjálfafljót. Þeir sem svöruðu fyrir Fnjóská og Reykjadal álitu að veiðmenn þar myndu eftir sem áður veiða á stöðum næst línunni.

Mynd 5.2 Líkleg áhrif Hólasandslínu 3 á það hvort stangveiðimenn muni nýta veiðistaðina næst henni



Tveir útskýrðu neikvæð áhrif Hólasandslínu og voru þeir báðir fulltrúar fyrir Laxá í Laxárdal:

- Svæðið missir sérstöðu sína sem ósnortið.
- Viðskiptavinir okkar eru aðallega að sækjast eftir upplifun á ósnortinni náttúru og friðsæld.

5.1.3 Skotveiðimenn

Þrír vanir skotveiðimenn af fjórum sem spurðir voru töldu að Hólasandslína 3 sem loftlína myndi engin áhrif hafa á það hvort veiðimenn nýttu svæðið nærri henni til skotveiða. Einn taldi að línan myndi auka nýtingu þar sem aðgengi að veiðislóðum myndi batna með línuvegi. Sömuleiðis töldu þrír að það væri fremur ólíklegt að línan myndi hafa áhrif á hvort það myndi veiðast nærri henni. Einn taldi að veiðin myndi fremur aukast með bættu aðgengi.

5.2 Áhrif Hólasandslínu 3 á upplifun

5.2.1 Íbúar




Auglýsing fyrir ferðamannafjósíð og veitingastaðinn Kaffi Kú í Eyjafjarðarsveit.

Íbúar voru spurðir: „Telur þú að fyrirhuguð háspennulína [Hólasandslína 3 sem loftlína] muni hafa áhrif á upplifun þína af búsetu á núverandi stað?“ Niðurstaðan er sú að 55% töldu að hún myndi engin áhrif hafa, 40% álitu að áhrifin yrðu neikvæð en 5% að línan hefði jákvæð áhrif.


Mynd 5.3

Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á upplifun íbúa af búsetu á núverandi stað



Lítill munur var á afstöðu kvenna og karlar til spurningarinnar en fólk á aldrinum 36-55 ára taldi fremur að áhrifin af Hólasandslínu 3 sem loftlínu yrðu neikvæð á búsetustað þeirra en fólk í öðrum aldurshópum. Þá töldu mun fleiri íbúar í Eyjafjarðarsveit að Hólasandslína 3 sem loftlína myndi hafa neikvæð áhrif á búsetustað þeirra en íbúar á Akureyri og í Þingeyjarsýslu. Skýringin á því er líklega sú að í talsverðan tíma hefur verið rætt um að leggja Hólasandslínu 3 í jörðu frá Akureyri, yfir Eyjafjarðarsveit að Bíldsárskarði. Um það virðist vera allgóð sátt meðal íbúa í Eyjafjarðarsveit. Því setja þeir sig frekar upp á móti Hólasandslínu sem loftlínu en íbúar annarra svæða.

Mynd 5.4 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 sem loftlínu á upplifun íbúa af búsetu á núverandi stað - eftir hópum



Neikvætt - útskýringar íbúa:

93 svarendur komu með útskýringar á hvað þeir teldu að yrði neikvætt við Hólasandslínu 3 sem loftlínu. Flestir nefndu sjónmengun (63%) en því næst rafsegulsvið/heilsuspillandi (15%), landspjöll/jarðrask (13%), spillir útsýni (4%), hamlar uppbyggingu á svæðinu (3%), neikvæð áhrif á flugöryggi á Akureyrarflugvelli (2%), mun verða nálægt húsi okkar (2%).

Annað nefnt: Nóg af línunum fyrir. Truflar tilveruna. Mun valda okkur hugarangri á margan hátt. Möguleg efnamengun. Ljótt mannvirki. Neikvæð áhrif á útivistarsvæði s.s. Kjarnaskóg. Suð í línunni. Slæmt fyrir Eyjafjörð. Mun lækka verð á fasteignum/húsum í næsta nágrenni. Laxárdalur verður klofinn í tvennt og verður ekki litið fram hjá því. Þegar fyrir er Kröflulína bætir ekki úr að fá aðra samliggjandi. Neikvætt ef hún fer yfir svæði Bílklúbbs Akureyrar. Ef möstur verða nærri Akureyri eða á Rangárvöllum þá hefur það mjög neikvæð áhrif og er óásættanlegt.


Jákvætt - útskýringar íbúa:

8 svarendur komu með útskýringar á hvað þeir teldu að yrði jákvætt við Hólasandslínu 3 sem hér segir: aukið öryggi í afhendingu raforku (x3), línuvegurinn auðveldar umferð um landið (x3). Einstaka nefndu eftirtalið: Búsetuskilyrði batna. Bættur línuvegur er góður fyrir fjallahjól. Skapar atvinnu og mannlíf á svæðinu. Rafmagnið er okkur nauðsynlegt (engin hitaveita hér).

Íbúar voru einnig spurðir: „Telur þú að fyrirhuguð háspennulína [Hólasandslína 3] muni hafa áhrif á upplifun þína sem ferðamaður á svæðum í nágrenni hennar?“ Niðurstaðan er sú að 45% töldu að hún myndi engin áhrif hafa, 51% álitu að áhrifin yrðu neikvæð en 4% að Hólasandslína 3 hefði jákvæð áhrif á upplifun þeirra á ferðum í nágrenni hennar.

Mynd 5.5


Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 sem loftlínu á upplifun íbúa í ferðum um nærliggjandi svæði



Fremur lítt munur var á afstöðu kvenna og karlar til spurningarinnar en fólk á aldrinum 36-55 ára taldi fremur að áhrifin af Hólasandslínu 3 yrðu neikvæð á ferðaupplifun þeirra en fólk í öðrum aldurshópum. Þá töldu mun fleiri íbúar í Eyjafjarðarsveit að Hólasandslína 3 myndi hafa neikvæð áhrif upplifun þeirra á ferðalögum í nágrenninu en íbúar á Akureyri og í Þingeyjarsýslu. Skýringin á þeim afstöðumun eftir svæðum er líklega sú sama og reifuð var í tengslum við mynd 5.4.

Mynd 5.6

Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 sem loftlínu á upplifun íbúa í ferðum um nærliggjandi svæði - eftir hópum



Neikvætt - útskýringar íbúa:

100 svarendur nefndu ætluð neikvæð áhrif af Hólasandslínu 3 á upplifun af svæðinu á ferðalögum. Langflestir þeirra nefndu sjónmengun (71%) en því næst landspjöll/jarðrask (15%), rafsegulsvið/heilsuspillandi (5%), ljótt mannvirki (4%), spillir útsýni (2%), neikvæð áhrif á lífríkið (2%), eyðileggur

uppbyggingarmöguleika í ferðapjónustu (2%). Annað nefnt: Neikvæðust áhrif við Akureyri og í Eyjafirði. Ekki tína ber og grös nálægt. Fækka línun en ekki fjölga þeim. Háspennulínur eru alltaf neikvæðar fyrir mig sem ferðamann. Möguleg efnamengun. Stórfelld neikvæð áhrif. Tilvist risastórra mastra í einstaklega fallegri náttúru. Sjónmengun í þröngum og fögrum dal (Fnjóskadal). Sjá öll svörin í viðauka 11A.

Jákvætt - útskýringar íbúa:

5 svarendur nefndu ætluð jákvæð áhrif af Hólasandslínu 3 á upplifun af svæðinu á ferðalögum. *Nýr/endurbættur línuvegur (x3), þarf einhverstaðar að vera (x2).*

Neikvæð áhrif Hólasandslínu 3 sem loftlínu á upplifun íbúa á ferðalögum - eftir svæðum

93 svarendur nefndu á hvaða svæðum þeir teldu að Hólasandslína 3 sem loftlína myndi helst hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra á ferðalögum. Flestir töldu að það yrði í Eyjafirði (28%), síðan „á öllum svæðunum“ (27%), í Fnjóskadal (17%), við Akureyri (16%), í Laxárdal (10%), í Reykjadal (8%), á svæðum í byggð (8%), í Bárðardal (7%), á Vaðlaheiði (6%), á Fljótshéiði (6%), á Hólasandi (3%), á Mýrum/Súlumýrum (3%), í Kjarnaskógi (2%), í Bíldsárskarði (2%).

Aðrir staðir nefndir:

Á leiðinni að Mývatni, í Glerárdal, á útivistarsvæðum, við Sörlastaði og nágrenni, í Laxárdal og heiðunum beggja megin við (Hamarsheiði og Laxárdalsheiði), á Másheiði.

5.2.2 Fagfólk í ferðapjónustu


Fagfólk í ferðapjónustu á svæðinu frá Akureyri að Reykjadal var beðið um að áætla hvort og þá hvaða áhrif Hólasandslína 3 hefði á upplifun ferðamanna, eftir svæðum á línuleiðinni: Valkostirnir voru: *Mjög jákvæð - fremur jákvæð - engin áhrif - fremur neikvæð - mjög neikvæð*. Auk þess gátu þátttakendur merktu við *veit ekki*.¹⁷

Niðurstaðan er sú að 39-67% þeirra sem afstöðu tóku töldu að áhrif línunnar á einstök landsvæði yrðu fremur eða mjög neikvæð. Þar af töldu flestir að Hólasandslína 3 sem loftlína myndi hafa neikvæð áhrif við Akureyri, í Fnjóskadal, Bárðardal, Reykjadal og Laxárdal. Heldur færri töldu að áhrif línunnar yrðu neikvæð í Eyjafirði og á Vaðlaheiði eða á Hólasandi og fæstir að þau yrðu neikvæð á Fljótshéiði.

¹⁷. 3-4 þátttakendur tóku ekki afstöðu áhrifa Hólasandslínu 3 á eintök svæði og 1-5 mertku „veit ekki“. Þannig tóku 23-28 afstöðu til spurningarinnar hvað einstök svæði varðar eða 72-88% þátttakenda.

Þá töldu 29-57% þeirra sem afstöðu tóku að áhrif Hólasandslínu 3 á einstök svæði yrðu engin (7-13 svarendur). Flestir hvað varðar Fljótshéiði en fæstir varðandi Reykjadal og Laxárdal. Þá taldi einn að áhrif línunnar yrðu fremur jákvæð á öllum svæðum nema við Akureyri.

Mynd 5.7 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 eftir svæðum á upplifun ferðamanna samkvæmt skoðun fagfólks í ferðaþjónustu



Spurt var áfram í hverju jákvæð eða neikvæð áhrif af línunni myndu felast að mati þátttakenda.

Neikvæð áhrif - fagfólk í ferðaþjónustu: Sjónmengun/sjónræn áhrif (x17), spillir landi/landslagsheildum (x5), skerðir útsýni, verður fyrir skíðalyftu í Hlíðarfjalli, vegna aðflugs að Akureyrarflugvelli.


Jákvæð áhrif - fagfólk í ferðaþjónustu: Meiri raforka (x2), tryggara rafmagn (x2).

Sjá auk þess öll svör í viðauka 11B.

5.2.3 Hagsmunaaðilar í stangveiði

Hagsmunaaðilar í stangveiði voru spurði hvort þeir teldu að áformuð Hólasandslína 3 myndi hafa jákvæð, engin eða neikvæð áhrif á upplifun veiðimanna. Fimm töldu að línan hefði engin áhrif, tveir að áhrifin yrðu fremur neikvæð og tveir mjög neikvæð. Báðir sem svöruðu fyrir Laxá töldu að áhrifin yrðu neikvæð, sá sem svaraði fyrir Eyjarfjarðará og annar þeirra sem svaraði fyrir Skjálfandafljót. Þeir sem svöruðu fyrir Fnjóská og Reykjadalssá álitu að áhrif á veiðimenn þar yrðu engin.

Mynd 5.8 Líkleg áhrif Hólasandslínu 3 á upplifun veiðimanna í ánum



Neikvæð áhrif, útskýringar:


- Ásýnd af línu eru mjög truflandi fyrir veiðimenn bæði vegna sjónrænna og eins hindrandi áhrifa af hennar völdum.
- Veiðimenn vilja ósnortna náttúru!
- Sumir eru að sækjast eftir ósnortinni náttúru.
- Línan verður yfirþyrmandi á stað þar sem engin önnur mannvirki sjást. Nærri svona línum spillist hljóðvist.

5.2.4 Skotveiðimenn

Einnig var spurt um líkleg áhrif Hólasandslínu 3 á upplifun skotveiðimanna eftir svæðum. Tveir töldu að áhrifin yrðu neikvæð við Akureyri og í Eyjafjarðasveit og einn að upplifun yrði neikvæð í Bárðardal, Reykjadal og Laxárdal. Þá taldi einn að línan yrði jákvæð fyrir upplifun veiðimanna á öllum svæðunum vegna bættis aðgengis með nýjum línuslóðum. Þrír töldu að línan myndi engin áhrif hafa á upplifun skotveiðimanna í Fnjóskadal, á Vaðlaheiði, Hólasandi og Fljótshéiði.

Mynd 5.9

Líkleg áhrif Hólasandslínu 3 á upplifun skotveiðimanna eftir svæðum



Neikvæð áhrif, útskýringar:

- Sjónmengun og uppbrot í fallega náttúru.
- Held að það séu engin jákvæð áhrif.


Jákvæð áhrif, útskýringar:

- Betra aðgengi
- Engin neikvæð áhrif

5.2.5 Erlendir ferðamenn


Meðal erlendra ferðamanna við Goðafoss var niðurstaðan sú að 30% svarenda töldu að Hólasandslína 3 myndi hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra, 40% að hún myndi engin áhrif hafa en 4% að hún myndi hafa jákvæð áhrif. Um 26% töldu sig ekki dómbæra á áhrif hennar á sig og merktu við „veit ekki“.

Mynd 5.10 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á upplifun af svæðunum í kring samkvæmt skoðun erlendra ferðamanna við Goðafoss



Af þeim erlendu gestum sem afstöðu tóku töldu því 53% að Hólasandslína myndi engin áhrif hafa á upplifun þeirra af svæðunum í kring, 41% töldu að áhrifin yrðu neikvæð en 6% að þau yrðu jákvæð.

Mynd 5.11 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á upplifun af svæðunum í kring samkvæmt skoðun erlendra ferðamanna við Goðafoss



Til að átta sig á hvað það er sem ferðamenn leggja til grundvallar afstöðu sinni hér er rökrétt að líta til athugasemda þeirra við Hólasandslínu 3 sem loftlínu (kafli 5.8.5). Meirihluti þeirra 35 athugasemda sem komu snéru að því að Hólasandslína 3, einkum þá möstrin, myndi spilla útsýni eða að mikilvægt væri að hlífa fallegu landslagi svæðisins og Íslands. Níu athugasemdir snéru að álitum á mismunandi möstrum og fjórir nefndu að setja ætti línuna í jörðu. Þrjár áréttuðu að orkuöflun væri nauðsynleg og þrjár komu með aðrar athugasemdir. Sjá má allar athugasemdir erlendu ferðamanna í viðauka 11C.

Fólk yfir 35 ára aldri og þeir sem mesta menntun höfðu töldu fremur að Hólasandslína 3 myndi hafa neikvæða áhrif á upplifun þeirra af svæðunum í kring en þeir sem yngri voru eða með minni menntun.

Tafla 5.2 **Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á upplifun af sveitunum í kring samkvæmt skoðun erlendra ferðamanna við Goðafoss**
eftir kyni, aldurshópum, menntun og markaðssvæðum/búsetu
þeir sem afstöðu tóku


%	Jákvæð	Engin	Neikvæð
Kona	6	53	41
Karl	6	53	41
18-35 ára	8	57	35
36-55 ára	0	52	48
> 55 ára	5	46	49
< 4 ár eftir skyldu	11	78	11
4-8 ár	5	54	41
> 8 ár	3	44	53
Mið-Evrópa	5	52	43
Benelux	6	33	61
Bretland	0	100	0
Suður-Evrópa	3	62	35
Norður-Ameríka	7	51	42
Asía	7	53	40
Meðaltal	6	53	41

5.3 Áhrif Hólasandslínu 3 á tíðni heimsókna/komur

5.3.1 Íbúar


Íbúar voru spurðir: „Telur þú að fyrirhuguð háspennulína [Hólasandslína 3 sem loftlína] muni hafa áhrif á tíðni heimsókna þinna á svæði/staði í nágrenni hennar?“ Niðurstaðan er sú að 79% töldu að hún myndi engin áhrif hafa á heimsóknatíðni þeirra, 19% álitu að þeir kæmu sjaldnar en 2% að þeir myndu fara oftar um svæði ef línan kæmi.

Mynd 5.12 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á tíðni heimsókna íbúa á svæði/staði í nágrenni hennar



Fremur lítt munur var á afstöðu fólks til spurningarinnar eftir kyni og aldri en margfalt fleiri íbúar í Eyjafjarðarsveit en á Akureyri eða í Þingeyjarsýslum töldu að þeir myndu fara sjaldnar um svæðið ef Hólasandslína 3 yrði lögð sem loftlína. Þeir sem eiga land að fyrirhugaðri Hólasandslínu 3 töldu mun frekar að þeir kæmu sjaldnar á svæði í nágrenni línunnar en þeir sem ekki eiga land að henni.


Mynd 5.13 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á tíðni heimsókna íbúa á staði/svæði í nágrenni hennar - eftir hópum



5.3.2 Erlendir ferðamenn

18% erlendra gesta við Goðafoss töldu að þeir kæmu síður eða ekki á svæðið í framtíðinni ef Hólasandslína 3 kæmi en 17% töldu að þeir myndu frekar koma. 65% erlendra gesta álitu því að Hólasandslína 3 myndi engin áhrif hafa á komur þeirra á svæðið í framtíðinni. Þegar á heildina er litið mun línan samkvæmt því ekki hafa áhrif á komur svarenda á svæðið í nágrenni hennar í framtíðinni ef af lagningu hennar verður.

Mynd 5.14 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á komur á svæðið í framtíðinni ¹⁸



Tafla 5.3 Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á komur á svæðið í framtíðinni

Erlendir ferðamenn við Goðafoss eftir kyni, aldurshópum, menntun og markaðssvæðum/búsetu ¹⁹

	Kæmi frekar	Engin áhrif	Kæmi síður/ekki
Kona	16	64	20
Karl	18	66	16
18-35 ára	15	61	24
36-55 ára	20	71	9
> 55 ára	19	70	11
< 4 ár eftir skyldu	12	69	19
4-8 ár	18	72	10
> 8 ár	18	58	24
Mið-Evrópa	13	62	25
Benelux	14	53	33
Bretland	/	90	10
Suður-Evrópa	24	62	14
Norður-Ameríka	21	69	10
Asía	20	60	20
Meðaltal	17	65	18

¹⁸ 6% svarenda tóku ekki afstöðu og merktu við „veit ekki“.

¹⁹ Þar sem einungis tveir svarendur voru frá Norðurlöndunum og fimm frá „önnur svæði“ er sleppt að greina svör þeirra í þessari töflu.


5.4 Áhrif Hólasandslínu 3 á viðskipti

5.4.1 Fagfólk í ferðapjónustu

Þátttakendur í könnuninni meðal fagfólks voru spurðir hvort þeir teldu að Hólasandslína 3 myndi hafa áhrif á viðskipti ferðamanna eða útivistarfólks við fyrirtækið. Niðurstaðan er sú að 47% töldu að línan myndi þar engin áhrif hafa, 25% töldu að línan myndi minnka viðskiptin en 28% töldu sig ekki dómbæra á það og merktu við „veit ekki“.

Mynd 5.15

Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 á viðskipti ferðamanna og útivistarfólks við fyrirtækið



Hvers vegna minni viðskipti:


- Erfiðara aðflug.
- Má ekki skemma fyrir nýrri skíðalyftu í Hlíðarfjalli.
- Skert útsýni.
- Ferðamenn leita eftir ósnortinni náttúru en ekki mannvirkjum.
- Enginn vill vera í útivist í nágrenni spilltrar náttúru.
- Ekki jafn ósnortið og áður.
- Á aðallega við línuna í landi Akureyrarbæjar.

5.4.2 Hagsmunaaðilar í stangveiði

Hagsmunaaðilar í stangveiði voru spurðir hvort þeir teldu að áformuð Hólasandslína 3 myndi hafa áhrif á viðskipti stangveiðimanna við þá varðandi viðkomandi ár. Þrír svöruðu játandi, fimm neitandi og einn með „veit ekki“.

Mynd 5.16

Telur þú að fyrirhuguð Hólasandslína 3 muni hafa áhrif á viðskipti stangveiðimanna við ykkur?



Þeir sem svöruðu játandi voru einnig spurðir hvort þeir teldu að áhrifin yrðu sú að tilkoma línunnar myndi auka eða minnka viðskiptin. Allir þrír töldu að viðskiptin myndu minnka. Þar af voru báðir sem svöruðu fyrir Laxá og einnig fulltrúi Eyjafjarðarár.

Hvers vegna minni viðskipti:

- Línán dregur úr gæðum upplifunarinnar sem félagið selur.

5.5 Afstaða til Hólasandslínu 3

5.5.1 Íbúar




Séð frá Stafnsvegi að Brún í Reykjadal.

Um 31% þeirra íbúa og landeigenda sem afstöðu tóku voru mjög eða fremur fylgjandi fyrirhugaðri Hólasandslínu 3 sem loftlínu þegar á heildina er litið, 28% voru hlutlausir en 41% fremur eða mjög andvígir henni.²⁰

Mynd 5.17

Afstaða íbúa til Hólasandslínu 3




²⁰ 3% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki“.

Karlar voru á báðum áttum varðandi Hólasandslínu 3 en konur mun frekar andvígur henni en fylgjandi. Íbúar 18-55 ára voru mun frekar andvígir línunni en fylgjandi en fólk yfir 55 ára skiptist jafnt. Af einstökum svæðum voru flestir í Eyjafirði fremur eða mjög andvígir Hólasandslínu 3 sem loftlínu en síðan í Laxárdal og Fnjóskadal. Hins vegar voru fleiri íbúar fylgjandi en andvígir í Bárðardal. Margir voru hlutlausir á Akureyri. Mikill meirihluti þeirra sem eiga land að fyrirhuguðu línustæði voru andvígir Hólasandslínu 3 en fremur fáir fylgjandi. Þeir sem ekki eiga land þar að skiptust hins vegar jafnt með og á móti.

Mynd 5.18


Afstaða íbúa til Hólasandslínu 3 - eftir hópum



5.5.2 Fagfólk í ferðaþjónustu

Spurt var um afstöðu ferðaþjónustuaðilanna til fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3 sem loftlínu. Af þeim sem svöruðu voru 51% mjög eða fremur fylgjandi henni, 7% hlutlausir en 42% fremur eða mjög andvígir.²¹


Mynd 5.19 Afstaða fagfólks í ferðaþjónustu til Hólasandslínu 3



5.5.3 Hagsmunaaðilar í stangveiði

Hagsmunaaðilar í stangveiði voru eins og aðrir spurðir um afstöðu til fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3 sem loftlínu. Fjórir voru fremur fylgjandi henni, þrír hlutlausir en tveir mjög andvígir henni.

Mynd 5.20 Afstaða hagsmunaaðila í stangveiði til Hólasandslínu 3



5.5.4 Skotveiðimenn

Meðal skotveiðimannanna voru tveir mjög hlynntir Hólasandslínu 3 sem loftlínu, einn hlutlaus og einn fremur andvígur.

5.6 Afstaða til jarðstrengslagna á línuleiðinni


Í könnunum með íbúa, fagfólks í ferðaþjónustu, hagsmunaaðila í stangveiði og skotveiðimanna var spurt: „Lengd háspennulínunnar frá Akureyri að Hólasandi er áformuð um 77 km. Ef mögulegt er að leggja á þessari leið um 12 km í jarðstreng, hvar telur þú að hann ætti helst að vera? Merktu við allt að þrjú svæði með því að forgangsraða 1, 2 og 3 (1 = mikilvægast).“

²¹. Þrír svöruðu ekki spurningunni eða 9% þátttakenda.

5.6.1 Íbúar

Af þeim íbúum sem tóku afstöðu til spurningarinnar töldu áberandi flestir að leggja ætti Hólasandslínu 3 í jarðstreng við Akureyri/í Eyjafirði (86%), síðan í Fnjóskadal (46%), á Vaðlaheiði (39%), í Laxárdal (24%), í Reykjadal (24%) og Bárðardal (19%). Fæstir töldu jafn mikilvægt að leggja línuna í jörðu á Fljótshéiði (11%) eða á Hólasandi (7%).²²

Mynd 5.21 Álit íbúa á hvar helst ætti að leggja Hólasandslínu 3 í jörðu



Áberandi fylgni er á milli þess hvar fólk býr og hvar það vill fá línuna í jörðu. Þannig vilja nær allir Eyfirðingar og Akureyringar fá Hólasandslínu 3 í jörðu í sínu nágrenni (98% og 87%). Þá setja Þingeyringar jarðstreng í Laxárdal í annað sætið (46%) en Eyfirðingar í það fimmta (12%) svo dæmi sé tekið.

Tafla 5.5 Álit íbúa á hvar helst ætti að leggja Hólasandslínu 3 í jörðu

eftir kyni, aldri, búsetu og landi að línustæði eða ekki


%	Við Ak/ Eyjafj	Fnjóska- dalur	Vaðla- heiði	Laxár- dalur	Reykja- dalur	Bárðar- dalur	Fljóts- heiði	Hóla- sandur
Kona	87	52	42	24	26	21	13	9
Karl	85	40	37	24	22	17	9	5
18-35 ára	75	43	43	18	24	30	8	8
36-55 ára	90	49	44	25	26	14	8	5
> 55 ára	87	43	33	25	22	19	16	7
Akureyri	87	49	51	19	18	16	7	9
Eyjafjarðarsveit	98	48	44	12	23	9	4	6
Þingeyjarsýsla	70	39	17	46	34	34	25	4
Land að línu	80	48	41	28	19	23	17	7
Ekki land	87	45	38	23	25	18	9	7
Meðaltal	86	46	39	24	24	19	11	7

²² 271 svarendur svöruðu spurningunni með því að nefna eitt svæði, eða 82% þátttakenda, 208 nefndu tvö svæði og 198 nefndu þrjú svæði.

5.6.2 Fagfólk í ferðapjónustu

Af þeim ferðapjónustuaðilum á svæðinu sem tóku afstöðu til spurningarinnar töldu áberandi flestir að leggja ætti Hólasandslínu 3 í jarðstreng við Akureyri/í Eyjafirði (80%), síðan í Laxárdal (40%), í Fnjóskadal (32%), Reykjadal (19%), Bárðardal (13%) og Vaðlaheiði (13%). Fæstir töldu jafn mikilvægt að leggja línuna í jörðu á Fljótshéiði (9%) eða á Hólasandi (3%).²³


Mynd 5.22 Álit fagfólks í ferðapjónustu á hvar helst ætti að leggja Hólasandslínu 3 í jörðu



5.6.3 Hagsmunaaðilar í stangveiði

Allir níu hagsmunaaðilarnir í stangveiði tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim töldu átta að leggja ætti Hólasandslínu 3 í jarðstreng við Akureyri/í Eyjafirði, fimm nefndu í Laxárdal, þrjú Fnjóskadal og Vaðlaheiði en einn Bárðardal.

Mynd 5.23 Álit hagsmunaaðila í stangveiði á hvar helst ætti að leggja Hólasandslínu 3 í jörðu



²³ 30 svöruðu spurningunni með því að nefna eitt svæði, eða 84% þátttakenda, 17 nefndu tvö svæði og jafn margir þrjú svæði.

5.6.4 Skotveiðimenn

Þrír skotveiðimenn töldu að Hólasandslína 3 ætti að vera jörðu við Akureyri/í Eyjafirði og tveir nefndu Fljótsheiði. Einstaka nefndu Vaðlaheiði, Fnjóskadal, Bárðardal, Reykjadal og Laxárdal.

5.7 Möguleg þróunarsvæði að mati fagfólks í ferðapjónustu

Þátttakendur í könnuninni meðal fagfólks voru spurðir hvaða staði eða svæði í nágrenni fyrirhugaðs línustæðis Hólasandslínu 3 mætti þróa á svið ferðapjónustu og/eða útivistar. 14 svöruðu spurningunni en 18 ekki.

- Bárðardalur (x5)
- Fnjóskadalur (x5)
- Laxárdalur (x4)
- Eyjafjörður (x4)
- Hólasandur (x3)
- Vaðlaheiði (x2)
- Mátvatn (x2)
- Glerárdalur (x2)
- Kjarnaskógur (x2)

Auk þess nefnt: Goðafoss, Stafnshverfi í Reykjadal, Leirurnar, Ósinn, Fálkafell/Súlur.

5.8 Athugasemdir og ábendingar vegna Hólasandslínu 3

5.8.1 Íbúar

126 svarenda í íbúakönnuninni (39% þátttakenda) komu með athugasemdir eða ábendingar að lokum. Tæplega helmingur þeirra, eða 44%, nefndu að þeir vildu fá Hólasandslínu 3 að öllu eða mestu leyti í jarðstreng. Þá nefndu 13% að það væri sjónmengun af háspennuloftlínunum og 10% að mikilvægt að væri að Hólasandslína yrði sett í jarðstreng við Akureyri og í Eyjafirði og jafn margir að Hólasandslína 3 myndi hafa neikvæð áhrif á flugöryggi/flugumferð á Akureyrarflugvelli. Þá nefndu 6% þeirra sem komu með athugasemdir að möstur/ háspennuloftlínur væru úrelt mannvirki og jafn margir að loftlínur yllu landspjöllum/umhverfisraski. Sjá má allar athugasemdir íbúa í viðauka 11A.

5.8.2 Fagfólk í ferðapjónustu

14 ferðapjónustuaðilar, eða 44% þeirra, komu með athugasemdir um Hólasandslínu 3 sem loftlínu. Af þeim voru 11 sem vildu setja línuna að hluta eða öllu leyti í jörðu og þar af nefndu þrír Eyjafjörð og nágrenni Akureyrar sérstaklega, einkum vegna áhrifa á Akureyrarflugvöll. Þá var bent á að Hólasandslína 3 sem loftlína myndi skera í sundur svæðið fyrir neðan skíðasvæðið í Hlíðarfjalli og hindrar uppsetningu á skíðalyftu. Sjá má allar athugasemdir fagfólksins í viðauka 11B.

5.8.3 Hagsmunaaðilar í stangveiði

- Það er komið árið 2017. Allar línur eiga að fara í jörðu.
- Útlitslega er þetta fráleitt. Það á að vera mun hagkvæmara að leggja jarðstreng árið 2017.
- Tel heppilegra að línan liggja samhliða gömlu Laxárvirkjunarlínunni.
- Okkar mat er hjá Veiðifélagi Laxár og Krákár (VLK) að þvera ætti ána við Laxárvirkjun þar sem eru fyrir svona mannvirki. Hvað varðar jarðstreng er hann finnr ef farið er upp fyrir brúnir Laxárdals beggja vegna þannig að sjónsvið frá ánni sé frítt. En jarðstrengur sem fer í jörð í Varastaðaskógi og kemur upp hinu megin við ána er verri kostur en loftlína. Sjá umsögn VLK 17.01.2017. **Sjá umsögnina í viðauka 12.**

5.8.4 Skotveiðimenn

- *Hef kannski ekki sterkar skoðanir á þessu en mér þykir þetta ljótt og leiðinlegt að vera á veiðum innan um þessi blessuðu möstur út um allt.*

5.8.5 Erlendir ferðamenn

35 svarendur í könnuninni meðal ferðamanna við Goðafoss, eða 16% þátttakenda, komu með athugasemdir eða ábendingar að lokum. Tæplega helmingur þeirra snéru að því að Hólasandslína 3, einkum þá möstrin, myndi spilla útsýni eða að mikilvægt væri að hlífa fallegu landslagi svæðisins og Íslands. Níu athugasemdir snéru að álitni á mismunandi möstrum og fjórir nefndu að setja ætti línuna í jörðu. Þrjár áréttuðu nauðsyn orkuöflun og þrjár komu með aðrar athugasemdir. Sjá allar athugasemdir/ábendingarnar erlendu ferðamanna í viðauka 11C.


6.0 Afstaða til línumannvirkja og háspennumastra

6.1 Afstaða íbúa til fjögurra línumannvirkja

Í könnuninni meðal íbúa var spurt um afstöðu til fjögurra mannvirkja sem tengjast háspennulínu og hvort þeir væru jákvæðir, hlutlausir eða neikvæðir til þeirra. Þau mannvirki eru: háspennu-loftlínur, háspennujarðstrengir, tengivirki og línuslóðar.

Niðurstaðan er sú að rúmlega helmingur íbúa voru mjög eða fremur neikvæðir til háspennulína en fimmtungur jákvæður. Hins vegar voru tífalt fleiri jákvæðir til háspennujarðstrengja en neikvæðir. Skiptari skoðanir voru um tengivirku og línuslóða eins og sjá má myndinni hér að neðan.

Mynd 6.1 Afstaða íbúa til fjögurra línumannvirkja



Konur voru frekar hlutlausar til áðurnefndra mannvirkja en karlar og síður jákvæðar til þeirra. Íbúar í Eyjafjarðarsveit voru mikið neikvæðari til loftlína en íbúar Akureyri og talsvert neikvæðari en íbúar í Þingeyjarsýslum. Þeir sem áttu land að fyrirhugaðri Hólasandslínu 3 voru mun neikvæðari til loftlína en þeir sem áttu það ekki. Karlar voru mun jákvæðari til línuslóða en konur.

Tafla 6.1 Afstaða íbúa til fjögurra línumannvirkja

eftir kyni, aldri, búsetu og landi að línustæði eða ekki


%	Háspennu-loftlínur			Tengivirki			Línuslóðar			Háspennu-jarðstrengir		
	Jákvæð	Hlutlaus	Neikvæð	Jákvæð	Hlutlaus	Neikvæð	Jákvæð	Hlutlaus	Neikvæð	Jákvæð	Hlutlaus	Neikvæð
Kona	14	32	54	7	62	31	16	60	24	64	28	8
Karl	26	23	51	22	52	26	33	41	26	75	19	6
18-35 ára	18	38	44	9	58	33	26	55	19	70	31	9
36-55 ára	19	22	59	15	52	33	26	47	27	73	21	6
> 55 ára	22	30	48	17	62	21	23	52	25	71	23	6
Akureyri	29	33	38	18	61	21	26	59	15	64	30	6
Eyjafjarðarsveit	10	22	68	16	50	34	19	51	30	84	20	6
Þingeyjarsýsla	22	25	53	10	58	32	30	39	31	74	18	8
Land að línu	9	20	71	9	48	43	16	37	47	71	23	6
Ekki land	24	29	47	17	59	24	28	54	18	69	24	7
Meðaltal	21	27	52	15	57	28	25	50	25	70	23	7

6.2 Afstaða til fjögurra gerða háspennumastra

Þátttakendur í öllum könnunum sem gerðar voru í tengslum við mat á áhrifum Hólasandslínu 3 voru beðnir um að skoða myndir af fjórum gerðum af háspennumöstrum sem fengu heitin A, B, C og D (sjá viðauka 8).

- A = M-stálgrindamastur. Meðalhæð 25 m.
- B = M-rörmastur. Meðalhæð 24 m.
- C = Fuglinn. Meðalhæð 34 m.
- D = I-mastur. Meðalhæð 39 m.

Síðan voru svarendur beðnir að svara því hvaða mastragerð þeir teldu henta best og síst á Íslandi.




Flestir íbúanna álitu I-mastur **henta best á Íslandi**, síðan M-stálgrindamastur og M-rörmastur en fæstir Fuglinn. Meðal fagfólks í ferðaþjónustu álitu einnig flestir að I-mastur myndi henta best á Íslandi, síðan M-stálgrindamastur og M-rörmastur en fæstir Fuglinn.²⁴ Flestir erlendu ferðamanna við Goðafoss í september 2016 álitu I-mastur henta best á Íslandi, síðan M-rörmastur, þá M-stálgrindamastur og loks Fuglinn.

Mynd 6.2

Háspennumöstur sem henta best á Íslandi

þeir sem afstöðu tóku




²⁴ 17% íbúa og 28% fagfólks í ferðaþjónustu tóku ekki afstöðu til mastrategundanna.

Tveir skotveiðimenn töldu M-stálgrindamastur henta best á Íslandi, einn nefndi M-röramastur og annar I-mastur.

Sex af þeim sem afstöðu tóku meðal hagsmunaaðila í stangveiði töldu M-röramastur myndi henta best á Íslandi, einn valdi M-stálgrindamastur og annar I-mastur.

Flestir íbúar sem afstöðu tóku álitu að Fuglinn myndi **henta síst á Íslandi** en síðan M-stálgrindamastur og I-mastur en fáir töldu M-röramastur henta síst. Hins vegar töldu hlutfallslega flestir meðal fagfólks í ferðapjónustu að M-stálgrindamastur hentaði síst á Íslandi en síðan Fuglinn, I-mastur og loks M-röramastur.²⁵

Mynd 6.3 Háspennumöstur sem **henta síst á Íslandi**
þeir sem afstöðu tóku



Fimm af þeim sem afstöðu tóku meðal hagsmunaaðila í stangveiði töldu að I-mastur hentaði síst hér á landi, tveir völdu þar Fuglinn og M-stálgrindasmastur.

Tveir skotveiðimenn töldu Fuglinn henta síst á Íslandi, einn nefndi M-stálgrindamastur og einn tók ekki afstöðu.

Í íbúakönnuninni töldu konur I-mastur henta best á Íslandi en hjá körlum hafði M-stálgrindamastur nauman vinning á I-mastrið. Flestir í hópi 35 ára og eldri álitu I-mastur passa best á Íslandi en M-stálgrindamastur fékk mest fylgi hjá yngsta aldurhópnum. Akureyringar völdu helst I-mastur, íbúar í Eyjafjarðarsveit M-stálgrindamastur en Þingeyingar M-röramastur. I-mastur varð helst fyrir valinu hvort sem íbúar áttu land að fyrirhuguðu línustæði Hólasandslínu 3 eða ekki. Hlutfallslega flestir í öllum hópnum (kyn, aldur, búseta og landi að línustæði eða ekki) töldu að Fuglinn myndi henta síst á Íslandi.

²⁵ 22% íbúa og 31% fagfólks í ferðapjónustu tóku ekki afstöðu til þess hvaða mastur þeir teldu henta síst á Ísland.

Tafla 6.2 Háspennumöstur sem henta best og síst á Íslandi að mati íbúa
eftir kyni, aldri, búsetu og landi að línustæði eða ekki

%	Hentar best				Hentar síst			
	A	B	C	D	A	B	C	D
Kona	27	24	2	47	25	4	52	19
Karl	35	29	3	33	30	9	32	29
18-35 ára	36	32	7	25	14	6	46	34
36-55 ára	28	23	1	48	29	6	41	24
> 55 ára	32	29	3	36	33	6	40	21
Akureyri	30	22	4	44	25	5	49	21
Eyjafjarðarsveit	46	14	1	39	26	8	39	26
Þingeyjarsýsla	16	47	3	34	33	6	35	26
Land að línu	28	27	0	45	32	6	47	15
Ekki land	32	26	4	39	27	6	40	27
Meðaltal	31	26	3	40	28	6	42	24



Kröflulína 1 þverar Fnjóskadalsveg (833) í landi Sellands.

7.0 Mat á áhrifum Hólasandslínu 3 á ferðaþjónustu og útivist

7.1 Helstu áhrifaþættir framkvæmdar

Pegar metin eru áhrif háspennulagna á útivist og ferðaþjónustu er brýnt að framkvæmdir séu skoðaðar heildstætt, s.s. línulagnir, línuslóðar, jarðstrengir, mastraplön, tengivirki og efnistöku-svæði.

7.1.1 Loftlínur

Aðalvalkostur Landsnets miðar við að Hólasandslína 3 liggi sem loftína frá Bíldsárskarði sunnaverðu og allt að Hólasandi (um 61 km). Þá er einnig til skoðunar loftlínukostur norðan Bíldsár (BI-LN). 220 kV háspennumöstur eru mikil mannvirki sem hafa ætíð veruleg sjónræn áhrif í næsta nágrenni. Háspennuleiðarar á milli mastra skera einnig sjónsviðið. Það skiptir því verulegu máli hvers konar mastrategundir eru valdar með tilliti til sjónrænna áhrifa.

7.1.2 Línuslóðar og mastraplön

Nauðsynlegt er að leggja slóð sem ber þung vinnutæki meðfram Hólasandslínu 3, að jafnaði 6-7 m breiða séu fláar meðtaldir, til að nýta meðan á byggingu stendur en eins til viðhalds og eftirlits. Umfang slóðagerðar verður mjög misjafnt eftir jarðvegi. Jafnframt þarf að gera um 100 m² plön við öll möstur. Hér er miðað við að 335 m meðalfjarlægð verði á milli mastra. Þau verða því alls um 185 talsins á þeim hluta leiðarinnar sem verður lofti, um 61 km samkvæmt aðalvalkosti Landsnets. Flatarmál mastraplana vegna lagningar Hólasandslínu 3 gæti því orðið um 18.500 m². Gera má ráð fyrir að línuslóðar verði talsvert lengri en línan sjálf því ekki er alltaf hægt að leggja þá stystu leið og auk þess þarf aðkomuvegi o.fl. Slóðir opna ný svæði til umferðar ökutækja sem haft geta ýmsar afleiðingar í för með sér, bæði jákvæðar og neikvæðar.

7.1.3 Jarðstrengir

Jarðstrengslögn getur haft umtalsverð sjónræn áhrif, einkum fyrir háspennulagnir sem þurfa breiðari skurði en strengir á lægri spennu. Í aðalvalkosti Landsnets vegna Hólasandslínu 3 er gert ráð fyrir að leggja nær 10 km hennar í jörðu í Eyjafirði. Auk þess eru einnig til skoðunar tveir jarðstrengskostir í Laxárdal (LA-J og LA-JU), annars vegar 1,2 km og hins vegar 2,6 km. Þá er til skoðunar jarðstrengskostur um Kjarnaskóg (EY-JK) og einnig við þverun Eyjafjarðarár (EY-JB). Það fer mjög eftir landslagsgerð hvort skurður fyrir jarðstreng hefur óafturkræf spjöll í för með sér eins og getur orðið í úfnu hrauni eða lítil/engin langtímaáhrif, s.s. á ræktuðum landbúnaðarsvæðum.

7.1.4 Tengivirki

Tengivirki hafa nokkur sjónræn áhrif, mismikil eftir því á hve áberandi stað þau eru. Samkvæmt aðalvalkosti Landsnets fyrir Hólasandslínu mun nýtt tengivirki verða reist á Hólasandi austan Kísilvegjar. Miðað við línuvalkost EY-L (loftlína við Akureyri og í Eyjafirði) verður einnig reist nýtt tengivirki við Kífsá ofan Akureyrar.

7.1.5 Efnistökuastaðir/námur


Efnistaka vegna byggingar háspennulína og slóðagerðar skilur eftir sig breytingar á landi. Þessi áhrif er yfirleitt hægt að lágmarka með skipulögðum vinnubrögðum. Ljóst er að mikið magn efnis þarf til slóðagerðar vegna lagningar Hólasandslínu 3 og einnig fyllingarefni að undirstöðum og stagfestum.

7.2 Sýnileiki Hólasandslínu 3 frá vegum og slóðum

Fyrirhuguð Hólasandslína 3 samkvæmt aðalvalkosti Landsnets mun á allmörgum stöðum liggja yfir vegi, misjafnlega fjölfarna. Af þeim var mest meðaltalsumferð á dag árið 2016 (árdagsumferð eða ÁDU) um eftirtalda vegi.^{26 27}

- Þjóðvegur 1 í Reykjadal 1.036 bílar
- Kísilvegurinn á Hólasandi 253 bílar
- Bárðardalsvegur vestri 96 bílar
- Bárðardalsvegur eystri 85 bílar

Þá má nefna að umferð um Eyjafjarðarbraut vestri var 1.812 bílar á dag árið 2016, Eyjafjarðarbraut eystri 868 bílar og Hlíðarfjallsveg 368 bílar. Undir þá er áformað að Hólasandslína 3 liggja í jarðstreng.



Mynd 7.1 Á þessu korti eru merktir inn helstu staðir og svæði þar sem Hólasandslína 3 samkvæmt aðalvalkosti Landsnets mun þvera vegi (rauðir fletir) eða slóða (gráir fletir) eða liggja meðfram þeim.²⁸ Þá sýna bláu fletirnir hvar línan mun þvera vegi við Akureyri og Eyjafjarðarsveit ef hún verður lögð þar sem loftlína (EY-L).

²⁶ Sjá einnig umfjöllum um umferðina í kafla 3.5.

²⁷ Árdagsumferð (ÁDU) er meðalumferð á dag yfir árið.

²⁸ Kort skannað úr ferðakorti Máls og Menningar 1:600 000. Áttunda útgáfa 2005.

Umferðin á Illugastaðavegi á móts við Vaglaskóg var að jafnaði 199 bílar á dag árið 2016. Umferðin hefur hins vegar hvorki verið talin innar í Fnjóskadal, s.s. nærri Illugastöðum, né í Laxárdal. Þó má gera ráð fyrir að umferð við Illugastaði sé mun minni en t.d. á Bárðardalsvegi vestri eða eystri og enn minni í Laxárdal. Fróðlegt væri að setja upp teljara á þessum stöðum til að fá úr málinu skorið.


Auk þess mun Hólasandslína 3 liggja yfir eða nærri fáfarnari vegum og vegaslóðum, s.s. innst í Fnjóskadal, í Eyjardal upp af Bárðardal, yfir Stafnsveg í Reykjadal og slóða á Ljótstaðaheiði.

Þannig munu flestir ferðalangar sjá Hólasandslínu 3 þar sem hún mun liggja yfir þjóðveg 1 innst í Reykjadal.

7.3 Mat á áhrifum við Akureyri

Akureyri er einn mest sótt ferðamannastaður á Íslandi, jafnt af erlendum og innlendum ferðamönnum eins og áður hefur komið fram. Því skiptir það ferðaþjónustu þar miklu máli að vel takist til hvað varðar lagningu Hólasandslínu 3 í nágrenni kaupstaðarins.

7.3.1 Aðalvalkostur, jarðstrengur frá Rangárvöllum að Eyjafjarðará



Mynd 7.2 Aðalvalkostur Landsnets fyrir Hólasandslínu 3 (blá lína) við Akureyri og í Eyjafjarðarsveit.

Aðalvalkostur Landsnets innan marka sveitarfélagsins Akureyrarkaupstaðar er að leggja Hólasandslínu 3 í jarðstreng frá tengivirki á Rangárvöllum og að Eyjafjarðará, um 6 km vegalengd. Mun strengurinn fara um verulega manngert svæði innan marka sveitarfélagsins sem er jafnframt mikið

nýtt til afar fjölbreyttrar ferðaþjónustu, útivistar og afþreyingar. Landið er að hluta friðlýst. Veruleg rask mun verða á svæðinu á framkvæmdatíma með tilheyrandi truflunum fyrir umferð og þá sem stunda útivist og ferðatengda afþreyingu á svæðinu. Gengið er út frá því að það muni jafna sig að mestu á nokkrum árum eftir strenglögna.

Hólasandslína 3 sem jarðstrengur á um 6 km leið við Akureyri mun fara um verulega manngert svæði innan marka sveitarfélagsins sem er afar fjölbreytt útivistar- ferðaþjónustu - og afþreyingar-svæði. Landið er að hluta friðlýst. Það er metið svo að jarðstrengur á fyrirhugaðri leið myndi hafa lítil sjónræn áhrif en lagning hans hins vegar valda verulegu raski á framkvæmdatíma. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna RRF o.fl. eru flestir ferðamenn og útivistaraðilar mun fremur fylgjandi lagningu jarðstrengja en háspennulína við flutning raforku og fremur fáir neikvæðir. Áhrif streng-lagnarinnar á ferðaþjónustu og útivist eru þar með metin lítil.

Niðurstaða: Vægiséinkunn -1,5. Óveruleg/nokkur neikvæð áhrif.

7.3.2 Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg (EY-JK)

Við Kjarnaskóg liggur jarðstrengsleið aðalvalkostar niður með Grafargili norðan við Kjarnaskóg og orlofsbyggðina við Kjarnalund. Vegna ábendinga hefur einnig verið skoðaður sá möguleiki að leggja jarðstrenginn á þessum kafla að hluta í gegnum Kjarnaskóg sunnan og vestan við Kjarnalund og síðan suður fyrir flugbraut neðst í skóginum. Báðir kostir gera ráð fyrir að jarðstrengurinn verði grafinn í jörðu á þessum kafla. Óverulegur munur er á lengd valkostanna. Jarðstrengskostur í Kjarnaskógi er 1,6 km en aðalvalkostur á sama línukafla er um 1,8 km.

Ekki verður séð að valkostur EY-JK hafi umtalsverð áhrif á útivist og ferðaþjónustu. Ef eitthvað er verða áhrifin þó heldur neikvæðari en af aðalvalkosti þar sem það mun líklega taka lengri tíma fyrir skóglendið sem farið er um í Kjarnaskógi að jafna sig eftir framkvæmdirnar. Báðar leiðir munu hafa rask og ónæði í för með sér á framkvæmdatíma fyrir útivistarfólk, orlofsbyggðina við Kjarnalund o.fl.

Niðurstaða: Vægiséinkunn -1,5. Óveruleg/nokkur neikvæð áhrif.

7.3.3 Loftlínukostur frá Kífsá að Eyjafjarðará (EY-L)

Ef Hólasandslína 3 verður lögð í lofti munu um 6 km hennar, um 16 möstur ásamt tilheyrandi línuslóðum og mastraplönnum, liggja innan sveitarfélagamarka Akureyrar, frá tengivirki við Kífsá ofan bæjarins, um Súlumýrar og suður fyrir Kjarnaskóg. Á þessum hluta leiðarinnar mun línan þvera bæði Hlíðarfjallsveg og efsta hluta Súluvegar ofan Akureyrar, sinn hvoru megin Glerár. Árið 2016 var Glerárdalur friðlýstur sem fólkvangur og er hann vinsæll meðal göngufólks og annarra náttúruunnenda. Myndi háspennulínan liggja þar í gegn og einnig yfir Glerárgil sem er á náttúruminjaskrá. Í næsta nágrenni við línustæðið er stunduð fjölbreytt útivist og afþreying. Þannig

mun Hólasandslína 3 liggja rétt austan við svæði Skotfélags Akureyrar og Akstursíþróttaklúbbs Akureyrar og 1-2 km frá skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli, hesthúsasvæðum Akureyringa og þar með mannvirkjum Hestamannafélagsins Léttis við Rangárvelli og Breiðholtsveg. Um 2,5 km austan fyrirhugaðrar línuleiðar er síðan Jarðarsvöllur Golfklúbbs Akureyrar og útivistarsvæðið í Kjarnaskógi sem eru vinsælir staðir meðal ferðamanna og auk þess fjölsótt tjaldstæði að Hömrum. Líklega er þessi þéttleiki útivistar og afþreyingarmöguleika á jafn litlu svæði einstakur á Íslandi.

Þá ber að nefna að Hólasandslína 3 sem loftlína mun liggja rétt austan við nýja orlofsbyggð sem nefnast einu nafni Hálönd (göturnar Holtaland, Hrafnaland og Hrímland) og telur nú um 40 hús.

Um 57% íbúa á Akureyri sem tóku þátt í könnun RRF (128 svarendur) töldu að áhrif Hólasandslínu 3 sem loftlínu yrðu neikvæð fyrir ferðaþjónustu og útivist á og við Akureyri en 11% að áhrifin yrðu jákvæð. Um 64% allra svarenda í íbúakönnuninni álitu að áhrif línunnar yrðu neikvæð fyrir ferðaþjónustu og útivist við Akureyri. 90 svarendur af alls 329 (27% þeirra) nefndu á hvaða svæðum þeir teldu að Hólasandslína 3 myndi helst hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra á ferðalögum. Af þeim nefndu 44% svæðið við Akureyri. Þá töldu 57% fagfólks (32 svarendur) að áhrif línunnar við Akureyri yrðu neikvæð á upplifun ferðamanna en enginn að áhrifin yrðu jákvæð.

32% íbúa á Akureyri voru neikvæðir til Hólasandslínu 3 (sem loftlínu) í heild sinni, 38% hlutlausir en 30% jákvæðir. Um 38% íbúa á Akureyri voru síðan neikvæðir til háspennuloftlína, 21% neikvæðir til tengivirkja, 15% neikvæðir til línuslóða en 6% neikvæðir til háspennujarðstrengja. 87% svarenda í íbúakönnuninni töldu mikilvægt að Hólasandslína 3 færi í jarðstreng við Akureyri og í Eyjafjarðarsveit, 80% fagfólks í ferðaþjónustu og 89% hagsmunaaðila í stangveiði.

Hólasandslína 3 sem loftlína á um 6 km leið við Akureyri mun fara um verulega manngert svæði innan marka sveitarfélagsins sem er jafnframt mikið nýtt til afar fjölbreyttrar útivistar, ferðaþjónustu og afþreyingar, sem líklega er einstakt á landsvísi á svo afmörkuðu svæði. Landið er að hluta friðlýst. Loftlína á fyrirhuguðum stað myndi hafa mikil sjónræn á fjölda fólks, jafnt íbúa, útivistarfolk og ferðamenn sem nýta svæðið. (Sjá svör í viðaukum 10, 11 og 12 og athugasemd Ferðafélags Akureyrar í viðauka 13). Áhrif á ferðaþjónustu og útivist á þessu svæði eru því metin mun meiri og neikvæðari af loftlínukosti EY-L en af aðalvalkosti.

Niðurstaða: Vægiséinkunn -3,5. Verulega/talsvert neikvæð áhrif.

7.3.4 Jarðstrengskostur við þverun Eyjafjarðarár (EY-JB)

Aðalvalkostur gerir ráð fyrir að Eyjafjarðará verði þveruð með því að grafa um 850 m langan jarðstreng undir allar þrjár kvíslar árinna og í hólmana milli þeirra. Annar valkostur sem tekinn var til skoðunar í matinu felst í að grafa um 900 m langan jarðstreng undir vestustu kvísl Eyjafjarðarár og áfram að gamla veginum, en þvera miðkvísl og austustu kvíslina með því að hengja strenginn í brýrnar

Ekki verður séð að valkostur EY-JB muni hafa umtalsverð áhrif á útivist og ferðaþjónustu og því svipuð áhrif og aðalvalkostur (jarðstrengur alla leiðina). Mögulega verða áhrifin þó heldur minni en af aðalvalkosti hvað varðar rask í Eyjafjarðará og á stangveiði í nágrenninu, a.m.k. meðan á framkvæmdum stendur.

Niðurstaða: Vægiseinkunn -1,5. Óveruleg/nokkur

7.4 Mat á áhrifum í Eyjafjarðarsveit

7.4.1 Aðalvalkostur, jarðstrengur að Bíldsárskarði og loftína þaðan

Aðalvalkostur Landsnets varðandi Hólasandslínu 3 innan Eyjafjarðarsveitar er að leggja hana í jarðstreng frá Eyjafjarðará og að Bíldsárskarði, um 4 km vegalengd. Þaðan mun hún liggja aðra 4 km sem loftína upp með sunnanverðu Bíldsárskarði og að sveitarfélagamörkum á Vaðlaheiði. Miðað við aðalvalkost munu um 13 ný háspennumöstur ásamt línuvegum og mastraplönnum liggja innan Eyjafjarðarsveitar

Jarðstrengurinn mun fara um verulega manngert og grösugt landbúnaðarhérað sem er jafnframt nýtt til ferðaþjónustu, útivistar og afþreyingar. Talsvert rask mun verða á svæðinu á framkvæmdatíma með tilheyrandi truflunum fyrir umferð og þá sem stunda þar útivist og afþreyingu. Gengið er út frá því að svæðið muni jafna sig að mestu á nokkrum árum eftir strenglögna.

Háspennulínan mun hafa neikvæð sjónræn áhrif í Bíldsárskarði og á Vaðlaheiði á göngufólk, hestamenn og aðra er leiðina nýta.

Hólasandslína 3 sem loftlína á um 4 km leið í Eyjafjarðarsveit mun fara um verulega manngert svæði innan marka sveitarfélagsins sem er jafnframt mikið nýtt til afar fjölbreyttrar útivistar og afþreyingar. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna RRF o.fl. eru flestir ferðamenn og útivistaraðilar mun fremur fylgjandi lagningu jarðstrengja en háspennulína við flutning raforku en fremur fáir neikvæðir. Áhrif jarðstrengslagnarinnar á ferðaþjónustu og útivist eru þar með metin lítil.

Veruleg neikvæð sjónræn áhrif verða hins vegar af loftlínunni í Bíldsárskarði fyrir útivistarfólk sem þar fer um, auk umtalsverðs rasks á framkvæmdatíma. Ef línuvegurinn verður þar opinn bílum getur hann nýst í jeppaferðum, fyrir skotveiði o.fl.

Niðurstaða: Vægiseinkunn -2,0. Nokkur neikvæð áhrif.

7.4.2 Loftlínukostur frá Eyjafjarðará að sveitarfélagamörkum (EY-L)

Ef Hólasandslína 3 verður lögð í lofti um Eyjafjarðarveit er áformað að hún liggi frá Eyjafjarðará og þaðan norðan við Þverá, síðan í hlíðinni suður undir Kaupang, upp Bíldsárskarð og að sveitarfélagamörkum á Vaðlaheiði. Miðað við það munu um 15 km línunnar, um 40 möstur ásamt línuvegum og mastraplönnum liggja innan Eyjafjarðarsveitar. Á þessum hluta leiðarinnar mun Hólasandslína 3 þvera Eyjafjarðarbraut vestri (821), Eyjafjarðarbraut eystri (829) og liggja um 2 km sunnan við Akureyrarflugvöll. Þar mun hún fara um þéttbýlt landbúnaðarsvæði ásamt núverandi Kröflulínu 1 og Laxárlínu 1.



Kröflulína 1 (nær) og Laxárlína 1 (fjær) þvera Eyjafjarðarsveit talsvert norðar en valkostur EY-L fyrir Hólasandslínu 3 myndi gera.

Ef Hólasandslína 3 verður lögð sem loftlína um Eyjafjarðarsveit munu þrjú háspennulínur liggja um sveitina og yfir Eyjafjarðará með tilheyrandi sjónrænum áhrifum á fjölförnum slóðum ferðamanna og útivistarfólks. Hér skal tekið fram að gert er ráð fyrir að Hólasandslína 3 liggi yfir sveitina um 2 km norðan við Laxárlínu 1. Veiði er umtalsverð í Eyjafjarðará og áhrif af frekari línulögn yfir hana því líkleg til að hafa áhrif á veiðimenn þar.

Um 80% íbúa í Eyjafjarðarsveit, frá norðurmörkum sveitarfélagsins og að Hrafnagili, sem tóku þátt í könnun RRF fyrir Landsnet (alls 105 svarendur) töldu að áhrif Hólasandslínu 3 sem loftlínu yrðu neikvæð fyrir ferðaþjónustu og útivist þar en einungis 3% að áhrifin yrðu jákvæð. Um 68% allra svarenda í íbúakönnuninni álitu að áhrif línunnar yrðu neikvæð fyrir ferðaþjónustu og útivist í Eyjafjarðarsveit. 90 svarendur af alls 329 (27% þeirra) nefndu á hvaða svæðum þeir teldu að Hólasandslína 3 myndi helst hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra á ferðalögum. Af þeim nefndu 57% Eyjafjörð sérstaklega eða sem hluta af neikvæðum áhrifum af allri línuleiðinni. Þá töldu 51% fagfólks að áhrif línunnar í Eyjafirði yrðu neikvæð á upplifun ferðamanna þar en 4% að áhrifin yrðu jákvæð.

57% íbúa í Eyjafjarðarsveit voru neikvæðir til Hólasandslínu 3 í heild sinni, 18% hlutlausir en 25% jákvæðir. Um 68% íbúa í Eyjafjarðarsveit voru neikvæðir til háspennuloftlína, 34% neikvæðir til tengivirkja, 30% neikvæðir til línuslóða en einungis 6% neikvæðir til háspennujarðstrengja. Eins og

áður var nefnt töldu 87% svarenda í íbúakönnuninni mikilvægt að Hólasandslína 3 færi í jarðstreng við Akureyri og í Eyjafjarðarsveit, 80% fagfólks í ferðaþjónustu og 89% hagsmunaaðila í stangveiði.

Fjölfarin reiðleið liggur um Bíldárskarð og í Fnjóskadal nærri fyrirhuguðu línustæði. Þar er jafnframt gömul þjóðleið sem göngumenn, fólk á mótörhjólum og fjallareiðhjólum fara um. Því er líklegt að Hólasandslína 3 sem loftlína í Bíldsárskarði muni hafa neikvæð sjónræn áhrif á það útivistarfólk sem þar fer um.

Hólasandslína 3 sem loftlína á um 15 km leið í Eyjafjarðarsveit mun fara um verulega manngert svæði innan marka sveitarfélagsins sem jafnframt er talsvert nýtt til útivistar og afþreyingar. Þá mun línan liggja um 2 km sunnan við Akureyrarflugvöll og einnig þvera Eyjafjarðará, þar sem er töluverð stangveiði. Neikvæð áhrif verða af línunni í Bíldsárskarði fyrir útivistarfólk sem þar fer um. Ef línuvegurinn verður opinn bílum getur hann nýst í jeppaferðum, fyrir skotveiði o.fl. Loftlína á fyrirhuguðum stað myndi hafa veruleg sjónræn á fjölda fólks sem fer um Eyjafjarðarbraut vestri og Eyjafjarðabraut, jafnt íbúa sem ferðamenn. Þá getur hún haft neikvæð áhrif fyrir núverandi ferðaþjónustuaðila í nágrenninu. (Sjá svör í viðaukum 10, 11 og 12 og athugasemd Ferðafélags Akureyrar í viðauka 13).

Niðurstaða: Verulega/talsvert neikvæð áhrif. Vægiseinkunn -3,5.

7.4.3 Loftínukostur norðan Bíldsár (BI-LN)

Metin voru umhverfisáhrif línuleiðar norðan Bíldsár samhliða núverandi Kröflulínu 1. Til að koma línunni í ásættanlegt línustæði, m.a. með tilliti til ísingarálags, þarf að hliðra Kröflulínu 1 á um 1,5 km kafla. Í drögum að tillögu að matsáætlun var gert ráð fyrir að skoða einungis leið norðan Bíldsár en ábending barst um að línuleiðin lægi um vatnsverndarsvæði nálægt vatnsbólum. Var því einnig skoðuð línuleið sunnan Bíldsár og er hún nú aðalvalkostur Landsnets. Nyrðri leiðin sem nú er valkostur BI-LN er um 200 m lengri en sú syðri, 4,0 km á móti 3,8 km aðalvalkostar.

Að því sem séð verður mun loftlína norðan Bíldsárskarðs BI-LN hafa svipuð áhrif á útivist og ferðaþjónustu eins og aðalvalkostur loftlínu sunnan skarðsins. Báðar línuleiðirnar munu hafa umtalsverð sjónræn áhrif í för með sér fyrir þá sem fara um Bíldárskarð. Auk þess mun línunni fylgja slóði sem getur bætt aðgengi t.d. veiðimanna en á móti truflað upplifun göngufólks, hestamanna o.fl. slíkra hópa af svæðinu sem lítt snortnu.

Niðurstaða: Vægiseinkunn -2,5. Nokkur/talsvert neikvæð áhrif.

7.5 Mat á áhrifum í Fnjóskadal

Um 20 km af Hólasandslínu, um 61 möstur hennar ásamt tilheyrandi línuvegum og mastraplönunum munu liggja um svæði Fnjóskadals, frá miðri Vaðlaheiði, suður dalinn og upp á Hellugnúpsskarð. Í Fnjóskadal mun línan fara um tvö svæði á náttúrminjaskrá, Mela við Illugastaði og jaðar Bleiksmýrardals. Með tilkomu Vaðlaheiðarganga sem opnast inn í Fnjóskadal um 2,5 km sunnan við hringveginn mun leiðin frá Akureyri og í Vaglaskóg stytta um helming, úr 34 km í 17 km, og að Illugastöðum úr 47 km í 30 km. Við það munu skapast ný tækifæri til þróunar ferðaþjónustu og útivistar í dalnum, s.s. í Vaglaskógi, á Illugastöðum og víðar. Jafnframt má færa góð rök fyrir því að með göngunum skapist betri grundvöllur til lengingar ferðamannatímans í Fnjóskadal þar sem ekki þarf þá lengur að fara um Víkurskarð frá Akureyri. Til þessara framtíðarmöguleika þarf að taka tillit þegar áhrif Hólasandslínu 3 á ferðaþjónustu og útivist eru metin.

Hólasandslína 3 í Fnjóskadal mun samkvæmt aðalvalkosti Landsnets ekki sjást frá Vaglaskógi og því ekki hafa bein áhrif á ferðamenn eða útivistarfólk þar eða á stöðum í grennd. Hins vegar verður hún allvel sýnileg frá Illugastöðum en í talsverðri fjarlægð. Þó skorti góðar líkanmyndir frá staðnum sjáfum (bústað eða þjónustumiðstöð) til að meta það betur. Mestu sjónrænu áhrifin verða innan við Illugastaði, á jörðinni Sellandi, við bæinn Reyki, Sörlastaði innst í Fnjóskadal og víðar á því svæði þar sem ýmsir framtíðarmöguleikar eru til þróunar á sviði útivistar og ferðaþjónustu (gönguferðir, hestaferðir). Þar gæti jarðhiti t.d. skapað nýjungar sá sviði ferðaþjónustu.

Talsvert farin reiðleið og forn þjóðleið liggur um Hellugnúpsskarði yfir í Bárðardal, nærri fyrirhuguðu línustæði. Hestamannafélagið Léttr á Akureyri hefur afnotarétt af húsinu á Sörlastöðum rétt vestan skarðsins og þar er einnig nýleg hestarétt. Út frá Sörlastöðum liggja aðrar áhugaverðar reiðleiðir, s.s. um Bleiksmýrardal, Hjaltadal og Timburvalladal. Þá er nokkuð um að göngu- og hjólréiðafólk leggi leið sína um Hellugnúpsskarð. Því er líklegt að Hólasandslína 3 í Hellugnúpsskarði muni hafa neikvæð sjónræn áhrif á hestamenn og annað útivistarfólk sem þar fer um. Ríkisjarðirnar Belgsá og Bakkasel í Fnjóskadal eru í umsjá Skógræktarinnar og á Sörlastöðum er einnig skógrækt á vegum Þingeyjarsveitar. Gert er ráð fyrir að Hólasandslína 3 fari nærri þessum skógræktarsvæðum.

Áform eru um uppbyggingu sumarhúsa í landi Grjótárgerðis rétt sunnan Illugastaða. Þá eru sumarhús í landi Reykja og skipulagðar lóðir fyrir fleiri. Þessar áformuðu sumarhúsabyggingar eru býsna nálægt fyrirhuguðu línustæði Hólasandslínu 3. Línan gæti þar með haft neikvæð áhrif þau áform.

Hlutfallslega flestir íbúar sem afstöðu tóku, eða 43%, nefndu Fnjóskadal sem sitt uppáhaldssvæði í nágrenni fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3. Þá nefndu 7% Illugastaði sérstaklega, 4% Vaglaskóg. Þá nefndu fjórir ferðaþjónustuaðilar af 16 sem eitthvað nefndu að Fnjóskadalur skiptu miklu máli fyrir starfsemi þeirra.

75% íbúa í Fnjóskadal sunnan hringvegarins sem tóku þátt í könnun RRF (27 svarendur) töldu að áhrif Hólasandslínu 3 yrðu neikvæð fyrir ferðaþjónustu og útivist þar en 25% töldu að þau yrðu engin. Þá töldu 67% allra svarenda í íbúakönnuninni að áhrif línunnar í Fnjóskadal yrðu neikvæð. 90

svarendur af alls 329 (27%) nefndu á hvaða svæðum þeir teldu að Hólasandslína 3 myndi helst hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra á ferðalögum. Af þeim nefndu 48% Fnjóskadal sérstaklega eða sem hluta af neikvæðum áhrifum af allri línuleiðinni. Þá töldu 51% fagfólks í ferðaþjónustu (32 svarendur í þeirri könnun) að áhrif Hólasandslínu 3 í Fnjóskadal yrðu neikvæð á upplifun ferðamanna þar en 4% að áhrifin yrðu jákvæð.

41% íbúa í Fnjóskadal voru neikvæðir til Hólasandslínu 3 í heild sinni, 22% hlutlausir en 37% jákvæðir. Þá voru 50% íbúa í Fnjóskadal neikvæðir til háspennuloftlína, 37% neikvæðir til tengivirkja, 26% neikvæðir til línuslóða en enginn til háspennujarðstrengja. 46% svarenda í íbúakönnuninni töldu mikilvægt að Hólasandslína 3 færi í jarðstreng í Fnjóskadal, 32% fagfólks í ferðaþjónustu og 33% hagsmunaaðila í stangveiði.

Hólasandslína 3 sem loftlína á um 20 km leið á svæði Fnjóskadals mun liggja um nokkuð manngert svæði sem er talsvert nýtt til útivistar og afþreyingar, einkum að sumarlagi. Búast má við talsvert vaxandi umferð ferðamanna og útivistarfólks um Fnjóskadal með tilkomu Vaðlaheiðarganga og þar með aukinni uppbyggingu í ferðaþjónustu. Skammt frá línuleiðinni er orlofshúsasvæðið á Illugastöðum. Auk þess eru um 100 sumarhús í Fnjóskadal, flest í einkaeigu, og eru áform um byggingu fleiri. Hólasandslína 3 gæti haft neikvæð áhrif á upplifun orlofsdvalargesta og sumarhúsa-eigenda, einkum nærri línunni. Einnig getur Hólasandslína 3 ásamt Kröflulínu 1 frá Fjósatungu og suður úr haft hamlandi áhrif á frekari sumarhúsaþbyggð í innanverðum dalnum. Þá verða neikvæð áhrif af línunni í Hellugnúpsskarði fyrir útivistarfólk sem þar fer um. Ef línuvegurinn verður opin bílum getur hann m.a. nýst fyrir jeppaferðir og skotveiði. Hólasandslína 3 mun líklega ekki hafa nein marktæk áhrif á aðsókn ferðamanna og útivistarfólks að Vaglaskógi.

Niðurstaða: Talsvert neikvæð áhrif. Vægiseinkunn -3,0.

7.6 Mat á áhrifum í Bárðardal

Um 15 km af Hólasandslínu, um 45 möstur hennar, ásamt tilheyrandi línuvegum og mastraplönun munu liggja um svæði Bárðardals, þ.e. frá Bæjarfjalli, niður Eyjardal, þvert yfir Bárðardal nærri bæjunum Hlíðarenda og Kálfborgará og upp á miðja Fljótsheiði. Í dalnum fer línan yfir gróið Bárðardalshraun, um 9 þúsund ára gamalt. Dalurinn er landbúnaðarhérað og er ferðaþjónusta þar fremur lítil. Gistiþjónusta í Bárðardal er enn að mestu bundin við sumartímenn þrátt fyrir að ferðamenn komi í auknum mæli allt árið að stöðum í nágrenninu s.s. að Goðafossi og í Mývatnssveit.

Samkvæmt umferðartalningu vegagerðarinnar jókst umferð um norðanverðan dalinn um 57% á árabílinu 2010 til 2016, eða svipað og á hringveginum við Goðafoss. Leiðin að Aldeyjarfossi, Hrafnabjargafossi og upp á Sprengisandsleið liggur um Bárðardal.

Mestu sjónrænu áhrifin af Hólasandslínu 3 verða þar sem hún þverar dalinn, Bárðardalsveg vestri (842), Bárðardalsveg eystri (844) auk vinsællar reiðleiðar vestan til dalnum. Línan mun ekki hafa

bein áhrif á ferðamenn sem koma að Goðafossi, eða á ferðamannaverslun eða gistingu þar nema þeir leggi leið sína inn eftir Bárðardal enda verður hún um 8 km innar í dalnum samkvæmt aðalvalkosti Landsnets. Hins vegar munu ferðamenn sem leggja leið sína um Bárðardal upp á Sprengisandsleið, að Aldeyjarfossi eða Hrafnabjargafossi eða að Gistiheimilinu Kiðagili fara undir Hólasandslínu 3 ásamt Kröflulínu 1. Áhrif af Hólasandslínu 3 í Bárðardal eru metin fremur neikvæð fyrir ferðaþjónustu og útivist en ólíklegt er talið að hún muni hafa áhrif á komur ferðamanna þangað. Mikil rjúpnaveiði er í Bárðardal og talsverð gæsaveiði. Hins vegar er lítil stangveiði í Skjálfandafljóti sunnan hringvegar og áhrif línunnar á veiðimenn því metin óveruleg.

47% íbúa í Bárðardal sunnan hringvegarins sem tóku þátt í könnun RRF (28 svarendur) töldu að áhrif Hólasandslínu 3 yrðu neikvæð fyrir ferðaþjónustu og útivist þar, 40% að þau yrðu engin og 13% að þau yrðu fremur jákvæð. Þá töldu 61% allra svarenda í íbúakönnuninni að áhrif línunnar í Bárðardal yrðu neikvæð. 90 svarendur af alls 329 (27%) efndu á hvaða svæðum þeir teldu að Hólasandslína 3 myndi helst hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra á ferðalögum. Af þeim nefndu 33% Bárðardal sérstaklega eða sem hluta af neikvæðum áhrifum af allri línuleiðinni. Þá töldu 64% fagfólks í ferðaþjónustu (32 svarendur í þeirri könnun) að áhrif Hólasandslínu 3 í Bárðardal yrðu neikvæð á upplifun ferðamanna þar en 4% að áhrifin yrðu jákvæð.

26% íbúa í Bárðardal voru neikvæðir til Hólasandslínu 3 í heild, 30% hlutlausir en 44% jákvæðir. Þá voru 47% íbúa í Bárðardal neikvæðir til háspennuloftlína, 32% neikvæðir til tengivirkja, 25% neikvæðir til línuslóða en 12% til háspennujarðstrengja. 19% svarenda í íbúakönnuninni töldu mikilvægt að Hólasandslína 3 færi í jarðstreng í Bárðardal, 13% fagfólks í ferðaþjónustu og sama hlutfall hagsmunaaðila í stangveiði.

Neikvæð sjónræn áhrif verða af Hólasandslínu 3 þar sem hún þverar Bárðardal ásamt Kröflulínu 1 fyrir þá sem fara undir línurnar. Þannig mun hún geta haft nokkur neikvæð sjónræn áhrif á hestamenn sem þar fara um og þá sem nýta sér ferðaþjónustu í dalnum, s.s. á gistiheimilinu Kiðagili eða sem skoða Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafoss eða fara um Sprengisand upp úr eða niður í Bárðardal. Þá getur línan haft einhver neikvæð áhrif á suma skotveiðimenn, en rjúpnaveiði er góð í dalnum og talsverð gæsaveiði. Lítil veiði er í Skjálfandafljóti og því eru áhrif á veiðimenn metin óveruleg. Línan mun ekki hafa bein áhrif á ferðamenn sem koma að Goðafossi.

Niðurstaða: Nokkur neikvæð áhrif. Vægiséinkunn -2,0.

7.7 Mat á áhrifum í Reykjadal

Um 8 km af Hólasandslínu, um 25 möstur hennar ásamt tilheyrandi línuvegum og mastraplönun munu liggja um svæði Reykjadals, þ.e. frá miðri Fljótsheiði, yfir innanverðan Reykjadal nærri bæjunum Stafni, Brún og Máskoti og upp á miðja Ljótsstaðaheiði. Við hringveginn í Reykjadal frá Einarssstöðum og suður úr er umtalsverð og vaxandi ferðaþjónusta, þar á meðal um 340 gistirými, tjaldsvæði, veitingastaðir, verslun og sundlaug. Þá er góð gæsaveiði í innanverðum Reykjadal, nokkur rjúpnaveiði og stangveiði í Reykjadalsá. Vinsæl reiðleið liggur um Reykjadal.

Mest sjónræn áhrif verða af Hólasandslínu 3 þar sem hún fer yfir hringveginn og Stafnsveg (847) ásamt Kröflulínu 1. Þar fer hún auk þess um eða við skógræktarsvæði í Fellshlíð og Víðum. Mikil og ört vaxandi umferð er um hringveginn í Reykjadal. Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar jókst hún um 79% á milli áranna 2010 og 2016 (rúmlega 1000 bílar á dag að jafnaði árið 2016), mest af öllum svæðum í nágrenni fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3 sem loftlínu.

64% íbúa í Reykjadal sunnan Einarstaða sem tóku þátt í könnun RRF (27 svarendur) töldu að áhrif Hólasandslínu 3 yrðu neikvæð fyrir ferðaþjónustu og útivist þar, 32% að þau yrðu engin og 4% að þau yrðu mjög jákvæð. Þá töldu 63% allra svarenda í íbúakönnuninni að áhrif línunnar í Reykjadal yrðu neikvæð. 90 svarendur af 329 (27%) nefndu á hvaða svæðum þeir teldu að Hólasandslína 3 myndi helst hafa neikvæð áhrif á uppifun þeirra á ferðalögum. Af þeim nefndu 34% Reykjadal sérstaklega eða sem hluta af neikvæðum áhrifum af allri línuleiðinni. Þá töldu 67% fagfólks í ferðaþjónustu að áhrif Hólasandslínu 3 í Reykjadal yrðu neikvæð á upplifun ferðamanna þar en 4% að áhrifin yrðu jákvæð.

38% íbúa í Reykjadal voru neikvæðir til Hólasandslínu 3 í heild, 27% hlutlausir en 35% jákvæðir. Þá voru 65% íbúa í Reykjadal neikvæðir til háspennuloftlína, 36% neikvæðir til tengivirkja, 40% neikvæðir til línuslóða en einungis 8% til háspennujarðstrengja. 23% svarenda í íbúakönnuninni töldu mikilvægt að Hólasandslína 3 færi í jarðstreng í Reykjadal, 19% fagfólks í ferðaþjónustu en enginn meðal hagsmunaaðila í stangveiði.

Eins og fram kom í kafla 3.10 eru nú um 340 gistipláss í Reykjadal frá Einarstöðum og suðurúr og hefur þeim fjölgað verulega á síðustu árum, einkum minni gistihúsum. Þá jókst umferðin um hringveginn í Reykjadal um 79% á árabílinu 2010 til 2016 eða mun meira en annars staðar í nágrenni við fyrirhugaða Hólasandslínu 3.

Umtalsverð sjónræn áhrif fyrir vegfarendur verða af Hólasandslínu 3 þar sem hún þverar Reykjadal við hringveginn og á Stafnsvegi ásamt Kröflulínu 1. Einnig mun hún geta hafa neikvæð sjónræn áhrif á hestamenn sem fara um nærri Mátvatni og áfram yfir Laxárdalsheiði eða frá Mátvatni um Stafnsholt yfir í Fnjóskadal. Þá getur línun haft einhver neikvæð áhrif á skotveiðimenn þar sem gæsaveiði er góð í dalnum og nokkur rjúpnaveiði. Nokkur veiði er í Reykjadalssá en áhrif á veiðimenn þó metin óveruleg. Línun mun vart sjást frá Gistiheimilinu að Narfastöðum (114 rúm) og því vart hafa bein áhrif á ferðamenn þar. Hólasandslína 3 mun ekki hafa bein áhrif á ferðaþjónustu og útivist í þjónustukjarnanum á Laugum í Reykjadal eða í næsta nágrenni hans.

Niðurstaða: Nokkur neikvæð áhrif. Vægiseinkunn -2,0.

7.8 Mat á áhrifum í Laxárdal

7.8.1 Aðalvalkostur

Samkvæmt aðalvalkosti Landsnets munu um 8 km af Hólasandslínu 3, um 23 möstur ásamt tilheyrandi línuvegum og mastraplönum liggja frá miðri Laxárdalsheiði, yfir Laxárdal rétt norðan við Varastaðaskóg og upp á Hamarsheiði, um 1,2 km sunnan við núverandi Kröflulínu 1. Áformuð línuleið liggur hér um verndarsvæði Mývatns og Laxár sem verndað er með sérstökum lögum (97/2004). Þar þverar línun Laxá sem er ein þekktasta veiðiá landsins. Allvel gróið apalhraun þekur góðan hluta þess svæði sem nýtur friðlýsingar en eldhraun frá nútíma nýtur sérstakrar verndar laga um náttúrvernd (60/2013, 61. gr). Línan á þessum stað mun ekki sjást frá bæjum í byggð í Laxárdal.

Til að forða beinum spjöllum á verndarsvæði Laxár og Mývatns er gert ráð fyrir að dalurinn og Laxá verði þveruð með um 1 km hafi á loftlínu og að sérstaklega styrkt möstur verð sitt hvoru megin dalsins til að bera hana uppi. Þar mun hún fara í gegnum sunnanverðan hluta um 10 km svæðis meðfram Laxá þar sem engin nýleg mannvirki eru sjáanleg fyrir utan Kröflulínu 1 frá 1977, bæinn á Ljósstöðum frá 6. áratug 20. aldar sem verið er að gera upp og göngubrú frá 1932 yfir Laxá á milli Brettingsstaða og Hólkots. Svæðið er því viðkvæmt fyrir breytingum þar sem það er svo lítið manngert. Línan mun jafnframt þvera göngu- og reiðleið á milli Brettingsstaða og Ljósstaða og liggja yfir suðurjaðar Varastaðaskógar, hávaxins birkiskógar, sem er á náttúruuminjaskrá og friðlýstur að hluta. Mikið fuglalíf er á svæðinu og fjölbreyttur gróður. Því er hér um að ræða merkilega landslagsheild og að margra dómi sannkallaða náttúruperlu. Jeppafær slóði liggur þarna um dalinn að vestaverðu en um hann er lítil umferð. Um dalinn er auk þess nokkur umferð gangandi fólks og hestamanna að sumarlagi, bæði á eigin vegum og í skipulögðum ferðum. Í Laxárdal, ekki síst í dalnum innanverðum, eru góðir möguleikar á að þróa ítöluferðaþjónustu er tengist t.d. gönguferðum, sjálfbærni og fjölbreyttri umhverfisfræðslu fyrir ferðamenn sem ekki vilja vera í fjölmenni (jarðsaga, gróður, fuglar, urriði o.fl.). Slíka ferðaþjónustu, þar sem fremur fáir komast að í einu, má oft selja dýrt sé rétt er á spilunum haldið. Þegar kostar skildinginn að stunda urriðaveiði í Laxárdal.

Hólasandslína 3 sem loftlína getur að mati forsvarsmanna Veiðifélags Laxár og Krákár og Stangaveiðifélags Reykjavíkur haft neikvæð áhrif á ímynd Laxárdals sem vinsæls urriðasvæðis í hugum veiðimanna og spillt fyrir sölu veiðileyfa í ánni (sbr. kafla 5.1.2, 5.2.3 og viðauka 12). Ekki er þó mikið um vinsæla veiðistaði í nágrenni línunnar á þessum stað.

72% íbúa í Laxárdals sem svöruðu viðkomandi spurningu (14 manns) töldu að áhrif Hólasandslínu 3 yrðu neikvæð fyrir ferðaþjónustu og útivist þar en 28% að þau yrðu engin. Þá töldu 60% allra svarenda í íbúakönnuninni að áhrif línunnar í Laxárdal yrðu neikvæð. 90 svarendur af alls 329 (27%) nefndu á hvaða svæðum þeir teldu að Hólasandslína 3 myndi helst hafa neikvæð áhrif á uppifun þeirra á ferðalögum. Af þeim nefndu 35% (32 svarendur) Laxárdal sérstaklega eða sem hluta af neikvæðum áhrifum af allri línuleiðinni. Þá töldu 67% fagfólks í ferðaþjónustu að áhrif Hólasandslínu 3 í Laxárdal yrðu neikvæð á upplifun ferðamanna þar en 4% að áhrifin yrðu jákvæð.

46% íbúa í Laxárdal sem tóku afstöðu voru neikvæðir til Hólasandslínu 3 í heild, 9% hlutlausir en 45% jákvæðir. Þá voru 43% íbúa í Laxárdal neikvæðir til háspennuloftlína, 18% neikvæðir til tengivirkja, 42% neikvæðir til línuslóða en enginn neikvæður til jarðstrengja. 23% svarenda í íbúakönnuninni töldu mikilvægt að Hólasandslína 3 færi í jarðstreng í Laxárdal, þar af 46% íbúa í Þingeyjarsýslu, 19% á Akureyri og 12% í Eyjafjarðarsveit. Þá töldu 40% fagfólks í ferðaþjónustu og 56% stangveiðiaðila (5 svarendur) mikilvægt að Hólasandslína 3 væri lögð í jörðu í Laxárdal.

Hólasandslína 3 sem loftlína mun þvera Laxárdal við sunnanverðan Varastaðaskóg (aðalvalkostur Landnets) og þar með verndarsvæði Laxár og Mývatns sem er verndað með sérstökum lögum frá Alþingi sökum merkrar jarðsögu, gróðurs, fuglalífs og annarra þátta og hefur því hátt verndargildi og sérstöðu. Líkur er á að línan á þessum stað muni hafa einhver neikvæð áhrif á ímynd dalsins í hugum stangveiðmanna þó ekki séu margir vinsælir veiðistaðir í grennd. Hólasandslína 3 mun þarna fara um mjög friðsælt svæði, nær ósnortið af nútímabyggingum, sem býður upp á möguleika á gönguferðum og fræðandi ferðaþjónustu. Líkanmyndir sem til taks eru nú sýna ekki nægilega vel hvort sérstaklega styrkt möstur á dalbrúnum, samkvæmt aðalvalkosti Landsnets, muni sjást frá slóðum nærri bökkum Laxár þar sem útivistarfólk fer helst um. Því er á þessu stigi hæpið að festa vægiseinkunnina.²⁹

Niðurstaða: Nokkur/talsvert neikvæð áhrif. Vægiseinkunn -2,5/-3,0

7.8.2 Loftlínukostur samsíða Kröflulínu 1 (LA-LN)

Um 7 km af Hólasandslínu 3, um 17 möstur hennar ásamt tilheyrandi línuvegum og mastraplönum, munu samkvæmt þessum valkosti liggja frá miðri Laxárdalsheiði, yfir Laxárdal nærri bænum Ljótstöðum og upp á Hamarsheiði. Línan mun þvera Laxá nærri Varstaðahólma, vinsælum veiðistað í landi Hamars og Ljótstaða. Til að forða beinum spjöllum á verndarsvæði Laxár og Mývatns er gert ráð fyrir að dalurinn og Laxá verði þveruð með um 1 km hafi á loftlínu. Þar mun hún fara í gegnum miðju um 10 km svæðis meðfram Laxá þar sem engin nýleg mannvirki eru sjáanleg fyrir utan Kröflulínu 1 frá 1977, bæinn á Ljótstöðum frá 6. áratug 20. aldar sem verið er að gera upp og göngubrú frá 1932 yfir Laxá á milli Brettingsstaða og Hólkots. Línan mun jafnframt þvera göngu- og reiðleið á milli Brettingsstaða og Ljótstaða og liggja í norðurjaðri Varastaðsskógar, hávaxins birkiskógar, sem er á náttúruminjaskrá og friðlýstur að hluta. Mikið fuglalíf er á svæðinu og fjölbreyttur gróður. Línan á þessum stað mun jafnframt fara í gegnum miðja Ljótstaðajörðina og nærri fyrrum bæjarstæði að Hamri sem mögulegt er að farið verði í að endurreisa.

Lítill umferð ökutækja er að Ljótstöðum en nokkur umferð stangveiðimanna, göngufólks og hestamanna. Hólasandslína mun liggja um 500 m suður frá Ljótstaðabænum sem nú er verið að gera upp sem frístundahús og verða vel sýnileg þaðan. Að mati forsvarsmanna Veiðifélags Laxár og Kákár og Stangaveiðifélags Reykjavíkur (SVFR) getur Hólasandslína 3 sem loftlína haft neikvæð áhrif á ímynd Laxárdals sem eins vinsæls urriðasvæðis í hugum veiðimanna og spillt fyrir sölu veiðileyfa í ánni.

²⁹ Hér má nefna að fjallað verður um áhrif Hólasandslínu 3 á landslag og ásynd í sérstökum kafla í frummatsskýrslu Eflu verkfræðistofu.

Hólasandslína 3 sem loftínukostur (LA-LN) rétt sunnan við Varastaðahólma mun þvera Laxárdal og þar með verndarsvæði Laxár og Mývatns sem er verndað með sérlögum frá Alþingi sökum merkrar jarðsögu, gróðurs, fuglalífs og annarra þátta. Svæðið hefur því hátt verndargildi og sérstöðu. Á þessum stað mun Hólasandslína 3 fara um mjög friðsælt svæði, nær ósnortið af nútímabyggingum, sem býður upp á möguleika á gönguferðum og fræðandi ferðaþjónustu. Hún mun jafnframt fara í gegnum miðja Ljósstaðajörðina og nærri fyrrum bæjarstæði að Hamri. Líkur eru á að Hólasandslína 3 á þessum stað muni hafa töluverð neikvæð áhrif á ímynd Laxárdals í hugum stangveiðmanna ekki síst sökum þess að hún verður rétt við Varastaðahólma, einn vinsælasta veiðistaðinn í dalnum. Það er því metið svo að valkostur LA-LN fyrir Hólasandslínu yfir Laxárdal sé talsvert lakari kostur en aðalvalkostur Landsnets á því svæði.

Niðurstaða: Verulega/talsvert neikvæð áhrif. Vægis Einkunn -3,5.

7.8.3 Jarðstrengskostur (LA-J)

Auk aðalvalkosta og loftlínukosta LA-LN hefur Landsnet ákveðið að skoða áhrif tveggja jarðstrengskosta við þverun Laxárdals. Annar kosturinn (LA-J) er sá að þvera verndarsvæðið, hraun og á, með um 1,2 km löngum jarðstreng sem lagður er í grafinn/fleygaðan skurð. Hér er það metið svo að jarðstrengskostur LA-J verði tæplega betri kostur en loftlínu á viðkomandi stað (valkostur LA-LN). Ástæðan er sú að á þessum stað er hraunið mjög þykkt, auk þess sem árbotninn er erfiður yfirferðar og grýttur. Því telst líklegt að veruleg óafturkræf landspjöll yrðu af lagningu jarðstrengsins sem yrðu vel sýnileg útivistarfólki á svæðinu. Möguleg útfærsla framkvæmdinni er fremur óljós og ýmsir óvissuþættir. T.d. er ekki að fullu ljóst hve breitt svæðið yrði sem grafa þyrfti auk slóða fyrir vélar og tæki. Háspennumöstur munu líklega sjást á dalbrúnum beggja vegna.

Hólasandslína 3 í jarðstreng yfir Laxárdal og Laxá nærri Varastaðahólma mun þvera verndarsvæði Laxár og Mývatns sem hefur hátt verndargildi og sérstöðu. Sökum erfiðra aðstæðna eru líkur á að framkvæmdin muni valda óafturkræfum landspjöllum á hrauninu. Þá eru ýmsir óvissuþættir uppi varðandi mögulega framkvæmd. Miðað við núverandi vitneskju er það því metið svo að valkostur LA-J fyrir Hólasandslínu yfir Laxárdal sé lakari kostur en aðalvalkostur Landsnets á því svæði.

Niðurstaða fyrir LA-J: Verulega/talsvert neikvæð áhrif. Vægis Einkunn -3,5.

7.8.4 Jarðstrengskostur (LA-JU)

Valkostur LA-JU snýst um að leggja 2,6 km langan jarðstreng í Laxárdal sem yrði grafinn á hefðbundinn hátt í hlíðar dalsins en dreginn í um 300 m löng rör sem komið yrði fyrir með borun undir hraunið á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Samkvæmt því verða sýnileg áhrif minni en af jarðstrengsvalkosti LA-J ef það tekst að hlífa hraunkömbunum sitt hvoru megin ár og árbotninum einnig. Þá munu háspennumöstur verða nokkuð innan við dalbrúnir og því síður sýnilegar úr dalnum en í jarðstrengskosti LA-J. Ekki er ljóst vert umfang vinnuplana á borstöðum beggja vegna Laxár yrði eða hvernig til stendur að vinna verkið þar sem ekki eru dæmi um sambærilega

framkvæmd hérlendis. Óvissuþættir eru því margir. Þannig er t.d. óljóst hversu varanlegur sýnileiki af skurðum í hlíðum dalsins yrði fyrir þá sem þar fara um, s.s. veiðimenn, göngufólk, hestamenn o.fl.

Hólasandslína 3 í jarðstreng yfir Laxárdal með borun og röralögn undir Laxá nærri Varastaðahólma (valkostur LA-JU) mun þvera verndarsvæði Laxár og Mývatns sem hefur hátt verndargildi og sérstöðu. Ýmislegt er óljóst varðandi framkvæmdina, sérstaklega varðandi borun og röralögn undir hraunkambinn og Laxá. Þar af leiðandi er erfitt að spá fyrir um varanlegan sýnileika framkvæmda og þessi valkostur því metinn geta haft talsvert neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist þar til frekari upplýsingar liggja fyrir er kunna að breyta því mati. Neikvæð áhrif af valkosti LA-JU á ferðaþjónustu og útivist eru því metin svipuð eða heldur meiri en af aðalvalkosti Landsnets á svæðinu.

Niðurstaða fyrir LA-JU: Talsvert neikvæð áhrif. Vægiseinkunn -3,0.

7.9 Mat á áhrifum á Hólasandi

Um 6 km af Hólasandslínu 3, um 18 möstur hennar ásamt tilheyrandi línuvegum og mastraplönunum, mun liggja frá Hamarsheiði og að nýju tengivirki á Hólasandi sem áformað er að reisa nokkuð austan við Kísilveginn. Á þessari leið verður línan ekki samhliða Kröflulínu 1 heldur fer mun norður og um svæði sem engin háspennulína er nú á. Á því svæði verður Hólasandslína 3 mjög vel sýnileg og mun því hafa veruleg sjónræn áhrif og skera sjónlínur þar sem óhindrað útsýni var áður.

Landslag á Hólasandi er áhugavert og sérstak fyrir ferðamenn og útivistarfólk sökum auðnar sinnar, svipað og ýmsar leiðir á hálendinu og víðar, s.s. á Sprengisandi eða Kjalvegi. Fjöll og fjallgarðar eru þó sýnileg í bakgrunni. Kísilvegurinn liggur beint frá Mývatni og norður í Reykjahverfi í mörgum, blindhæðum yfir jökulöldur. Þaðan er víðsýnt og ekkert sem sker sjóndeildarhringinn. Á sama tíma er landgræðsluverkefnið á Hólasandi sem spannar um 130 km² áhugavert fyrir ferðamenn. Fyrirhugað er að frá Hamarsheiði og að tengivirki á Hólasandi verði farin ný línuleið með tilheyrandi sjónrænum áhrifum, slóðagerð og öðru raski. Á Hólasandi mun línan skera sjónlínur í víðerninu og hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem þar fara um, ljósmyndun o.fl. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggðum línuslóðum á Hólasandi þar sem hann er talinn burðarhæfur fyrir vinnuvélar.

Umferð um Kísilveginn er umtalsvert og samkvæmt tölum Vegagerðarinnar jókst hún um 55% á árabílinu 2010 til 2016. Vegurinn tengir saman ferðamannastaðinn Mývatnssveit og hvalaskoðunar bæinn Húsavík og með tilkomu hans á sínum tíma jukust möguleika á fjölbreyttum hringleiðum í Þingeyjarsýslu. Hins vegar er engin þjónusta við ferðamenn í boði á Hólasandi en ekki útlokað að einhverjir sjái sér þar leik á borði.

51% allra svarenda í íbúakönnuninni töldu að áhrif línunnar á Hólasandi yrðu neikvæð, 41% að þau yrðu engin en 8% að þau yrðu jákvæð. 90 svarendur nefndu á hvaða svæðum þeir teldu að Hólasandslína 3 myndi helst hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra á ferðalögum. Af þeim nefndu 29% Hólasand sérstaklega eða sem hluta af neikvæðum áhrifum af allri línuleiðinni. Þá töldu 52%

fagfólks í ferðaþjónustu að áhrif Hólasandslínu 3 yrðu neikvæð á upplifun ferðamanna á Hólasandi þar en 4% að áhrifin yrðu jákvæð.

Um 6% svarenda í íbúakönnuninni töldu mikilvægt að Hólasandslína 3 færi í jarðstreng á Hólasandi, 3% fagfólks í ferðaþjónustu en enginn hagsmunaaðila í stangveiði.

Sérstætt og fallett víðáttulandslag á Hólasandi er áhugavert skapar sérstaka stemmningu, jafnt sumar sem vetur. Hólasandslína mun á þessu svæði fara um áður lítt manngert land, skera sjónlínur og hafa truflandi áhrif á náttúruupplifun þeirra sem þar fara um. Umferð um Kísilveg er umtalsverð og verulega vaxandi. Á móti kemur að svæðið er manngert vegna uppgræðslu og annarra athafna manna. Engin ferðaþjónusta er starfsrækt á Hólasandi.

Niðurstaða: Óveruleg/nokkur neikvæð áhrif. Vægiseinkunn -1,5.

7.10 Mat á áhrifum allrar Hólasandslínu 3

7.10.1 Áhrif á upplifun

Skynjun fólks og tilfinning fyrir náttúrunni, landslagi og landslagsheildum er flókin og margbreytileg. Auk þess fylgir hjá flestum ákveðin tilfinning fyrir mannvirkjum eða þéttbýlisstöðum í grennd, þó þau séu handan við næsta leiti eða dalverpi. Þannig skapar nálægð við 220 kV stálgrindamöstur eða röramöstur, sem algengust eru á Íslandi við það spennustig, aðra tilfinningu hjá flestum en 132 kV trémöstur, eins og eru t.d. í Kröflulínu 1, sem láta mun minna yfir sér í landslaginu. Enda eru 220 kV möstrin að jafnaði um 21 m á breidd og 22-24 m á hæð. Þau ná því hvert og eitt yfir margfalt stærra sjónsvið en 132 kV trémöstur sem eru að jafnaði 10 m á breidd og 12 m á hæð. Á móti kemur að þrjú 132 kV trémöstur þarf fyrir hvert eitt 220 kV mastur og því mynda þau fremur eins konar *mastragirðingu* sem erfiðara er að sjá í gegnum en stálmöstrin. 220 kV möstrin skera hins vegar oft sjónlínur sökum hæðar sinnar. Þau eru síðan bæði að efni og formi þess eðlis að þau falla síður að landslaginu en trémöstur að mati flestra sem tekið hafa þátt í könnunum RRF vegna mats á háspennulínunum síðustu 17 árin. Samkvæmt hugmyndum Landsnets er áformað að nota M-röramöstur í loftlínuhluta Hólasandslínu 3. Kannanir RRF vegna Hólasandslínu og áður vegna mögulegrar loftlínu um Sprengisand benda til þess að þau falli flestum mun betur en M-stálgrindamöstur (sjá niðurstöður í kafla 6.2).

Núverandi háspennulínur

Um 64% íbúa í könnuninni töldu að núverandi háspennulínur, þ.e. Kröflulína 1 og/eða Laxárlína 1, hefðu engin áhrif á *upplifun þeirra af búsetu á núverandi stað*, 32% töldu þær hafa neikvæð áhrif en 4% að þær hefðu jákvæð áhrif. Langflestir nefndu sjónmengun sem það neikvæðasta við línurnar en síðan rafsegulsvið/heilsuspillandi, að línurnar væru ljótar og landspjöll/jarðrask. Þá töldu 61% íbúa að núverandi háspennulínur hefðu engin áhrif á *upplifun þeirra sem ferðamaður um*

nærliggjandi svæði, 38% töldu þær hafa neikvæð áhrif en 1% jákvæð áhrif. Áberandi flestir nefndu sjónmengun sem það neikvæðasta.

Núverandi háspennulínur á svæðinu höfðu ekki haft nein áhrif á náttúruupplifun 73% erlendra ferðamanna við Goðafoss (43% tóku ekki eftir þeim og 30% til viðbótar sögðu þær engin áhrif hafa haft), neikvæð áhrif á 25% þeirra og jákvæð á 2%.

Hólasandslína 3

Um 55% íbúa töldu að fyrirhuguð Hólasandslína 3 sem loftlína myndi engin áhrif hafa á upplifun þeirra af búsetu á núverandi stað, 40% álitu að áhrifin yrðu neikvæð en 5% að línan hefði jákvæð áhrif. Langflestir nefndu sjónmengun sem það neikvæðasta við línuna en síðan rafsegulsvið/heilsuspillandi, að þetta væri ljótt mannvirki og landspjöll/jarðrask.

Þá töldu 45% íbúa að fyrirhuguð Hólasandslína 3 sem loftlína myndi engin áhrif hafa á upplifun þeirra sem ferðamaður á svæðum í nágrenni hennar, 51% að áhrifin yrðu neikvæð en 4% þau yrðu jákvæð. Langflestir nefndu sjónmengun sem það neikvæðasta við línurnar en síðan landspjöll/jarðrask og rafsegulsvið/heilsuspillandi.

39-67% fagfólks í ferðaþjónustu sem afstöðu tóku töldu (alls 30 sem það gerðu) að áhrif Hólasandslínu á einstök landsvæði yrðu fremur eða mjög neikvæð. Álitu flestir að Hólasandslína 3 myndi hafa neikvæð áhrif við Akureyri, í Fnjóskadal, Bárðardal, Reykjadal og Laxárdal. Hins vegar álitu 29-57% þeirra að áhrif Hólasandslínu 3 á einstök svæði yrðu engin, flestir hvað varðar Fljótshéiði en fæstir varðandi Reykjadal og Laxárdal.

Um 41% erlendra ferðamanna við Goðafoss sem afstöðu tóku töldu að Hólasandslína 3 myndi hafa neikvæð áhrif upplifun þeirra af sveitunum í kring, 53% að hún myndi engin áhrif hafa og 6% að hún myndi hafa jákvæð áhrif.

7.10.2 Áhrif á komur og viðskipti

Um 79% íbúa álitu að Hólasandslína 3 myndi engin áhrifi hafa á tíðni heimsóknna þeirra á svæði eða staði í nágrenni hennar, 19% að þeir kæmu sjaldnar en 2% að þeir myndu koma oftar ef línan kæmi. Eins og lesa má af svörum íbúa í viðauka 9C verður að telja líklegast að ætluð sjónræn áhrif af Hólasandslínu 3 og þá einkum af háspennumöstrunum móti helst afstöðu þeirra en einnig skert útsýni og meint jarðrask.

Þá töldu 65% erlendra gesta við Goðafoss haustið 2016 að Hólasandslína 3 myndi engin áhrif hafa á komur þeirra á svæðið í framtíðinni, 18% að þeir kæmu síður en 17% að þeir myndu frekar koma. Þegar á heildina er litið mun Hólasandslínan ekki hafa áhrif á komur svarenda í nágrenni hennar ef af lagningu hennar verður.

47% fagfólks í ferðaþjónustu töldu að Hólasandslína 3 sem loftlína myndi engin áhrif hafa á viðskipti ferðamanna eða útivistarfólks við fyrirtækið, 25% að línan myndi minnka viðskiptin en 28% töldu sig

ekki dómbæra á það. Útskýringar þeirra sem telja að viðskiptin muni minnka felast einkum í því að loftlínan muni spilla útsýni og valda landspjöllum sem fæli viðskiptavinum frá (sjá kafla 5.4.1). Þar sem aðalvalkostur Landsnets er nú að Hólasandslína 3 verði lögð í jarðstreng frá Rangárvöllum ofan Akureyrar og að Bíldsárskarði er ólíklegt hún muni hafa áhrif á viðskipi ferðapjónustuaðila á því svæði nema þá á verktíma.

31% íbúa sem afstöðu tóku voru mjög eða fremur fylgjandi fyrirhugaðri Hólasandslínu 3, 28% hlutlausir en 41% fremur eða mjög andvígir. Þá voru 51% fagfólks í ferðapjónustu mjög eða fremur fylgjandi línunni, 7% hlutlausir en 42% fremur eða mjög andvígir. Skiptar skoðanir eru því meðal þessara hópa á Hólasandslínu 3. Af svörum í viðaukum 9, 10 og 11 má ráða að þeir sem eru andvígir henni séu það fyrst og fremst vegna ætlaðrar sjónmengunar en einnig nokkuð vegna skerts útsýnis, rafsegulviðsáhrifa nærri línunni og meintum umhverfisspjöllum. Þeir sem eru fylgjandi telja helst þörf á auknu raforkuöryggi á svæðinu.

7.10.3 Heildaráhrif Hólasandslínu 3



Ferðamenn skoða Skútustaðagíga í Mývatnssveit.

Yfir 80% erlendra ferðamanna á Íslandi koma einkum til að skoða fjölbreytta íslenska náttúru en einnig til að njóta þar fjölbreyttrar afþreyingar og útivistar. Rannsóknir sýna að hlutfall náttúruunnenda eykst eftir því sem þeir ferðast lengra út á landsbyggðina. Það endurspeglast í könnun RRF meðal erlendra ferðamanna við Goðafoss haustið 2016 þar sem allir merktu við það að *njóta náttúrunnar* væri mikilvæg ástæða komu þeirra í Eyjafjörð og Þingeyjarsýslu. Næst kom það að *njóta útiveru* og að *njóta kyrrðar* sem einnig er náttúrutengt. Það verður því ekki endurtekið nóg samlega að lítt spilt náttúra er helsta auðlind ferðapjónustunnar á Íslandi og því afar mikilvægt að hlúð sé að henni.

Hólasandslína 3 samkvæmt aðalvalkosti Landsnets verður 71 km að lengd, þar af um 10 km sem jarðstrengur um afar vinsælt útivistarsvæði ofan Akureyrar og um ræktarlönd í Eyjafjarðarsveit að

Bíldsárskarði. Sem loftlína í um 61 km mun Hólasandslína 3 liggja inn eftir Fnjóskadal, þvera Bárðardal og Reykjadal og vera nærri byggð á öllum þessum stöðum. Í Laxárdal munu leiðarar Hólasandslínu 3 þvera Laxárdal og um leið verndarsvæði Laxár og Mývatns með háspennumöstur á dalbrúnum. Að öðru leyti mun hún fara um heiðar og afréttarlönd. Landnotkun í nágrenni fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3 sem jarðstrengs við Akureyri og í Eyjafjarðarsveit er mun fjölbreyttari en á leiðinni frá Vaðlaheiði og austur að Hólasandi sem er að mestu bundin við landbúnað. Þó er ferðaþjónusta í grennd í Fnjóskadal (Illugastaðir og sumarhús) og í Reykjadal (ferðaþjónustan á Narfastöðum o.fl.). Ennfremur er veruleg útivist stunduð víða í nágrenni við fyrirhugaða línu.

Það er ákveðinn kostur að leggja Hólasandslínu 3 sem loftlínu að mestu samsíða Kröflulínu 1 og þar með á einu mannvirkjabelti. Það breytir því hins vegar ekki að það verða alltaf umtalsvert meiri sjónræn áhrif af tveimur línunum en einni fyrir þá sem nærri þeim fara eða dvelja.

Loftínuhluti Hólasandslína 3 verður um 61 km gangi aðalvalkostur Landsnets eftir. Er það hrein viðbót við núverandi háspennuloftlínur á Íslandi og því ekkert niðurrif á línu kemur á mótí (mögulega síðar á Laxárlínu 1). Hún mun hafa mun meiri sjónræn áhrif en núverandi 132 kV Kröflulína 1, sem fellur betur inn í landslagið, auk þess sem línurnar saman munu auka á sjónmengunina eins og áður segir.


Þá mun slóðagerð hafa töluvert rask í för með sér, einkum í viðkvæmu hraunlandslagi á austanverðu svæðinu en einnig á kjarrlendi í innanverðum Fnjóskadal og á vel grónu landi. Þá mun einnig verða talsvert rask af gerð plana fyrir möstur. Á mótí kemur að nýir línuslóðar munu auðvelda aðgengi að stöðum í nágrenni línuleiðarinnar ef ákveðið verður að leyfa umferð um þá. Geta þeir því nýst til jeppaferða, skotveiði og ýmiss konar útivistar, einkum á afréttarlöndum og skotveiðisvæðum. Slóðarnir munu þó alltaf verða sem næst línuleið og möstrum Hólasandslínu 3 og því ekki hægt að taka tillit til óska útivistarfólks eða skotveiðimanna um legu þeirra.

Mest sjónræn áhrif af Hólasandslínu 3 á sviði ferðaþjónustu og útivistar samkvæmt aðalvalkosti Landsnets verða þar sem hún mun liggja yfir fjölfarna vegi, s.s. Þjóðveg 1 í Reykjadal, á milli bæjanna Brúnar og Mývatns, og yfir „Kísilveginn“ um Hólasand (87). Ennfremur þar sem hún fer yfir Illugastaðveg í Fnjóskadal (833), Bárðardalsveg vestri (842), Bárðardalsveg eystri (844) og Stafnsveg í Reykjadal (847). Þess utan mun Hólasandslína 3 liggja nærri vegaslóða innst í austanverðum Fnjóskadal á um 10 km kafla, í fallegu kjarri vöxnu landi frá Illugastöðum að Bæjarfjalli. Á þessum stöðum verður línan vel sýnileg á allöngum köflum og spillir útsýni ásamt Kröflulínu 1. Jafnframt mun Hólasandslína 3 trufla fallega fjallasýn og skera sjónlínur á víðáttum á Hólasandi. Þá munu leiðarar hennar þvera Laxárdal sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum. Einnig mun Hólasandslína 3 sem loftlína víða þvera reiðleiðir, gönguleiðir og önnur svæði á sviði útivistar og afþreyingar eða liggja nærri þeim. Gildir það m.a. um alla helstu dali á leiðinni frá Bíldsárskarði að Hólasandi.

Á mynd 7.3 eru dregnir kassar um svæðin sjö á leið fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3 og hringir um línuhlutana innan þeirra. Tölurnar innan hringjanna sýna mat á áætluð áhrifum framkvæmdanna á ferðaþjónustu og/eða útivist á umræddu svæði, samkvæmt vægiseinkunn Landsnets í kafla 1.1. Samkvæmt því verða mest neikvæð áhrif af aðalvalkosti Landsnets á útivist og ferðaþjónustu í

Fnjóskadal (-3,0) og Laxárdal (-2,5/-3,0). Neikvæð áhrif Hólasandslínu 3 eru síðan metin talsvert minni í Bárðardal, Reykjadal og í Eyjafjarðarsveit (-2,0) en minnst við Akureyri og á Hólasandi (-1,5).

Mynd 7.3 Mat á áhrifum línuhluta Hólasandslínu 3, samkvæmt aðalvalkosti, á ferðapjónustu og útivist í nágrenninu



Í töflu 7.1 má sjá hvernig Hólasandslína 3 skiptist á milli svæðanna sjö sem hún liggur um, bæði m.t.t. vegalengdar og fjölda mastra. Þá er vægiseinkunn fyrir hvern línuhluta sýnd bæði í bókstöfum og tölustöfum.

Tafla 7.1 Mat á áhrifum aðalvalkosti Hólasandslínu 3 á ferðapjónustu og útivist

Áhrifasvæði	Km línu/strengs	Hlutfall loftlínu	Fjöldi mastra ³⁰	Vægis-einkunn 1	Vægis-einkunn 2
Við Akureyri	6	9%	0	ÓN/NN	-1,5
Eyjafjarðarsveit	8	11%	13	NN	-2,0
Fnjóskadalur	20	28%	61	TN	-3,0
Bárðardalur	15	21%	45	NN	-2,0
Reykjadalur	8	11%	24	NN	-2,0
Laxárdalur	8	11%	24	NN/TN	-2,5/-3,0
Hólasandur	6	9%	18	ÓN/NN	-1,5
Öll Hólasandslína 3	71	100%	185	NN	-2,2/-2,3

³⁰ Hér er miðað við að meðalfjarlægð á milli háspennumastra verði 370 m. Undantekning er þverun Laxárdals samkvæmt aðalvalkosti en þar er gert ráð fyrir að lengd á milli mastra verði allt að 1 km.

8.0 Mótvegisaðgerðir

Út frá hagsmunum ferðaþjónustu og útivistar er æskilegast að allar nýjar háspennulínur fari í jarðstrengi og þá sem mest meðfram slóðum eða vegum sem þegar hafa verið lagðir. Jafnframt að eldri háspennulínur fari í jörðu. Ítrekaðar kannanir meðal fagfólks í ferðaþjónustu, útivistarfólks, almennra ferðamanna og almennings sýna að mikill meirihluti er neikvæður til loftlína og vill hafa þær neðanjarðar svo sem kostur er (sbr. kafla 6.1, viðauka 11 og víðar), þrátt fyrir meiri kostnað því samfara. Megin ástæður þess eru veruleg sjónræn áhrif af loftlínunum. Þannig nefndu 63-79% af þeim sem útskýrðu neikvæða afstöðu sína sjónræn áhrif af línunum (sbr. útskýringar svarenda í köflum 4.1 og 5.2). Einnig nefndu þeir talsvert rask/spjöll á landi með línuslóðum, aðkomuvegum og mastraplönunum sem og ætluð heilsuspillandi áhrif af rafsegulsvið næst línunum. Færri kannanir hafa verið gerðar á neikvæðum áhrifum jarðstrengslagna en loftlína. Fullt tilefni er til þess að bæta úr því þar sem jarðstrengir eru í auknu mæli að koma inn sem aðalvalkostur, svo sem megintillaga Landsnets um lögn á Hólasandslínu 3 í Eyjafirði ber með sér.

Landsnet telur mögulegt að leggja Kröflulínu 3 í jörðu á viðkvæmum stöðum þar sem Hólasandslína 3 mun liggja samhliða henni, sbr. eftirfarandi umsögn fyrirtækisins í tillögu að matáætlun, ágúst 2017 bls. 8: „Því mun Landsnet leggja mat á umhverfisleg áhrif þess að setja hluta af Kröflulínu 1 (132 kV) niður sem jarðstreng og/eða samnýta möstur fyrir 220 kV og 132 kV línur á þeim köflum þar sem niðurstaða mats á áhrifum Hólasandslínu 3 á ásýnd og landslag eru talin verða talsvert neikvæð“.

Nú hefur verið ákveðið að aðalvalkostur Landsnets verði að leggja Hólasandslínu í jörðu við Akureyri og í Eyjafjarðarsveit, þ.e. frá tengivirki á Rangárvöllum og að Bíldsárskarði, tæplega 10 km leið. Ennfremur eru jarðstrengskostir til skoðunar Laxárdal en á óhentugum stað þar sem hraunið er mjög þykkt. Æskilegt væri að gera sjálfstæða úttekt á því hvar best gæti hentað að leggja Hólasandslínu 3 í jarðstreng yfir Laxárdal með það að markmiði að sýnileg ummerki verði sem minnst. Í jarðstrengslögnum gilda önnur lög mál en varðandi loftlínur (sbr. aðalvalkost og loftínukosti Hólasandslínu 3 við Akureyri og í Eyjafjarðarsveit). Í tengslum við það mætti jafnframt skoða þann kost að Kröflulína 1 yrði rifin og lögð í jarðstreng á sama stað yfir Laxárdal og Hólasandslína 3. Þar með gætu varanleg áhrif af Hólasandslínu 3 í Laxárdal orðið óveruleg/engin ef vel tekst til.

Mjög æskilegt væri að minnka sjónræn áhrif af loftlínunum í innanverðum Fnjóskadal, þar sem hann þrengist mikið, t.d. með því að Kröflulína 1 færi í jörðu eða leiðarar hennar á sömu möstur og Hólasandslína 3. Best væri ef Hólasandslína færi þarna einnig í jarðstreng þar sem svæðið og inndalirnir Fnjóskadals bjóða upp á verulega möguleika til aukinnar ferðaþjónustu og útivistar í framtíðinni, m.a. með tilkomu Vaðlaheiðarganga.

Heildarlengd akstursleiða og slóða vegna Hólasandslínu 3 samkvæmt aðalvalkosti Landsnets verður um 102 km. Þar af eru nýjar slóðir um 28 km en um 74 km fyrirbyggjandi slóðir eða vegir sem eru burðarhæfir (31 km) eða slóðir sem þarf að styrkja (43 km). Meginslóðir verða um 86 km en hliðarslóðir um 16 km. Áætlað er að efnistaka vegna lagningar Hólasandslínu 3 verði um 267.000

m³ og til þess nýttir allt að 23 efnistökuastaðir/námur, þar af 10 í Fnjóskadal einum. Æskilegt er að leita leiða nýrra til að minnka efnistöku eins og kostur er.

Af þeim fjórum mastragerðum fyrir 220 kV háspennulínur sem spurt var um í könnunum vegna Hólasandslínu 3 (íbúar, fagfólk í ferðaþjónustu og erlendir ferðamenn) töldu þátttakendur I-mastur henta best á Íslandi en síst mastrategund sem gengur undir heitinu *Fuglinn*. Fáir töldu M-röramastur henta síst. Það rímar því ágætlega við þær niðurstöður að Landsnet áformar að nota M-röramöstur í loftlínuhluta Hólasandslínu 3. Mikilvægt er að huga að litavali mastra svo þau falli sem best inn í landslagið.

Núllkostur. Ef ekkert verður af framkvæmdum við lagningu Hólasandslínu 3 kæmi það sér í öllum helstu atriðum vel fyrir ferðaþjónustu og útivist á svæðinu. Hvorki myndi koma til rasks á landi og náttúru sem fylgir framkvæmdum né neikvæðra sjónrænna áhrifa af um 185 nýjum háspennumöstum á 61 km langri loftlínuleið. Núllkostur mun þó hafa einhver neikvæð áhrif fyrir aðgengi veiðimanna, jeppafólks og nokkurra annarra hópa í útivist og ferðaþjónustu þar sem aðgengi að áhugaverðum svæðum í nágrenni línunnar mun ekki batna, að því gefni að umferð yrði leyfð um slóðana.

Viðaukar 1-13

Dagur _____

18. Lengd háspennulínunnar frá Akureyri að Hólasandi er áformuð um 77 km. Ef mögulegt er að leggja á þessari leið um 12 km í jarðstreng, hvar telur þú að hann ætti helst að vera?

Merktu við allt að þrjú svæði með því að forgangsraða 1, 2 og 3 (1 = mikilvægast).

Akureyri/Eyjafirði _____
 Vaðlaheiði _____
 Fnjóskadal _____
 Bárðardal _____
 Fljótshéiði _____
 Reykjadal _____
 Laxárdal _____
 Hólasandi _____

Þú ert beðin(n) um að skoða vel myndir af fjórum mögulegum gerðum háspennumastra og svara síðan spurningu 19.

- 19 a. Hvaða gerð mastra telur þú að henti best á Íslandi?

A ₁ B ₂ C ₃ D ₄

b. En síst? A ₁ B ₂ C ₃ D ₄

- 20 a. Hefur þú athugasemdir við fyrirhugaða háspennulínu? Já ₁ Nei ₂

b. Ef já, hvaða athugasemdir? _____

Kærar þakkir fyrir þátttökuna!

Íbúakönnun: háspennulína frá Akureyri að Hólasandi

Verið er að vinna að undirbúningsrannsóknnum fyrir Landsnet vegna fyrirhugaðrar 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi, um 77 km leið. Tilgangurinn með þessari könnun er að fá álit íbúa í næsta nágrenni á áformuðum mannvirkjum o.fl. Umsjón með framkvæmd könnunarinnar hefur Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar - RRF (rognvaldur@rrf.is).

Þú ert beðinn um að skoða vel meðfylgjandi kort af fyrirhugaðri línuleið áður en þú svarar spurningunum.

Þátttaka þín er mikilvæg og farið verður með svörin sem trúnaðarmál.

- Kyn:** Karl ₁ Kona ₂
- Aldur:** _____ ára
- Menntun eftir grunnskóla:** innan við 4 ár ₁ 4-8 ár ₂ yfir 8 ár ₃
- a. Búseta/dvalarstaður:**
Lögbýli ₁ Þéttbýli ₂ Hús/íbúð í dreifbýli ₃ Annað: _____
- a. Hvað hefur þú búið lengi innan svæðisins á meðfylgjandi korti? _____ ár**
b. En þar sem þú býrð núna? _____ ár
- Átt þú land, eða hefur þú umráðarétt yfir landi, sem liggur að fyrirhugaðri línuleið? Já ₁ Nei ₂**
- Á hverjum af eftirtöldum svæðum í nágrenni fyrirhugaðrar háspennulínu hefur þú stundað útivist síðustu 12 mánuði? Vinsanlegast merktu við öll svæðin.**

	Oft	Stundum	Aldrei
Við Akureyri	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Eyjafirði	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Vaðlaheiði	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Fnjóskadal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Bárðardal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Fljótshéiði	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Reykjadal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Laxárdal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Hólasandi	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃

8. Merktu við þá afþreyingu sem þú hefur stundað í nágrenni fyrirhugaðrar háspennulínu síðustu 12 mánuði. Vinsamlegast merktu við allt sem passar.

- | | | | |
|-----------------------------|--------------------------|-----------------|--------------------------|
| Bíltúr með styttri göngum | <input type="checkbox"/> | Fuglaskoðun | <input type="checkbox"/> |
| Lengri göngur á eigin vegum | <input type="checkbox"/> | Plöntuskoðun | <input type="checkbox"/> |
| Lengri göngur með leiðsögn | <input type="checkbox"/> | Jarðfræðiskoðun | <input type="checkbox"/> |
| Skóða menningarminjar | <input type="checkbox"/> | Útreiðar | <input type="checkbox"/> |
| Jeppaferð | <input type="checkbox"/> | Ljósmyndun | <input type="checkbox"/> |
| Reiðhjóla-/fjallahjólaferð | <input type="checkbox"/> | Tína ber | <input type="checkbox"/> |
| Mótorhjólaakstur | <input type="checkbox"/> | Skotveiði | <input type="checkbox"/> |
| Snjósleðaakstur/skiði | <input type="checkbox"/> | Stangveiði | <input type="checkbox"/> |

Önnur afþreying: _____

9. Hvaða staði/svæði í nágrenni fyrirhugaðrar línuleiðar metur þú mest?

Nefndu allt að fjóra staði/svæði staði í mikilvægisröð.

10. Hvernig metur þú áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu á útivist og ferðaþjónustu á eftirtöldum svæðum? Vinsamlegast merktu við öll svæðin.

	Mjög jákvæð	Fremur jákvæð	Engin áhrif	Fremur neikvæð	Mjög neikvæð	Veit ekki
Við Akureyri	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Eyjafjörð	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Vaðlaheiði	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Fnjóskadal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Bárðardal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Fljótshéiði	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Reykjadal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Laxárdal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Hólasand	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6

11 a. Hafa núverandi háspennulínur áhrif á upplifun þína af búsetu á núverandi stað?

Jákvæð 1 Engin 2 Neikvæð 3

b. Ef svarað jávæð eða neikvæð. Í hverju felast áhrifin einkum?

Jákvæð áhrif: _____

Neikvæð áhrif: _____

12. Hafa núverandi háspennulínur áhrif á upplifun þína þegar þú ferðast um nærliggjandi svæði?

Jákvæð 1 Engin 2 Neikvæð 3 Veit ekki 4

Jákvæð áhrif: _____

Neikvæð áhrif: _____

13. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á upplifun þína af búsetu á núverandi stað?

Jákvæð 1 Engin 2 Neikvæð 3 Veit ekki 4

Jákvæð áhrif: _____

Neikvæð áhrif: _____

14 a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á upplifun þína þegar þú ferðast um svæðin í nágrenni hennar?

Jákvæð 1 Engin 2 Neikvæð 3 Veit ekki 4

Jákvæð áhrif: _____

Neikvæð áhrif: _____

b. Á hvaða svæðum helst? _____

15 a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á tíðni heimsóknna þinna á svæði/staði í nágrenni hennar?

Já 1 Nei 2 Veit ekki 3

b. Ef já. Hvaða áhrif?

Kæmi sjaldnar 1 Kæmi jafn oft 2 Kæmi oftar 3 Veit ekki 4

16. Hver er afstaða þín til fyrirhugaðrar háspennulínu?

- | | |
|------------------|----------------------------|
| Mjög fylgjandi | <input type="checkbox"/> 1 |
| Fremur fylgjandi | <input type="checkbox"/> 2 |
| Hlutlaus | <input type="checkbox"/> 3 |
| Fremur andvígur | <input type="checkbox"/> 4 |
| Mjög andvígur | <input type="checkbox"/> 5 |

17. Hver er afstaða þín til eftirtalinnna mannvirkja.

	Mjög jákvæð	Fremur jákvæð	Hlutlaus	Fremur neikvæð	Mjög neikvæð
Háspennuoftlínur (220 kV)	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
Háspennujarðstrengir (220 kV)	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
Tengivirki	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5
Línuslóðar	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5

Háspennulína frá Akureyri að Hólasandi***Ferðaþjónustuaðilar - aðrir en skipuleggjendur ferða***

Verið er að vinna að undirbúningsrannsóknnum fyrir Landsnet vegna fyrirhugaðrar 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi, um 77 km leið. Tilgangurinn með þessari könnun er að fá álit ferðaþjónustuaðila á svæðinu nærri línuleiðinni á mögulegum áhrifum þessara framkvæmda o.fl.. Umsjón með framkvæmd könnunarinnar hefur Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar - RRF (rognvaldur@rrf.is).

Þú ert beðinn um að skoða vel meðfylgjandi kort af fyrirhugaðri línuleið áður en þú svarar spurningunum.

Þátttaka þín er mikilvæg og farið verður með svörin sem trúnaðarmál.

- Kyn:** Karl ₁ Kona ₂
- Aldur:** _____ ára
- Búseta - póstnúmer:** _____
- Menntun eftir grunnskóla:** innan við 4 ár ₁ 5-8 ár ₂ yfir 8 ár ₃
- Hvers konar ferðaþjónustu eru þið með?** *Vinsamlegast merkja við allt sem við á.*
 Gistingu ₁ Tjaldstæði ₂ Veitingar ₃ Verslun ₄
 Safn/sýningu ₅ Bílaleigu ₆ Afþreyingu ₇
 Annað: _____
- Hvað hefur fyrirtækið starfað í mörg ár?** _____ ár
- Hversu margir voru/verða viðskiptavinir fyrirtækisins árin 2015 og 2016?**
Árið 2015: < 500 ₁ 500-999 ₂ 1-5 þús. ₃ 6-10 þús ₄ > 10 þús ₅
Árið 2016: < 500 ₁ 500-999 ₂ 1-5 þús. ₃ 6-10 þús ₄ > 10 þús ₅
- Á hvaða svæði/svæðum á línuleiðinni eruð þið með starfsemi?**
Vinsamlegast merkja við fleira en eitt ef það á við.
 Akureyri ₁ Eyjafjarðarsveit ₂ Fnjóskadal ₃
 Bárðardal ₄ Reykjadal ₅ Laxárdal ₆

9 a. Voruð/verðið þið með starfsemi allt árið 2015 og 2016? Já ₁ Nei ₂

b. Ef nei. Hvaða mánuði þessara ára voruð/verðið þið með starfsemi?

jan feb mars apr maí jún júl ág sept okt nóv des
Árið 2015:

Árið 2016:

10 a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á upplifun ferðamanna á eftirtöldum svæðum? Vinsamlegast merktu við öll svæðin.

	Mjög jákvæð	Fremur jákvæð	Engin áhrif	Fremur neikvæð	Mjög neikvæð	Veit ekki
Við Akureyri	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅	<input type="checkbox"/> ₆
Eyjafjörð	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅	<input type="checkbox"/> ₆
Vaðlaheiði	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅	<input type="checkbox"/> ₆
Fnjóskadal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅	<input type="checkbox"/> ₆
Bárðardal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅	<input type="checkbox"/> ₆
Fljótshéiði	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅	<input type="checkbox"/> ₆
Reykjadal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅	<input type="checkbox"/> ₆
Laxárdal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅	<input type="checkbox"/> ₆
Hólasand	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅	<input type="checkbox"/> ₆

b. Í hverju telur þú áhrifin einkum felast?

Jákvæð áhrif: _____

Neikvæð áhrif: _____

11. Hvaða staði eða svæði í nágrenni línuleiðarinnar telur þú skipta mestu máli fyrir ykkar starfsemi.

Nefndu allt að fjóra staði/svæði í mikilvægisröð; raða 1-4 (1 = mikilvægast).

12 a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á viðskipti ferðamanna eða útivistarfólks við fyrirtækið?

Já ₁ Nei ₂ Veit ekki ₃

b. Ef já. Hvaða áhrif? Auka viðskipti ₁ Minnka viðskipti ₃

c. Hvers vegna? _____

13. Nefndu svæði eða staði í nágrenni við fyrirhugaða háspennulínu sem mætti þróa á sviði ferðaþjónustu og/eða útivistar.

14. Hver er afstaða þín til fyrirhugaðrar háspennulínu?

Mjög fylgjandi ₁
Fremur fylgjandi ₂
Hlutlaus ₃
Fremur andvígur ₄
Mjög andvígur ₅

15. Lengd háspennulínunnar frá Akureyri að Hólasandi er áformuð 77 km. Ef mögulegt er að leggja á þessari leið um 12 km í jarðstreng, hvar telur þú að hann ætti helst að vera?

Merktu við allt að þrjú svæði í mikilvægisröð, raða 1-3 (1 = mikilvægast)

Akureyri/Eyjafirði _____
Vaðlaheiði _____
Fnjóskadal _____
Bárðardal _____
Fljótshéiði _____
Reykjadal _____
Laxárdal _____
Hólasandi _____

Þú ert beðin(n) um að skoða vel myndir af fjórum mögulegum gerðum háspennumastra og svara síðan spurningu 16.

16 a. Hvaða gerð mastra telur þú að henti best á Íslandi?

A ₁ B ₂ C ₃ D ₄

b. En síst? A ₁ B ₂ C ₃ D ₄

17 a. Hefur þú athugasemdir við fyrirhugaða háspennulínu? Já ₁ Nei ₂

b. Ef já, hvaða athugasemdir? _____

Kærar þakkir fyrir þátttökuna!

Dagur _____

- 16 a. Hefur þú athugasemdir við fyrirhugaða háspennulínu? Já ₁ Nei ₂
- b. Ef já, hvaða athugasemdir? _____
- _____
- _____

Kærar þakkir fyrir þátttökuna!

Háspennulína frá Akureyri að Hólasandi

Könnun meðal ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda

Verið er að vinna að undirbúningsrannsóknnum fyrir Landsnet vegna fyrirhugaðrar 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi, um 77 km leið. Tilgangurinn með þessari könnun er að fá álit ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda á svæðinu nærri línuleiðinni á mögulegum áhrifum þessara framkvæmda o.fl.. Umsjón með framkvæmd könnunarinnar hefur Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar - RRF (rognvaldur@rrf.is).

Þú ert beðinn um að skoða vel meðfylgjandi kort af fyrirhugaðri línuleið áður en þú svarar spurningunum.

Þátttaka þín er mikilvæg og farið verður með svörin sem trúnaðarmál.

- Kyn:** Karl ₁ Kona ₂
- Aldur:** _____ ára
- Búseta - póstnúmer:** _____
- Menntun eftir grunnskóla:** innan við 4 ár ₁ 5-8 ár ₂ yfir 8 ár ₃
- Hvað hefur fyrirtækið starfað í mörg ár? _____ ár**
- Hversu margir voru/verða viðskiptavinir fyrirtækisins árin 2015 og 2016?**
Árið 2015: < 500 ₁ 500-999 ₂ 1-5 þús. ₃ 6-10 þús ₄ > 10 þús ₅
Árið 2016: < 500 ₁ 500-999 ₂ 1-5 þús. ₃ 6-10 þús ₄ > 10 þús ₅
- Hvers konar ferðir bjóðið þið uppá? Vinsamlegast merkja við allt sem við á.**
 Almennar skoðunarferðir Hvalaskoðun Jeppaferðir
 Vélsleða-/fjór hjólaferðir Hestaferðir Gönguferðir
 Norðurljósaferðir Skíðaferðir Sjóstangveiði
 Ljósmyndaferðir Menningar-/söguferðir
 Annars konar ferðir: _____

8. Í hvaða mánuðum hafa verið /verða skipulagðar ferðir hjá ykkur í nágrenni línuleiðarinnar árin 2015 og 2016?

	jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ág	sept	okt	nóv	des
Árið 2015:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Árið 2016:	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

9. Hvaða svæði á línuleiðinni nýtið þið og hver þeirra eru mikilvægust fyrir ykkar starfsemi? Raðaðu allt að fjórum í mikilvægisröð 1-4 (1 = mikilvægast).

Vinsamlegast merktu við allt sem passar og raðaðu síðan.

Raða 1-4

Akureyri	<input type="checkbox"/>	_____
Eyjafjardarsveit	<input type="checkbox"/>	_____
Vaðlaheiði	<input type="checkbox"/>	_____
Fnjóskadalur	<input type="checkbox"/>	_____
Bárðardalur	<input type="checkbox"/>	_____
Fljótshéiði	<input type="checkbox"/>	_____
Reykjadalur	<input type="checkbox"/>	_____
Laxárdalur	<input type="checkbox"/>	_____
Hólasandur	<input type="checkbox"/>	_____

10 a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á upplifun ferðamanna á eftirtöldum svæðum? Vinsamlegast merktu við öll svæðin.

	Mjög jákvæð	Fremur jákvæð	Engin áhrif	Fremur neikvæð	Mjög neikvæð	Veit ekki
Við Akureyri	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Eyjafjörð	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Vaðlaheiði	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Fnjóskadal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Bárðardal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Fljótshéiði	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Reykjadal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Laxárdal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Hólasand	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6

b. Í hverju telur þú áhrifin einkum felast?

Jákvæð áhrif: _____

Neikvæð áhrif: _____

11 a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á viðskipti ferðamanna eða útivistarfólks við ykkur?

Já 1 Nei 2 Veit ekki 3

b. Ef já. Hvaða áhrif? Auka viðskipti 1 Minnka viðskipti 3

c. Hvers vegna? _____

12. Nefndu svæði eða staði í nágrenni við fyrirhugaða háspennulínu sem mætti þróa á sviði ferðaþjónustu og/eða útivistar.

13. Hver er afstaða þín til fyrirhugaðrar háspennulínu?

Mjög fylgjandi 1

Fremur fylgjandi 2

Hlutlaus 3

Fremur andvígur 4

Mjög andvígur 5

14. Lengd háspennulínunnar frá Akureyri að Hólasandi er áformuð 77 km. Ef mögulegt er að leggja á þessari leið um 12 km í jarðstreng, hvar telur þú að hann ætti helst að vera?

Merktu við allt að þrjú svæði í mikilvægisröð, raða 1-3 (1 = mikilvægast)

Akureyri/Eyjafirði _____

Vaðlaheiði _____

Fnjóskadal _____

Bárðardal _____

Fljótshéiði _____

Reykjadal _____

Laxárdal _____

Hólasandi _____

Þú ert beðin(n) um að skoða vel myndir af fjórum mögulegum gerðum háspennumastra og svara síðan spurningu 15.

15 a. Hvaða gerð mastra telur þú að henti best á Íslandi?

A 1 B 2 C 3 D 4

b. En síst? A 1 B 2 C 3 D 4

Dagur _____

Háspennulína frá Akureyri að Hólasandi**Könnun meðal leigutaka og leigusala í stangveiði**

Verið er að vinna að rannsóknum fyrir Landsnet vegna fyrir-hugaðrar 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi, um 77 km leið. Tilgangurinn með þessari könnun er að fá álit stangveiðifélaga sem nýta svæðið á eða nærri línuleiðinni á mögulegum áhrifum framkvæmdanna. Umsjón með könnuninni hefur Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar - RRF (rognvaldur@rrf.is).

Þú ert beðinn um að skoða vel meðfylgjandi kort af fyrirhugaðri línuleið áður en þú svarar spurningunum.

Þátttaka þín er mikilvæg og farið verður með svörin sem trúnaðarmál.

- Kyn:** Karl 1 Kona 2
- Aldur:** _____ ára
- Búseta - póstnúmer:** _____
- Hve margir stunduðu veiði í Laxá í Laxárdal árið...**
2017? _____ 2016? _____ 2015? _____
- Hver var skipting veiðimanna hjá ykkur árið 2017 eftir kyni og búsetu?**
Karlur ____% Íslendingar ____%
Konur ____% Útlendingar ____%
Alls 100% Alls 100%
- a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á upplifun veiðimanna í Laxá í Laxárdal?**
Mjög jákvæð 1 Fremur jákvæð 2 Engin áhrif 3 Fremur neikvæð 4 Mjög neikvæð 5 Veit ekki 6
- b. Ef þú telur áhrifin verða jákvæð eða neikvæð, vinsamlegast útskýrðu:**
Jákvæð áhrif: _____
Neikvæð áhrif: _____
- a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á það hvort veiðmenn nýti veiðistaðina næst henni?**
Nýta þá síður 1 Engin áhrif 2 Nýta þá frekar 3

- b. Ef merkt var við „nýta þá síður“ eða „nýta þá frekar“, vinsamlegast útskýrðu:**

- a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á viðskipti veiðimanna við ykkur hvað varðar Laxá í Laxárdal?**
Já 1 Nei 2 Veit ekki 3
- b. Ef já. Hvaða áhrif? Auka viðskipti 1 Minnka viðskipti 3**
- c. Hvers vegna? _____**
- 9. Hver er afstaða þín til fyrirhugaðrar háspennulínu?**
Mjög fylgjandi 1
Fremur fylgjandi 2
Hlutlaus 3
Fremur andvígur 4
Mjög andvígur 5
- 10. Lengd háspennulínunnar frá Akureyri að Hólasandi er áformuð 77 km. Ef mögulegt er að leggja á þessari leið um 12 km í jarðstreng, hvar telur þú að hann ætti helst að vera?**
Merktu við allt að þrjú svæði í mikilvægisröð, raða 1-3 (1 = mikilvægast)
Akureyri/Eyjafirði _____
Vaðlaheiði _____
Fnrjóskaðal _____
Bárðardal _____
Fljótshéiði _____
Reykjaðal _____
Laxárdal _____
Hólasandi _____

Þú ert beðin(n) um að skoða vel myndir af fjórum mögulegum gerðum háspennumastra og svara síðan spurningu 11.

- 11 a. Hvaða gerð mastra telur þú að henti best á Íslandi?**
A 1 B 2 C 3 D 4
- b. En síst? A 1 B 2 C 3 D 4**
- 12 a. Hefur þú athugasemdir við fyrirhugaða háspennulínu? Já 1 Nei 2**
- b. Ef já, hvaða athugasemdir? _____**

Dagur _____

Háspennulína frá Akureyri að Hólasandi***Könnun meðal skotveiðimanna***

Verið er að vinna að undirbúningsrannsóknnum fyrir Landsnet vegna fyrirhugaðrar 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi, um 77 km leið. Tilgangurinn með þessari könnun er að fá álit nokkurra vanra skotveiðimanna á svæðinu nærri línuleiðinni á mögulegum áhrifum þessara framkvæmda o.fl.. Umsjón með framkvæmd könnunarinnar hefur Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar - RRF (rognvaldur@rrf.is).

Þú ert beðinn um að skoða vel meðfylgjandi kort af fyrirhugaðri línuleið áður en þú svarar spurningunum.

Þátttaka þín er mikilvæg og farið verður með svörin sem trúnaðarmál.

- Kyn:** Karl ₁ Kona ₂
- Aldur:** _____ ára
- Búseta - póstnúmer:** _____
- Telur þú að skotveiði á gæs og rjúpu sé mikið, nokkuð eða lítið/ekkert stunduð á eftirtöldum svæðum nærri fyrirhugaðri línuleið?**

Vinsamlegast merktu við öll svæðin.

	GÆSAVEIÐI			RJÚPNAVEIÐI		
	Mikið	Nokkuð	Lítið/ ekkert	Mikið	Nokkuð	Lítið/ ekkert
Við Akureyri	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Eyjafjarðarsveit	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Vaðlaheiði	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Fnjóskadal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Bárðardal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Fljótshéiði	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Reykjadal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Laxárdal	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃
Hólasandi	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃

5 a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á upplifun skotveiðimanna á eftirtöldum svæðum? Vinsamlegast merktu við öll svæðin.

	Mjög jákvæð	Fremur jákvæð	Engin áhrif	Fremur neikvæð	Mjög neikvæð	Veit ekki
Við Akureyri	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Eyjafj.sveit	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Vaðlaheiði	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Fnjóskadal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Bárðardal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Fljótshéiði	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Reykjadal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Laxárdal	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6
Hólasandi	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4	<input type="checkbox"/> 5	<input type="checkbox"/> 6

b. Í hverju telur þú að áhrifin muni einkum felast?

Jákvæð áhrif: _____

Neikvæð áhrif: _____

6 a. Telur þú að fyrirhuguð háspennulína muni hafa áhrif á það hvort veiðmenn nýti svæðin nærri henni til skotveiða?

Nýta þau síður 1 Engin áhrif 2 Nýta þau frekar 3 Veit ekki 4

b. Ef merkt var við „nýta þau síður“ eða „nýta þau frekar“, vinsamlegast útskýrðu:

7. Telur þú líklegt að háspennulínan hafi áhrif á það hvort veiðist nærri henni?

Mjög líklegt 1 Fremur líklegt 2 Fremur ólíklegt 3 MJög ólíklegt 4

8. Hvar telur þú bestu skotveiðisvæðin á gæs og rjúpu vera í nágrenni við fyrirhugaða háspennulínu?

Besta gæsasvæðið: _____

Besta rjúpnasvæðið: _____

9. Lengd háspennulínunnar frá Akureyri að Hólasandi er áformuð 77 km. Ef mögulegt er að leggja á þessari leið um 12 km í jarðstreng, hvar telur þú að hann ætti helst að vera?

Merktu við allt að þrjú svæði í mikilvægisröð, raða 1-3 (1 = mikilvægast)

Akureyri/Eyjafirði _____
Vaðlaheiði _____
Fnjóskadal _____
Bárðardal _____
Fljótshéiði _____
Reykjadal _____
Laxárdal _____
Hólasandi _____

10. Hver er afstaða þín til fyrirhugaðrar háspennulínu?

Mjög fylgjandi 1
Fremur fylgjandi 2
Hlutlaus 3
Fremur andvígur 4
Mjög andvígur 5

Þú ert beðin(n) um að skoða vel myndir af fjórum mögulegum gerðum háspennumastra og svara síðan spurningu 11.

11 a. Hvaða gerð mastra telur þú að henti best á Íslandi?

A 1 B 2 C 3 D 4

b. En síst? A 1 B 2 C 3 D 4

12 a. Hefur þú athugasemdir við fyrirhugaða háspennulínu? Já 1 Nei 2

b. Ef já, hvaða athugasemdir? _____

Kærar þakkir fyrir þátttökuna!

16. Do you think the proposed transmission line will affect your visits to the area in the future (more or less likely to come again)?

- | | | | | | |
|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|
| <i>Much more likely</i> | <i>More likely</i> | <i>No effect</i> | <i>Less likely</i> | <i>Would not come</i> | <i>Don't know</i> |
| <input type="checkbox"/> 1 | <input type="checkbox"/> 2 | <input type="checkbox"/> 3 | <input type="checkbox"/> 4 | <input type="checkbox"/> 5 | <input type="checkbox"/> 6 |

We kindly ask you to carefully examine the images of the four types of transmission towers, and then answer question 17.

17 a. What type of transmission tower do you think suits best in Iceland? ?

- A 1 B 2 C 3 D 4

b. But the worst? A 1 B 2 C 3 D 4

18. Tips / comments: _____

Thank you for the participation!

Dagur: _____ Staður: _____


Visitor survey and transmission line Akureyri-Hólasandur

This survey is conducted on behalf of the Icelandic Transmission System Operator (Landsnet) as a part of an environmental impact assessment in relation to a planned 220 kV transmission line from Akureyri to Hólasandur (length approx. 77 km). The purpose of which is to obtain knowledge on the visitors to the area; the reasons for their trip, places visited, activities, attitudes towards planned structure etc. The survey is conducted by the firm *Tourism Research and Consulting*.

Your participation in the survey is important, and all information will be kept confidential.

1. **Gender:** Male 1 Female 2
2. **Age:** _____ years
3. **Country of residence:** _____
4. **Secondary education (after mandatory level):**
 less than 4 years 1 4-8 years 2 more than 8 years 3
5. **How many nights are you staying in Iceland?** _____ nights
6. **What are your travelling arrangements?** *Tick more than one answer if appropriate.*
 Private travel 1
 Partly organised by others (self-drive) 2
 Group tour 3
7. **Mode of transportation used in Iceland.** *Check as many as apply.*
 Rental car 1 Tour bus 3 Friends car 5
 Own car 2 Bus (scheduled) 4 Bike 6 Motorbike 7
 Other: _____
8. **Who are you travelling with?** *Tick more than one answer if appropriate.*
 Travelling alone 1 Other relatives 4
 Spouse / partner 2 Friend(s) 5
 Family with child(ren) 3 Work/club colleague(s) 6
 Other: _____

9. On the map, mark the places that you stopped at - or still plan to.



10. Have you been to this area before? No 1 Yes 2 -> How often? ___ times

11. How long are you staying in the area? ___ nights ___ hours (day visitors)

12. What are your reasons for visiting the area on this trip? Please mark all.

	Very important	Fairly important	Less important	Unimportant
Enjoy nature/view	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Enjoy being outdoors	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Enjoy peace and quiet	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Spend time with family / friends	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4

	Very important	Fairly important	Less important	Unimportant
Physical exertion	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Whale watching	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Bird watching	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Look at buildings/structures	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Look at cultural/historical relics	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Discover the lifestyle of the local people	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Experience the highland	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Horse riding	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4
Look at a specific place/places	<input type="checkbox"/> 1	<input type="checkbox"/> 2	<input type="checkbox"/> 3	<input type="checkbox"/> 4

Which place(s)? _____

Other reasons: _____

13. What else have you done or looked at in the area of the accompanying map or still plan to? Mark everything that you did or plan to do.

Hikes and walks	<input type="checkbox"/>	Húsavík Whale Museum	<input type="checkbox"/>
Excursions with guide	<input type="checkbox"/>	Exploring caves	<input type="checkbox"/>
Horse riding	<input type="checkbox"/>	Salmon/trout angling	<input type="checkbox"/>
Mývatn Nature Baths	<input type="checkbox"/>	Bird-watching	<input type="checkbox"/>
Swimming-pool	<input type="checkbox"/>	Viewing plants	<input type="checkbox"/>
Museum/exhibition	<input type="checkbox"/>	Picking berries or herbs	<input type="checkbox"/>
Photography	<input type="checkbox"/>	Geological observation	<input type="checkbox"/>
Whale watching	<input type="checkbox"/>	Other: _____	

14 a. Have you noticed transmission lines in the area? No 1 Yes 2

b. If yes: Where? Draw a circle/circles on the map.

c. If yes: Did the transmission lines affect your landscape experience?


Positive effects 1 No effects 2 Negative effects 3 Don't know 4

To answer questions 15 and 16 please observe the map of the transmission line area carefully.

15 a. Do you think the proposed transmission line will affect your experience of the surrounding countryside?

Yes 1 No 2 Don't know 3

b. If yes: what impact? Negative 1 Positive 2



Hjalteyri

Eyjafjörður

Víkurskarð

Laxá

Gæsafljöll

Svalbarðseyri

Vaðlaheiði

Hólasandur

Krafla/Víti

Ljósavatnsskarð

Ljósavatn

Laugar

Ljósstaðir

Akureyri

Goðafoss

Fjótshéiði

Reykjadalur

Brún

Brettingsstaðir

Reykjahlið

Brúnagerði

Fjósatunga

Þórðarstaðir

Illugastaðir

Eyjdalsá

Einbúi

Viðar

Másvatn

Mývatn

Glerá

Kjarnaskógi

Vagfir

Ytra-Gil

Teigur

Kristnes

Hrafnagil

Eyjafjarðará

Þverá

Reykir

Hlíðarendi



Kálfborgará

Skjálfandafliót



0 5 10 km

0 100 200 km



- Sjónmengun
- Sjónræn áhrif og straumleysi í vondum veðrum
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun og rafsegulsvið
- Sjónmengun og rafsegulsvið
- Náttúruspjöll, jarðrask
- Línur slitna vegna snjófargs svo er þetta ljótt
- Spillir upplifun
- Útsýni og slæmur frágangur
- Þessar línur eru ljótar allstaðar
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Stutt frá íbúðarhúsi, sjónmengun
- Stutt frá íbúðarhúsi, sjónmengun
- Sjónræn
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Lýti á náttúru Íslands
- Ljótt í fallegu umhverfi og heilsuspillandi
- Heilsuspillandi og ljótt
- Ljótt
- Auðvitað sjáum við þessar línur og finnst þær ekki fallegar. Höfum vanist þeim enda eru þetta trémöstur og mun lægri.
- Núverandi lína er gömul og samgróin landslaginu en ný lína er afar stór og á að mínu mati að fara í jörð.
- Sjónmengun. Áhrif á náttúruna.
- Ónot. Sjónmengun. Hætta á efnamengun
- Sjónmengun
- Eyðilegging á ósnortnu landi. Sjónmengun.
- Sjónræn á dali og heiðar
- Sjónmengun og þarf að fella tré vegna hennar
- Sjónmengun. Skemmir land.
- Sjónmengun

VIÐAUKI 9B

Íbúar

16 útskýrðu hvers vegna þeir töldu núverandi háspennulínur á svæðinu hafa jákvæð áhrif á núverandi búsetustað þeirra (5% svarenda).

- Mjög þarft framtak, vegur hærra
- Sleppum við rafmagnsskömmun
- Þurfum meiri rafmagn á svæðið
- Eru kennileiti í slæmu skyggni

- Eru kennileiti í slæmu skyggni
- Upplifi betri búsetuskilyrði
- Hef atvinnu af dreifikerfum
- Fá nóg rafmagn í það sem ég þar
- Nægilegt rafmagn
- Þetta eru engar háspennulínur
- Þetta eru engar háspennulínur
- Þetta eru engar háspennulínur
- Þurfa einversstaðar að vera
- Þurfa einversstaðar að vera
- Þetta venst
- Öryggi í orkuafhendingu
- Línuvegir auðvelda nýtingu land

VIÐAUKI 9C

Íbúar

103 útskýrðu hvers vegna þeir töldu núverandi háspennulínur hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem ferðamaður á nærliggjandi svæðum (31% svarenda).

- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun, fugladauði, jaðaráhrif spennu
- Skemmd á landslagi
- Sjónræn áhrif
- Línur um Fljótsheiði og Vaðlaheiðir eru ljótar. Nýjar línur afleit hugmynd
- Sjónmengun og línuvegir spilla líka náttúrunni
- Skemmir útsýni og upplifun á náttúrunni
- Allar háspennulínur eru ljótar
- Sjónmengun
- Neikvæð áhrif á landslagsupplifun
- Sjónmengun
- Ljótt
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónræn áhrif
- Sjónmengun, hættulegar flugi
- Sjónræn
- Sjónræn
- Ekki fallett

Viðaukar

- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun, skapa hættu í flugi
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun í Bíldsárskarði og víðar
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Skemma skóga og útivistarsvæði
- Sjónmengun og rask á landi
- Skemma útsýni og eru lýti í landslagi
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Ljótt
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Lýti á umhverfinu
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Leggja í jörð u
- Lýti, einkum í lítt spillti náttúru
- Sjónræn
- Sjónmengun
- Mikil sjónmengun
- Sjónmengun og jarðrask
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Hugsanlega slæm áhrif á heilsu manna og annarra lífvera, . Auk þess sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Neikvæð sjónræn áhrif
- Sjónræn áhrif og spilla við myndatökur
- Sjónmengun
- Spilla útsýni í óspilltri náttúru
- Truflandi áhrif
- Sjónmengun
- sjónmengun
- sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Ljótt útlit mastra
- Hefur neikvæði sjónræn áhrif
- Sjónmengun
- Náttúruspjöll
- Skemmi útsýni
- Spillir upplifun
- Neikvæð áhrif útsýni og slæmur frágangur
- Allar línur eru ljótar
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónræn
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Skemma útsýni
- Ljótar og skera sundur land
- Sjónmengun
- Ljótt í falletu umhverfi og heilsuspillandi
- Finnst alltaf ljótt að sjá þetta
- Afar neikvætt sjónrænt
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Jarðrask og sjónmengun
- Fyrst og fremst sjónmengun. Þrengir að hjá okkur í Sellandi

Ætluð áhrif Hólasandslínu 3 sem loftlínu á búsetustað íbúa og á upplifun þeirra á nærliggjandi svæðum sem ferðamenn

VIÐAUKI 2A

Íbúar

93 útskýrðu hvers vegna þeir töldu að Hólasandslína 3 sem loftlína mynd hafa neikvæð áhrif á núverandi búsetustað þeirra (28% svarenda).

- Sjónmengun
- Sjónmengun, hefur áhrif á öryggi flugvallarins og upp í Hlíðarfjalli
- Neikvæð áhrif á útivistarsvæði, Kjarnskóg og flugöryggi
- Spillir náttúrunni
- Vil þetta ekki nálægt mér
- Möguleg neikvæð áhrif og sjónræn
- Neikvæð áhrif á útsýni
- Ef möstur verða nærri Akureyri eða á Rangárvöllum, þá mjög neikvæð áhrif og er óásættanlegt
- Sjónmengun, mögulega segulsvið og suð
- Skemmir náttúru, lækkar verð á húseignum
- Ókostur að búa nálægt vegna áhrifa á heilsu
- Neikvætt ef línan fer yfir svæði Bílaklúbbs Akureyrar
- Sjónmengun
- Sjónmengun og rafbylgjur
- Sjónmengun
- Sjónræn áhrif
- Sjónmengun, vil frekar jarðstreng
- Sjónræn
- Sjónræn
- Spillir útsýni og upplifun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónræn áhrif út um eldhúsgluggann
- Sjónræn
- Sjónmengun
- Sjónmengun í óspilltri náttúru
-
- Hræðsla við rafsegulmengun og neikvæð áhrif á heilsufar
- Heilsufarsáhrif, nálægt við línu
- Skemmur útsýni, lýti í landslagi
- Einkum neikvætt í Eyjafirði
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Of mikið rafsegulsvið
- Lýti á umhverfinu, á að vera neðanjarðar
- Sjónmengun og mikið rafsegulsvið
- Sjónmengun
- Eyðileggur uppbyggingu á svæðinu
- Eyðileggur uppbyggingu á svæðinu
- Eyðileggur fyrirhugaða uppbyggingu á okkar jörð
- Sjónmengun og slæm áhrif frá rafmagni
- Kemur bara ekki til greina!
- Sjónmengun, heilsuspillandi
- Sjónmengun
- Mun fara í gegnum land í minni eigu
- Sjónmengun og jarðrask
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Hugsanlega slæm áhrif á heilsu manna og annarra lífvera, sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Enn meiri sjónmengun en af núverandi línunum
- Sjónmengun
- Sjónmengun og áhrif á heilsfar
- Sjónmengun, óþægindi að vera nálægt línunni
- Mikið lýti á fallegu landslagi
- Sjónmengun
- Neikvæð öryggisáhrif, slæm áhrif á náttúruvernd
- Vond áhrif, truflar tilveruna
- Jarðrak og sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Viðbót sem er lýti
- Sjónmengun

- Hugsanlega slæm áhrif á heilsu manna og annarra lífvera, auk þess sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónræn áhrif
- Sjónmengun
- Sjónmengun og áhrif áheilsufar
- Sjónmengun
- Ég mun ekki tína ber og grös nálægt línunni
- Sjónmengun
- Neikvæð áhrif á öryggi og náttúruvernd
- Slæm sjónræn áhrif
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Sjónmengun
- Ljótt
- Sjónmengun
- Náttúruspjöll og jarðrask
- Sjónmengun
- Mannvirki í lítt spilltri náttúru
- Allar línur eru ljótar
- Stór háspennuvirki spilla ásýnd
- Sjónmengun
- Ekki lengur ósnortin náttúra
- Sjónmengun
- Sjónræn
- Náttúran verður ekki lengur óspillt
- Sjónmengun
- Neikvæð ásýnd
- Sjónmengun, jarðrask og landspjöll
- Sjónmengun
- Skemma útsýni
- Fækka á loftlínunum en ekki fjölga þeim
- Sjónmengun
- Sem ferðamaður eru háspennulínur allaf neikvæðar
- Sjónmengun
- Finnst þetta ljótt í náttúrunni
- Sjónmengun. Efnamengun
- Stórfelld neikvæð áhrif
- Tilvist risastórra mastra í einstaklega falletgri náttúru
- Sjónmengun í þröngum og fögrum dal
- Neikvætt vegna stærðar og umfangs

Athugasemdir/ábendingar vegna Hólasandslínu 3 sem loftlínu

VIÐAUKI 11A

Íbúar

126 komu með athugasemdir/ábendingar varðandi Hólasandslínu 3 (39% svarenda).

- Ég vil allar línur settar í jörðu.
- Þarf að vera í jörðu í Eyjafirði.
- Sjónmengun, áhrif línu á flugumferð, í Hlíðarfjalli (snjóóleðar) í Vaglaskógi og Kjarnaskógi.
- Neikvæð áhrif á flugvöll og flugumferð.
- Ekkert af möstrunum hentar hér. Það að reisa möstur er úrelt aðferð.
- Viðhaldskostnaður við möstur. Rafmagnslínur nauðsynlegar en fella í jörðu og á lengri leið forðast mannabygðir.
- Fara með línuna sem mest í jörðu.
- Set fyrirvara við að Hólasandslína 3 sé nauðsyn vegna almannahagsmuna þar sem næg flutningsgeta er ef frá er talin verksmiðja. Eðlilegt að stórnotendur standi straum af kostnaði við jarðstreng.
- Þarf línu vegna tilkomu iðnaðar. Finnst að iðnaðurinn eigi að greiða fyrir línuna og lagningu hennar í jörðu. Mikilvægt að framkvæmdin hafi sem minnst rask í för með sér eða áhrif á íbúa.
- Alls ekki loftlínu í kringum Akureyri og Fnjóskadal.
- Leggja sem mest í jörðu.
- Mikilvægt að möstur henti vel íslenskum aðstæðum.
- Mikilvægt að fá aukið rafmagn í Eyjafjörð/Akureyri og nágrenni .
- Neikvætt ef línan fer yfir svæði Bílálúbbss Akureyrar.
- Koma rafmagni í jörðu ef það er hægt.
- Á að vera í jörðu.
- Hafa hana alla í jörðu.
- Setja í jarðstreng.
- Hafa hana í jarðstreng sem mest.
- Setja hana í jörðu.
- Vil helst engar raflínur ofan jarðar.
- Taka þarf tillit til aðflugs að Akureyrarflugvelli.
- Setja í jörðu.
- Setja hana í jörðu.
- Sjónræn áhrif. Oft erfið vetrarveður, því betra að hafa jarðstrengi.
- Sjónræna áhrif, betra að hafa línu í jörðu.
- Hafa í jörðu.
- Öll möstrin frekar ljótir valkostir.
- Ekki háspennulínur nærri útivistarsvæði í Glerárdal og Súlumýrum.
- Mikil sjónmengun, en við viljum víst öll rafmagn.
- Vil jarðstreng.
- Vil jarðstreng.
- Vil jarðstreng.
- Endilega jarðstreng innan Akureyrar.
- Þarf að leggjast sem víðast í jörðu. Einkum um Akureyri og Eyjafjörð.
- Leggja í jarðstreng í Eyjafirði.
- Neikvæð áhrif á flug.
- Mótfallin.
- Þær eru bara ljótar.
- Verður að vera lögð í jarðstreng í Eyjafirði.
- Setja í jörðu í og í kringum þéttbýli.
- Stígum varlega niður í náttúrunni. Setja línur í jörðu.
- Lína í jörðu við þéttbýli.
- Sjónmengun.
- Lína í jörðu í Eyjafirði.
- Jarðstreng í Eyjafjörð, andvíg loftlínu á því svæði.
- Snertir flugöryggi, ekki hafa línur ofan jarðar.
- Fáránlegt að leggja línu rétt við enda á flugbraut.
- Loftlínu í Eyjafirðir eiga þá helst að vera í miðjum fjallshlíðum.
- Mikil sjónmengun, þarf að vera jarðstrengur.
- Leggja hana í jörðu.
- Framkvæmdir eru nauðsynlegar en hluta verður að leggja í jörðu.
- Leggja í jörðu.
- Setja allt í jörðu.
- Jarðstreng.
- Hafa jarðstreng.
- Hafa neðan jarðar.
- Setja í jörðu.

- Vil línuna ekki í gegnum mitt land. Eyðileggur uppbyggingu á minni jörð. Fælir frá alla ferðamenn.
- Neikvæð áhrif í sjónrænu, byggðarlegu og atvinnulegu samhengi (ferðapjónusta).
- Þið farið ekki gegnum mitt land.
- Samþykki ekki loftlínu yfir Eyjafjörð á minni jörð.
- Of lítið hugsað um heilsu og rask. Jarðstrengur er hættulegur heilsu manna. Of seint farið að vinna að undibúningi.
- Er á móti háspennulínu hvort sem er í jörðu eða lofti nálægt byggð.
- Af hverju þarf línun að fara inn í sveit þegar hún fer frá Kaupvangi til Akureyrar?
- Of fáir valkostir. Of seint farið að vinna á málum af alvöru. Býður upp á aukinn kostnað og tafir.
- Finnst að línun verði að fara í jörðu sunnan Akureyrar vegna flugvallar og þéttar byggðar á því svæði.
- Setja línu í jörð í byggð.
- Það er algjör tímaskekkja að leggja háspennulínu yfir fjöll og firnindi. Orkuna á að flytja í jarðstrengjum meðfram þjóðvegum til þess að takmarka jarðrask og sjónræn áhrif í náttúrunni. Það er sorglegt að á 21. öldinni skuli háskólagengið fólk ekki enn skilja hvers virði óspillt náttúra er fyrir framtíð mannkyns.
- Þessi skoðanakönnun er bull. Hér í Eyjafirði skapar línun hættu fyrir flugsamgöngur.
- Sjónmengun.
- Sjónmengun nálægt byggð.
- Þarf að hafa sem minnst umhverfisáhrif og sjónmengun í för með sér.
- Ekki gott að hafa loftlínur nálægt flugvelli.
- Hef áhyggjur af loftlínu þvert á flugbraut.
- Sjónmengun.
- Getur haft neikvæð áhrif á heilsufar.
- Öll línun ætti að liggja í jörðu.
- Leggja í jörðu vegna sjónmengunar.
- Leggja jarðstreng í Eyjafirði.
- Setja sem mest í jörðu.
- Vil hafa allt í jörðu.
- Leggja í jörðu.
- Sjónmengun og of mikil gróðarsjónarmið. Náttúran á að njóta vafans.
- Háspennumöstur ættu ekki að sjást á Íslandi, ætti alltaf að grafa í jörðu.
- Fáránlegt að árið 2016 sé enn verið að leggja háspennulínur ofanjarðar. Gríðarleg sjónmengun.
- Öll leiðin á að fara í jarðstreng. Ósanngjarnt að þurfa að forgangsraða þessum 12 km. Hneyksli.
- Leggja skal jarðstrengi alls staðar.
- Sem mest í jörðu.
- Leggja í jörðu frá Akureyri og yfir Vaðlaheiði og eins þar sem hún þverar dalina (Fnjóskadal, Reykjadal, Bárðardal, Laxárdal).
- Mikilvægt að hún verði í jörðu.
- Ljót í landslaginu, setja í jörðu.
- Því meira í jörðu, því betra. En það verður jú að flytja rafmagnið einhvern vegin og auka afhendingaröryggi.
- Skil þörfina fyrir að dreifa þurfi orku en finnst mikil sjónmengun af mannvirkjunum.
- Háspennulínun er náttúruspjöll. Treysti ekki Landsneti til að standa að sómsamlegri uppsetningu hennar.
- Lýti á umhverfinu.
- Frágangi við möstur og línuleiðir hefur verið mjög ábótavant. Ekki staðið við loforð.
- Háspennulínur stinga í verulega í augun og svo eru mikil landspjöll í kringum þær.
- Er mjög andvíg loftlínun þar sem þær skemma landslagið. Neikvæð áhrif á búsetu og ferðamannaiðnað. Landsbyggðin hefur ekki efni á því.
- Háspennulínur tilheyra fortíðinni, allt í jörðu.
- Strengir í jörðu.
- Mikil sjónmengun og rask vegna framkvæmda.
- Sjónmengun og rask.
- Setja í jörðu, mikil sjónmengun.
- Leggja ætti jarðstreng sunnan flugvallar í Eyjafirði.
- Setja alla línuna í jörðu.
- Ef Laxárvirkjunarlínun verður tekin niður er það mótvægisáðgerð.
- Vegna flugvallarins á Akureyri á skilyrðislaust að vera jarðstrengur yfir Eyjafjörðinn.
- Neikvætt, t.d. vegna flugs á Akureyri. Einnig þarf að taka tillit til hesthúsahverfanna og reiðvega.
- Það þurfa að vera góðar línur í jörðu eða lofti svo hægt sé að flytja orkuna og virkja á hagkvæmustu stöðum.
- Línun fylgja alltaf slóðar og tengivirki.
- Loftlínur er úreltar, öll leiðin í jarðstreng.
- Mesta jarðraskið er af línuslóðunum.
- Loflínur eru úrelt leið til við flutning á raforku.
- Er ekki hrifinn af línunni sem mun hafa neikvæð áhrif á umhverfið.

- Allt slæmt við þetta. Sennilega þætti mér jarðstrengur betri ef hægt væri að nota hann.
- Leggja allar nýjar línur í jörð. Láta það sama ganga yfir alla. Ef það má ekki leggja háspennulínu þvert yfir Þingvelli þá á ekki að leggja slíka línu neitt frekar yfir Bárðardal. Athuga með að láta erlenda aðila bjóða í sölu og lagningu jarðstrengs og ná þannig niður kostnaði.
- Finnst háspennulínur ljótar.
- Er í grunninn á móti slíkum línunum ofanjarðar og í mínu tilviki setur þetta stórt strik í reikninginn í okkar plön með jörðina. Við stefnum á ferðabjónustu og erum skógræktarbændur og þessi lína liggur á versta mögulega stað hvað útsýni og skóginn varðar.
- Ég vil sjá þessa línu fara í jörðu. Það er gamaldags og úrelt að hafa svona loftlínur.
- Er á móti henni. Er búinn að fá nóg af stóriðju og öllu sem henni fylgir. Verðum að hugsa um náttúruna og hvað sé best fyrir framtíðina.
- Línustæðið er áætlað yfir eina jörð í notkun í Fnjóskadal, þ.e. Selland. Annars staðar liggur hún um almenninga og fjallahlíðar. Þessu má hagræða þannig að línan sneiði hjá Sellandi.
- Er á móti henni aðallega vegna sjónmengunar og þess rasks sem verður á náttúrunni við slíkar framkvæmdir.
- Fyrirhuguð háspennulína liggur yfir verndarsvæði Laxár og Mývatns. Þetta felur í sér ásetning um gróft brot á lögum um verndun Laxár og Mývatns.
- Eyðilegging á einstakri jarðfræðilega merkilegri náttúruverlu [Laxárdal]. Stórfellt jarðrask í dal og á Ljósstaðaheiði. Stórfellt brot á lögum um verndun Laxár og Mývatns sem voru sett til að koma í veg fyrir yfirgang virkjunarframkvæmda í nokkurri mynd.
- Línan er fyrirhuguð um Fnjóskadal frá Sörlastöðum og inn yfir Bíldsárskarð. Dalurinn er afar fagur og sérstæður en þröngur þannig að önnur loftlína við hlið Kröflulínu 1 mun yfirkeypa dalinn. Selland er eina landið í einkaeigu sem línan fer yfir. Hún gæti sem best legið austan ár sem væri skömminni skárri, en þó best í jörð.
- Vil að rafmagn sé sett í jörðu sem mest.

VIÐAUKI 11B

Fagfólk í ferðabjónustu

14 ferðabjónustuaðilar, eða 44% þeirra, komu með athugasemdir/ábendingar varðandi Hólasandslínu 3 sem hér má sjá:

- Háspennulínur á að leggja í jörðu, a.m.k. í nágrenni Akureyrar.
- Koma henni sem mest í jörðu.
- Línan kemur til með að skera í sundur svæðið fyrir neðan skíðasvæðið í Hlíðarfjalli og hindrar uppsetningu á skíðalyftu.
- Hef ekki skoðun hvar línan á að vera í jörðu fyrir utan Akureyri og Eyjafjörð. Helst nærri ferðamannastöðum.
- Háspennumöstur þurfa ekki að vera öll eins og eiga að falla sem best inn í það landslag sem línan fer yfir.
- Ætti að vera sem mest í jörðu, ekki síst vegna flugs. Hef ekki þekkingu á möstrunum.
- Lögn línunnar við Akureyri skemmir möguleika flugvallarins á Akureyri til GPS aðflugs í framtíðinni.
- Sem mest í jörðu.
- Línur eiga að vera ósýnilegar og klárlega grafnar niður.
- Línan má ekki vera sýnileg nálægt þéttbýli og útivistarsvæðum
- Truflar flugumferð um Akureyrarflugvöll.
- Jarðstrengur er eina raunhæfa lausnin til langframa.
- Vildi koma línunni innar í landið sunnan Stafnsbæja. Athuga hvort möguleiki er að þvera Fnjóskadals yfir í Eyjafjörð. Væri möguleiki að þvera fjallgarðinn yfir í Eyjafjörð, myndi þá ekki vera í byggð.
- Orðsending í athugasemdum frá formanni Ferðafélags Akureyrar:

„Sendi með bréf sem Ferðafélag Akureyrar sendi 18. maí 2012 og er afstaða okkar óbreytt.“

Sjá bréf FA í viðauka 13.

VIÐAUKI 11C

Erlendir ferðamenn við Goðafoss

35 svarendur í könnuninni meðal ferðamanna við Goðafoss, eða 16% þátttakenda, komu með athugasemdir/ábendingar varðandi Hólasandslínu 3 sem hér má sjá:

- Kem til Íslands til að forðast rafmagnslínur. Því minna af þeim því betra.
- Háspennumöstur og línur draga úr útsýni
- Lágmarka sjónræn áhrif eins og hægt er. Fáíð álit hjá atvinnuljósmyndurum.
- Reyna að lágmarka áhrif á útsýni.
- Háspennumöstur skemma útsýnið en eru samt nauðsynleg.
- Rafmagnslínur spilla oft í náttúru ljósmyndun.
- Látið háspennulínur ekki spilla útsýni og fallegum stöðum.
- Reynið að láta möstrin falla inni í náttúruna.
- Háspennulínan mun hafa áhrif á þetta fallega landslag.
- Ekki skemma þetta fallega land.
- Ekki skemma Ísland.
- Hlífið náttúrunni!
- Náttúran er mikilvægasta auðlindin sem þið eigið.
- Fallegt og hreint landslag er mjög verðmætt.
- Mikilvægt að vernda landslagið við Mývatn.
- Það þarf að hafa umhverfissjónarmið í huga en ekki bara sjónræn áhrif.

-
- Viðarstaurar trufla ekki svo mikið.
 - Minni möstur eru í lagi en stór eru slæm.
 - Möstur C & D eru gróf og fráhrindandi en B er betra.
 - Mastur D sést síst.
 - Möstur C og D eru of sýnileg en A sést síst.
 - Finnst öll möstrin í lagi.
 - Allir mastrakostir eru svipaðir.
 - Ekki það mikill munur á möstrunum að það skiptir máli.
 - Líkar ekki við neitt af möstrunum

-
- Setjið línurnar í jörðu.
 - Setja línuna í jörðu.
 - Setja línuna í jörðu.
 - Best að selja línuna í jörðu ef það er mögulegt.

-
- Orka er mikilvægari en fallegt útsýni

- Uppbygging háspennulína er háð samfélagslegri þörf og orkuöryggi.
 - Rafmagnslínur eru nauðsynlegar.
-
- Ég er hrifinn af áherslu Íslendinga um að taka náttúruna fram yfir gróðavon.
 - Engar áhyggjur, ferðamenn munu samt elska að koma til Íslands.
 - Ánægð með að ferðarmönnum sé boðið að taka þátt í skoðunarkönnun sem þessari.

Tölvupóstur 4/12 2017

Sæll Rögnvaldur,

Setti í viðhengi svar við könnuninni sem þú sendir. Einnig athugasemdir stjórnar VLK frá 17.01.2017 vegna þessarar línu. Okkar mat er að þvera ætti ána við Laxárvirkjun þar sem eru fyrir svona mannvirki. Hvað varðar jarðstreng er hann fínn ef farið er upp fyrir brúnir Laxárdals beggja vegna þannig að sjónsvið frá ánni sé frítt. En jarðstrengur sem fer í jörð í Varastaðaskógi og kemur upp hinu megin við ána er verri kostur enn loftlína.

Kveðja, Bragi Finnbogason

EFLA Verkfræðistofa
V.t. Friðrika Marteinsdóttir
Hofsbót 4a
600 Akureyri

Akureyri 17. janúar 2017

Stjórn Veiðifélags Laxár og Krákár lýsir andstöðu við áform Landsnets um lagningu 220 kV háspennulínu sem flytji að lágmarki 550 MVA, Hólasandslínu 3, yfir Laxá í Laxárdal hjá kröflulínu 1.

Í drögum að tillögu Verkfræðistofunnar Eflu að matsáætlun (jan. 2017), er lýst tveimur möguleikum á lagningu línunnar á þessum stað – í lofti eða í jörð í eða undir árbotninn. Að mati VLK eru báðir kostirnir vondir vegna náttúruspjalla sem þeim fylgja. Náttúruverðmæti sem þarna eru í húfi eru vernduð með sérlögum nr. 97/2004 og almennum lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sem stuðla eiga að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur. Þarna er um að ræða eina fegurstu og verðmætustu silungsveiðiá landsins með ómetanlegu lífríki, fiskum, fuglum og fjölmörgum smærri lífverum. Einnig náttúrulegan birkiskóg með gömlum trjám á náttúruminjaskrá á vesturbakka árinna og margvíslegan gróður annan sem m.a. er verndaður með 62. grein náttúruverndarlaga. Þá fellur áin á hrauntröð og beggja megin eru hraunkambar, sums staðar allháir. Þetta er eldhraun sem rann úr Lúdents- og Þrengslaborgum á nútíma og er verndað sérstaklega í 61. grein fyrrnefndra laga.

Loftlína spillir ásýnd svæðisins og mikið jarðrask fylgir lagningu hennar þó svo að línuvegir meðfram kröflulínu 1 nýtist að einhverju marki. Mannvirkin munu spilla upplifun veiðimanna og annarra af dvöl í þessum fagurlega gróna reit þar sem á stóru svæði sjást engin eða nánast engin mannvirki.

Jarðstrengur. Þar sem kröflulína 1 þverar Laxá fellur hún bratt á grýttum hraunbotni og á vesturbakkanum er hár hraunkambur. Lagning jarðstrengs á þessum stað er að mati VLK algerlega fráleit hugmynd og að öllum líkindum ekki framkvæmanleg nema með því að grafa göng undir ána. Félaginu er kunnugt um að skoðaður hefur verið staður nokkru neðar, við Varastaðahóma, þar sem áin er miklu breiðari, grynri og straumþungi minni. Botninn er líka grýttur á þessum stað og spurning hvornig menn hugsa sér að standa að því að leggja einfaldan, svo ekki sé talað um tvöfaldan jarðstreng svo sæmilega fari. Slík lagn myndi líka spilla mjög ásýnd Varastaðaskógar og beggja bakka árinna.

Veiðar. Rétt er að vekja athygli Landsnets/Eflu á því að veiði í Laxá er leigð út frá lokum maí og út ágúst hvert sumar. Engar teljandi framkvæmdir í ánni eða við hana koma til greina á þeim tíma. Framkvæmdatími væri því aðeins hugsanlegur að hausti og væri ávallt stuttur. Varðandi hugmynd um jarðstreng verður líka að hafa í huga að hrygning hefst í ánni fljótlega eftir að veiðitíma lýkur.

Önnur leið. Stjórn Veiðifélags Laxár og Krákár gerir sér grein fyrir því að gild rök standi til greiðs orkuflutnings um landið. Varðandi val á leið fyrir þá línu sem hér er til umfjöllunar bendir hún á að eðlilegast væri að þvera Laxá hjá Laxárvirkjun. Þar eru þegar mikil mannvirki í eigu orkufyrirtækja og starfsemi þeim tengd. Að mörgu leyti væri eðlilegra að leggja Hólasandslínu fremur meðfram raflínunni sem liggur um Ljósavatnsskarð og þaðan beint að Laxá heldur en að binda sig við Kröflulínu 1.

Bragi Finnbogason
Formaður Veiðifélags Laxár og krákár

Afrit sent forstjóra Umhverfisstofnunar Kristínu Lindu Árnadóttur

Akureyri 18. maí 2012

Athugasemdir Ferðafélags Akureyrar við fyrirhugaðri línulögn í landi Akureyrarbæjar

Ferðafélag Akureyrar lýsir yfir áhyggjum sínum og fordæmir harðlega fyrirhugaða háspennulínu sem leggja á ofan núverandi byggðar Akureyrar og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Við teljum að fyrirhuguð háspennulína muni takmarka mjög þetta vinsæla svæði til útivistar. Á undanförunum árum hefur svæðið við Fákafell og Glerárdal og þar í kring orðið æ vinsælla til útivistar. Landslagið á svæðinu er mjög fallett og fjölbreytt. Göngufólk, íþróttamenn, ferðamenn og bæjarbúar nýta sér göngustíga og einstakt landslag við bæjardyrnar til að vera úti í náttúrunni sér til hressingar, heilsubótar og útiveru enda búið að byggja upp svæðið til útivistar. Fáir bæir á Íslandi hafa svona vinsælt og fallett útivistarsvæði við bæjardyrnar.

Fyrirhuguð háspennulína verður einnig mikið lýti á fallettu landslagi sem fyrr segir en fáir bæir á Íslandi búa við jafn fjölbreytt og fallett landslag svo nærri bænum. Háspennulína mun einnig eyðileggja fjallasýn til Súlna sem mörgum finnst vera fjall Akureyrar en línun mun liggja við rætur fjallsins og skera gönguleiðir til dæmis á Súlur. Fyrirhuguð línustæði mun valda mikilli sjónmengun.

Umfang línunnar og sjónlýti er ekki einu áhyggjuefni okkar heldur er hávaði frá háspennulínum mikið áhyggjuefni. Hver hefur áhuga á að vera við syngjandi háspennulínu í stað þess að hlusta á raddir náttúrunnar?

Það hefur verið bent það að setja raflínuna í jörð verði miklu dýrara en að hafa línuna ofan jarðar. En þó það kosti mikið í dag að setja raflínuna í jörð þá verður sá kostnaður ekki mikill þegar fram í sækir. Landslag, útivera, heilsubót, náttúruskoðun og útivistarperlur er erfitt að meta til fjár. Það sama má segja um væntanlegar tekjur af svæðinu sem ferðaþjónustuaðilar munu hafa hag af. Lagning línunnar um þetta svæði getur einnig haft veruleg áhrif á möguleika á beinu millilandaflugi sem stefnt er að til og frá Akureyri.

Á undanförunum árum hefir einnig verið unnið að uppbyggingu Gerárdals sem útivistarsvæðis og fólkvangs Akureyrarbæjar en hætt er við að umfang og lagning háspennulína muni skerða forsendur til útivistar í dalnum. Búast má við að verulega dragi úr upplifun og umferð um svæðið. Ásýnd og ímynd dalsins verða ekki þau sömu með háspennulínu sem syngur í.

Ferðafélaginu finnst annað óásættanlegt að ef til þessara framkvæmda komi en að lagður verði jarðstrengur í stað háspennulínu sem þvera mun fjörðinn. FFA er tilbúið að leggja sitt á vogarskálarnar til að viðeigandi lausn finnist.

Fyrir hönd Ferðafélags Akureyrar.

Hilmar Antonsson formaður félagsins.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Akureyri, 29. nóv. 2017

Umsögn Markaðsstofu Norðurlands vegna Hólasandslínu 3

Markaðsstofa Norðurlands leggst alfarið gegn lagningu loftlínu sunnan flugbrautarenda Akureyrarflugvallar. Slík loftlína myndi hafa neikvæð áhrif á flugöryggi, notkunarmöguleika flugvallarins sem og möguleika á að markaðssetja hann sem áfangastað fyrir áætluð flug til annarra landa. Það er alveg ljóst að út frá hagsmunum flugvallarins hefur jarðstrengskostur yfirburði.

Markaðsstofa Norðurlands (MN) hefur nú um árabil haft umsjón með starfi Flugklasans Air66N á Norðurlandi. Markmið klasans er að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið um kring til framtíðar. Klasinn var stofnaður árið 2011 og síðan þá hefur mikið starf verið unnið til þess að búa í hagin og byggja upp svæðið til þess að taka á móti flugi beint til Norðurlands. Í janúar og febrúar n.k. er að hefjast leiguflug (14 flug í fyrsta fasa) frá Bretlandi beint til Akureyrar og er það árangur af starfi klasans. Útlit er fyrir að á næstu misserum muni flugumferð erlendis frá aukast mikið um flugvöllinn.

Um þessar mundir er verið að vinna að því að bæta aðflug inná Akureyrarflugvöll og ýmsar lausnir eru þar í sjónmáli. Ljóst er að krefjandi aðstæður í aðflugi við Akureyrarflugvöll geta haft áhrif á markaðssetningu flugvallar. Því er lögð áhersla á að færa umgjörð til betri vegar eins og kostur er.

Markaðsstofunni er kunnugt um áhyggjur fagaðila í flugi af áhrifum háspennulínu á flugöryggi við Akureyrarflugvöll. Sumar þessar áhyggjur koma frá í frétt sem birtist í Morgunblaðinu 16.maí 2014 (sjá meðfylgjandi skjal). Þar kemur fram að Isavia meti það sem svo að loftlína hefði „þolanleg“ áhrif, en samt áhrif og það neikvæð áhrif.

Mikilvægt er að valinn sé kostur við raforkuflutninga sem truflar ekki flugöryggi, enda er það í samræmi við stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Það er nokkuð ljóst að loftlína myndi hafa neikvæð áhrif á flugöryggi og notkunarmöguleika flugvallarins. MN vísar í meðfylgjandi bréf frá Rannsóknarnefnd Samgönguslysa til Atvinnuveganefndar alþingis vegna „mótunar stefnu um lagningu raflína í jörð“. Þar kemur skýrt fram „... að með tilliti til flugöryggis er mikilvægt að þessar háspennulínur verði lagðar í jörð á svæði þar sem þær þvera flugbrautarenda.“ MN vísar einnig til minnisblaðs um málefnið frá hagsmunahópi um flugöryggi sem fylgir með í viðhengi. Þar er komist að sömu niðurstöðu.

Beint millilandaflug um Akureyrarflugvöll er eitt stærsta hagsmunamál Norðlendinga og forsenda framþróunar í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Það er nauðsynlegt til þess að auka dreifingu ferðamanna um Ísland, bæta þannig nýtingu innviða í ferðaþjónustu á landinu og skila landsmönnum öllum auknum tekjum af ferðaþjónustu. Beint millilandaflug er einnig afar mikilvægt þegar tekið er tillit til byggðasjónarmiða og lífsgæða almennings á Norðurlandi og nágrennabyggðum. Það er afar mikilvægt að lagning raflína á svæðinu komi ekki niður á möguleikum Akureyrarflugvallar til að þjóna þessu hlutverki.

Hjalti Páll Þórarinnsson, verkefnastjóri Air66N

Glannaleg túlkun og stenst ekki skoðun

● Háspennulína raskar ekki flugöryggi, segir Landsnet ● Mikið alvörumál, segir flugmaður

ÚR BÆJARLÍFINU

Skapti Hallgrímsson
Akureyri



Ný háspennulína í lofti, sunnan við Akureyrarflugvöll, raskar ekki flugöryggi að mati Landsnets. Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri fyrirtækisins, greindi frá þessu á vörfundum Samorku á Akureyri í fyrradag. Lengi hefur verið deilt um málið og flugmenn og flugrekendur á Akureyrarflugvelli eru Landsneti mjög ósammála.

Guðmundur Ingi sagði að áhættumat hefði verið unnið vegna nálægðar flugvallarins og kynnti sýnileikagreiningu fyrir leiðarval loftlínu þar sem búið er að taka tillit til áhættumatsins og draga úr sjónrænum áhrifum.

„**Mér** finnst þetta glannaleg túlkun hjá honum og það stenst enga skoðun að háspennulína þarna hafi engin áhrif á flugöryggi,“ segir Víðir Gíslason, flugmaður á Akureyri, við Morgunblaðið, en hann hefur lengi verið í fararbroddi þeirra sem berjast gegn því að háspennustrengur í lofti verði lagður á þessum stað heldur verði komið fyrir í jörðu.

„**Það** kemur bæði fram í niðurstöðu Samgöngustofu og áhættumatinu sem framkvæmt var fyrir Isavia, að háspennulína hafi neikvæð áhrif á flugöryggi í Eyjafirði,“ segir Víðir.

Víðir var einn þriggja þátttakenda að norðan við gerð áhættumatsins sem áður var nefnt. Hann segir málið flókið og margþætt. „Þeir sem komu að áhættumatinu og gættu hagsmuna Akureyrarflugvallar eru ekki sammála túlkun aðstoðarforstjóra Landsnets og svo er reyndar um mun fleiri. Rannsóknarnefnd samgönguslysa leggur til, vegna flugöryggis, að lagður verði jarðstrengur svo dæmi sé tekið. Landsnet horfir því ekki á málið frá bestu sjónarmiðum um flugöryggi í Eyjafirði. Í úrskurði frá Isavia [sem er framkvæmdaraðili og rekstraraðili flugvallarins] segir að háspennulína hefði þolanleg áhrif, en samt áhrif og það neikvæð. Það hefur komið fram að jarðstrengur er miklu betri kostur með tilliti til öryggis fyrir flug.“

Víðir Gíslason heldur því fram að verði háspennulína lögð í lofti svo nálægt flugvöllinum



Akureyri Stenst ekki skoðun að háspennulína hafi ekki áhrif á flugöryggi, segir flugmaður.

geti það haft truflandi áhrif á leiðsögubúnað á jörðu niðri og í flugvélum í blindflugi. „Mér finnst að það verði líka að koma fram að umfjöllun Isavia og Samgöngustofu tók ekki tillit til ísingar- og seltuhættu sem veldur áhrifum á Íslandi. Ráðgjafar mældu áhrif vegna súldar í Hollandi, yfirfærðu á Eyjafjörð og sögðu eftir það að línurnar hér yrðu í lagi.“

Víðir heldur áfram: „Fólk hefur margoft séð myndir af mikilli ísingu á háspennulínunum, hún getur valdið bilun í einangrun sem getur valdið neistaflugi og sá neisti veldur rafbylgi um sem geta farið á sömu tíðni og er á leiðsögumerkjunum. Þetta er því mikið alvörumál,“ segir Víðir Gíslason.

Guðmundur Ingi sagði á vörfundum Samorku að sýnileikagreiningin, sem nefnd var í upphafi, benti til þess að loftlína yrði ekki mjög áberandi frá byggðinni á Akureyri.

Unnið er að frummati á jarðstrengslögnum, að sögn Guðmundar Inga, vegna möguleika á því að strengurinn yrði lagður í jörðu þvert yfir fjörðinn skammt sunnan flugvallarins. Nefndi Guðmundur ýmsa þætti sem hafa þyrfti í huga ef sú leið yrði farin, að allega atriði sem snúa að náttúrunni. Hann nefndi til dæmis að jarðstrengur yrði að mestu innan skipulags þéttbýlis og myndi því þvera lagnir og vegi, og vera í nálægð við íbúðarhúsnæði.

Í Kjarnaskógi myndi þurfa að ryðja um 20 metra breiða leið fyrir jarðstreng að sögn Guðmundar og strengurinn myndi fara yfir óshólma Eyjafjarðar, sem eru á náttúru-minjaskrá, sagði hann. Hugsanlega þyrfti að leggja þar nýjar vegslóðir, ef strengleiðin yrði önnur en meðfram gamla veginum.

Guðmundur Ingi sagði að í leysingum stæði vatn hátt í óshólmanum sem gæti torveldað viðgerð jarðstrengja. Hann sagði að einnig þyrfti að kanna áhrif segulsviðs á flugið, í og við flugbrautina, gera ráðstafanir til að gera við strengi ef farið yrði undir flugbrautina og gera ráðstafanir vegna viðgerða við enda flugbrautarinnar. Þá þyrfti að athuga áhrif strengjanna á lífríki Eyjafjarðarar og huga sérstaklega að áhrifum lágs skammhlaupsafls á svæðinu á mögulega strengnotkun.

Ljósmynd/Hörður Geirsson

Minnisblað

Til: Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsveitar
Frá: Hagsmunahópi um flugöryggi
Dags: 11. mars 2016
Efni: Flutningskerfi raforku í landi Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsveitar

Nú standa yfir viðræður við Landsnet vegna 220 kV jarðstrengs frá Bíldsárskarði að tengivirki við Rangárvelli / Kífsá, sem er þáttur í að bæta orkuöryggi í Eyjafirði.

Væntanlega byggjast þær á tillögum sveitarfélaganna frá í júlí 2014 og niðurstöðu jarðstrengjaskýrslu Landsnets frá febrúar 2015. Þar koma fram mögulegar leiðir fyrir strengjalagnir í löndum sveitarfélaganna, sem bíða frekari skipulagslegra og verkfræðilegra úrlausna.

Markmið viðræðna eiga að tryggja jarðstrengjum Landsnets, RARIK og Norðurorku, greiða leið á skipulagi í gegnum sveitarfélögin. Þar er horft til áratuga, út frá hagsmunum flugöryggis, útivistarsvæða, ferðaþjónustu og þéttbýlis. Markast þessir þættir mjög af landþrengslum við botn Eyjafjarða.

Óhjákvæmilegt er að staða núverandi raflína sé hluti af þessum viðræðum, því horfa þarf heildstætt til hagsmuna flugöryggis og skipulags raflína. Líftími Laxárlínu 1 er að stytast, en Kröflulína 1 gæti átt eftir um 30 ár.

Áhrif línanna í aðflugi eru eftirfarandi, samkvæmt öryggiskröfum um flugvelli.

1. Þær skaga inn í skilgreindan hindranaföt.
2. Ráða aðflugslágmarki fyrir blindflug úr suðri.
3. Eru innan verndarsvæða fyrir flugleiðsögubúnað.

Varla er umdeilanlegt að þessi atriði hafi neikvæð áhrif á flugöryggi. Það er tvímælalaust óviðunandi, og samrýmist ekki því hlutverki sem flugvöllurinn á að gegna, t.d. sem millilandaflugvöllur og varaflugvöllur. Vegna framangreindra ágalla má því einnig efast um að flutningsfyrirtæki uppfylli skyldur sínar um öruggan flutning raforku samkvæmt 9. grein raforkulaga¹. Einnig vísast til stefnu stjórnvalda um lagningu raflína í þingsályktun nr. 11/144², sem heimilar jarðstrengi, sbr. grein 1.3.: “Ef línuleið er við flugvöll þar sem sýnt er að loftlína hefur áhrif á flugöryggi”

Lagning raflína við flugbrautarenda í jarðstreng mun leysa þennan vanda, þar sem núverandi ástand er ekki ásættanlegt. Áðurnefnd stefnumörkun stjórnvalda, vísar Landsneti leið til varanlegra úrbóta.

Mikilvægt er að sveitarfélögin marki sér skýra stefnu gagnvart Akureyrarflugvelli, sem styður við sjónarmið forvarna í þágu flugöryggis. Ef ekki er staðinn vörður um þau mál á trúverðugan hátt, þá er holur hljómur í því góða starfi sem unnið er í markaðssetningu flugvallarins til framtíðar.

Virðingarfyllst:

Arngrímur Jóhannsson, Sigurður Aðalsteinsson, Sigurður Hermannsson, Steindór K. Jónsson, Víðir Gíslason, Þorkell Ásgeir Jóhannsson.

1. <http://www.althingi.is/lagas/134/2003065.html>

2. <http://www.althingi.is/altxt/144/s/1355.html>



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Alþingi
Erindi nr. P 143/1166
komudagur 27. 2. 2014

Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingi
Austurstræti 8-10
150, Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2014

Efni: Mál nr 60 á 143. löggjafarþingi - Mótun stefnu um lagningu raflína í jörð

Rannsóknarnefnd samgönguslysa leggur inn til Atvinnuveganefnd Alþingis eftirfarandi umsögn í máli nr 60 á 143. löggjafarþingis **um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð.**

Þann 14. maí 2012 sátu fulltrúar Flugmálastjórnar, Isavia og Rannsóknarnefndar flugslysa (nú Rannsóknarnefnd samgönguslysa) fund hjá nefnd Iðnaðarráðuneytis um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð. Fram kom á fundinum frá fulltrúum flugmálayfirvalda að huga yrði vel að lagningu raflína í grennd við flugvelli sem og aðflugstæki á jörðu niðri, með tilliti til hindrana og árekstrarhættu annars vegar og svo einnig með tilliti til áhrifa á flugleiðsögutækja bæði á jörðu niðri sem og í loftförum í aðflugi að flugvöllum.

Rannsóknarnefnd flugslysa benti á að allnokkur alvarleg flugatvik og flugslys hafa orðið á Íslandi í tengslum við loftlínur, svo sem raflínur. **Einnig er þekkt er að áhrif frá háspennulínunum með tilliti til þessara flugleiðsögutækja geta verið vegna segulsviðs, speglunar, rafsviðs og svokallaðra „corona“ áhrifa í slæmum veðrum eða mikillar seltu og/eða ísingar. Sé hins vegar háspennurafstrengur lagður í grennd við flugvelli og flugleiðsögutæki á jörðu niðri þá falla allir þessir áhættuþættir niður að undanskildum segulsviðsáhrifum, sem þó verður bundið við mjög þröngan púls.** Einnig kom fram að núverandi lög og reglur taka ekki nægjanlega á skipulagi vegna lagningu loftlína í nánd við flugvelli sem og flugleiðsögutæki á jörðu niðri og að flugmálayfirvöldum er ekki búinn nægilega skilgreint hlutverk í því skipulagi. Ber þess að geta að nágrannalönd svo sem Svíþjóð, Kanada og einnig Evrópudeild Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ICAO hafa gefið út leiðbeinandi upplýsingar um lagningu loftlína og rafstrengja í grennd við flugvelli.

Nefnd Iðnaðarráðuneytis um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð óskaði á fundinum eftir því að Rannsóknarnefnd flugslysa tæki saman gögn um flugslys og alvarleg flugatvik á Íslandi þar sem loftlínur koma við sögu. Rannsóknarnefnd flugslysa tók saman þessi gögn og er þau að finna í viðauka við þetta bréf.

Með tilliti til fyrirhugaðra háspennulínulagninga sunnan Akureyrarflugvallar og meðfram flugvallasvæði Keflavíkurflugvallar til Helguvíkur, þá vill Rannsóknarnefnd samgönguslysa koma því á framfæri að með tilliti til flugöryggis er mikilvægt að þessar háspennulínur verði lagðar í jörð á svæði þar sem þær þvera flugbrautarenda.

Virðingarfyllst fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa,

Geirbrúður Alfreðsdóttir

G. R. Alfreðs



Flugslys og alvarleg flugatvik tengd loftlínunum

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur tekið saman eftirfarandi gögn er varða fimm flugslys og fimm alvarleg flugatvik í tengslum við loftlínur á Íslandi frá árinu 1978. Þar af voru þrjú banaslys. Eitt árið 1979 í Borgarfirði, annað árið 1990 í Ásbyrgi og það þriðja, flugslys TF-GUN í Vopnafirði árið 2009. Í þessum slysum létust fjórir.

1. 1978 - Alvarlegt flugatvik – Slitin vatnamælingalína:

Þann 11. júní 1978 flaug einkaflugvél TF-AFI, í góðu skyggni, lágflug yfir Hvítá á Suðurlandi. Flugvélin var af gerðinni Piper Pa-18-150 og um borð var flugmaður ásamt einum farþega. Til móts við bæinn Hvítárdal var vatnamælingalína strengd yfir ána í um 10 metra hæð. Var flugvélinni flogið á vatnamælingalínuna, sem slitnaði, en flugvélinni var lent á flugvellinum á Einholtsmelum og reyndist hún talsvert skemmd. Engin meiðsl urðu á fólki.

2. 1979 - Alvarlegt flugatvik – Slitin háspennulína:

Þann 17. júní 1979 hóf einkaflugvél TF-FFH sig á loft, í rökkri þar sem alskýjað var og þurrt, frá flugbraut við Stangarholt á Mýrum. Flugvélin var af gerðinni Piper PA-28-180 og um borð var einungis flugmaður. Flugvélinni var flogið meðfram Langá sem rennur meðfram flugbrautinni í lítilli hæð uns hún hafnaði á háspennulínu sem liggur út á Snæfellsnes í 12-14 metra hæð. Háspennulínan slitnaði en flugvélin lenti nokkru ofar með ánni, talvert skemmd. Engin meiðsl urðu á fólki.

3. 1979 - Flugslys – Tveir látnir – Slitnir raflína:

Þann 8. nóvember 1979 var einkaflugvél í lágflugi við Sigmundarstaði í Þverárhlíð í Borgarfirði. Flugvélin var af gerðinni Bellanca 7GCBC Citabria og um borð var flugmaður og einn farþegi. Flugvélinni var flogið lágflug með þeim afleiðingum að hún flaug á raflínu. Raflínan slitnaði og flugvélin stakkst til jarðar. Flugmaðurinn og farþeginn létust samstundis og reyndist flugvélin ónýtt.

4. 1980 - Flugslys – Einn slasaður – Slitnir raflínustrengir:

Þann 17. nóvember 1980 var þyrlan TF-GRO, í frosti en talsverðum sanduppblæstri, í flugtaki við Búrfellsvirkjun. Þyrlan var af gerðinni Hughes 369HS og var rekin af Landhelgisgæslu Íslands. Um borð var fjögurra manna áhöfn og einn farþegi. Skömmu eftir flugtak rakst þyrlan í raflínur með þeim afleiðingum að hún sleit alla fjóra strengina sem voru á raflínunni og brotlenti þyrlan í kjölfarið. Farþeginn meiddist á fæti.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

5. 1981 – Alvarlegt flugatvik – Slitin símalína:

Þann 21. september 1981 flaug einkaflugvél TF-FRU, við þurrt bjart og nærri heiðskirt veður, lágflug yfir tún við bæinn Grænuhlíð í Bakkadal er flugmaðurinn huggðist lenda á. Flugvélin var af gerðinni Cessna 172M. Vegna stöðu sólar og þess að flugmaður var með athyglina bundna við raflínu sem lá meðfram túninu, veitti hann ekki athygli gamalli einstrengja símalínu sem lá þvert yfir túnið. Var flugvélinni flogið á símalínuna, sem slitnaði, en flugvélin lenti svo á túninu með minniháttar skemmdir. Engin meiðsl urðu á fólki.

6. 1985 - Alvarlegt flugatvik – Slitin raflína:

Þann 17. ágúst 1985 flaug einkaflugvél TF-MOL, í ágætu skyggni, útsýnisflug um uppsveitir Árnassýslu og huggðist flugmaðurinn lenda á flugvellinum á Einholtsmelum. Flugvélin var af gerðinni Maule M-5-235C. Í lokaaðflugi að flugbrautinni, þar sem komið var lágt inn til landingar, flaug flugvélin á raflínu sem hún sleit. Flugvélin skemmdist nokkuð en lenti á flugvellinum. Engin meiðsl urðu á fólki.

Flugbrautin hafði fyrst verið skráð sem slík árið 1960, en raflínan var lögð árið 1967. Í Flugmálhandbók sem var í gildi er flugatvikið varð stendur að raflína sé 600 metra frá vesturenda hennar.

Tillaga í öryggisátt:

- Athugað verði í samráði við RARIK og LÍ, á hvaða hátt sé áhrifaríkast að gera raflínur, símalínur eða staura þeirra sem eru víða nálægt brautarendum meira áberandi fyrir flugmenn flugvéla í aðflugi.

7. 1985 - Alvarlegt flugatvik – Slitin raflína:

Þann 21. september 1985 flaug einkaflugvélin TF-TEE, í góðu veðri, útsýnisflug um uppsveitir Árnassýslu og huggðist flugmaður hennar lenda á flugvellinum við Geysi. Flugvélin var af gerðinni Cessna 150M. Í lokaaðflugi að flugbrautinni, þar sem komið var lágt inn til landingar, flaug flugvélin á raflínu sem hún sleit. Flugvélin lenti á flugvellinum með töluverðar skemmdir. Engin meiðsl urðu á fólki.

Raflínan var lögð árið 1967 og var í 212 metra fjarlægð frá endamörkum flugbrautarinnar, en flugbrautin var lögð síðar. Í Flugmálhandbók sem var í gildi er flugatvikið varð stendur að raflína sé 200 metra frá SV enda hennar.

Tillögur í öryggisátt:

- Bent er á tillögu sem gerð var um hliðstætt óhapp, er TF-MOL flaug á raflínu á Einholtsmelum, 12.ágúst síðastliðinn.
- Bent er á þann möguleika, að setja þríhyrndar veifur á loftlínur, sem kunna að vera hættulegar loftföllum.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

8. 1990 – Flugslys – Einn látin, einn alvarlega slasaður - Slitin háspennulína:

Þann 16. júlí 1990 flaug einkaflugvél TF-BIO, í góðum sjónflugsskilyrðum, lágflug inn Ásbyrgi í Kelduhverfi. Flugvélin var af gerðinni Piper PA-28-161 og um borð var flugmaður og einn farþegi. Flugvélinni var flogið 1000 fetum lægra en sjónflugsreglur kröfðust. Vegna flugstefnu og stöðu sólar er talið að flugmaðurinn hafi ekki séð háspennulínu sem lá þvert yfir Ásbyrgi og hann flogið á hana með þeim afleiðingum að flugvélin ofreis, háspennulínan slitnaði og flugvélin stakkst til jarðar. Flugmaðurinn lést og farþeginn hlaut alvarleg beinbrot og meiðsli.

Þess skal getið að flugmaðurinn hafði starfað sem verkstjóri hjá Rafmagnsveitum Ríkisins og hafði stjórnað lögnum áðurnefndrar háspennulínu.

9. 2002 – Flugslys – Slitin raflína:

Þann 1. júní 2002 flaug einkaflugvél TF-POU, í björtu veðri og góðu skyggni, og huggðist flugmaðurinn lenda á flugvöllinum á Forsæti áður en hann héldi heim á leið til Vestmannaeyja. Flugvélin var af gerðinni Piper PA-28-140. Í lokaaðflugi að flugbrautinni, þar sem komið var lágt inn til landingar, flaug flugvélin á raflínu og ofreis, raflínan slitnaði og brotlenti flugvélin í kjölfarið. Engin meiðsl urðu á fólki.

Í Flugmálahandbók sem var í gildi er flugatvikið varð stendur að raflína sé 200 metra frá SV enda hennar.

Við rannsóknina kom í fengust þær upplýsingar frá Símanum að allar símalínur í dreifbýli verði lagðar í jörðu á næstu 15 til 20 árum og heyri til undantekninga ef loftlínur væru notaðar frá þeim tíma. Þá muni Síminn láta fjarlægja símalínur ef upplýsingar berist um einhvern stað þar sem slíkar línur séu í nánd við flugvelli. Samkvæmt upplýsingum frá RARIK munu fyrir tveimur áratugum hafa verið gerðar tilraunir með flögg og veifur til að merkja línur í eigu Rafmagnsveitanna nálægt flugvöllum. **Reynslan hafi sýnt að slíkar aðgerðir auki líkur á truflunum á línunum og kalli á mikið eftirlit og viðhald. Til lengri tíma litið virðist eina raunhæfa lausnin vera, að mati RARIK, að leggja jarðstrengi í stað lína í námunda við flugvelli til að draga úr slyshættu.** RARIK hafur lýst sig fúsa til að taka þátt í samstarfi við Flugmálastjórn og aðra aðila til að fara yfir öryggiskröfur varðandi línur í nánd við flugvelli og leita leiða til að draga úr slyshættu.

Tillaga í öryggisátt:

- RNF beinir því til Flugmálastjórnar, Landsvirkjunar, RARIK og Símans að þær vinni saman að því að draga úr slyshættu vegna loftlína nálægt flugbrautum í samræmi við hindranamerkingar í viðbæti 14 við Alþjóðaflugmálasáttmálann.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

10. 2009 – Flugslys – Einn látin, einn alvarlega slasaður - Slitin raflína:

Þann 2. júlí 2009 flaug einkaflugvél TF-GUN, í góðum sjónflugsskilyrðum, lágflug inn Selárdal í Vopnafirði. Flugvélin var af gerðinni Cessna 180F og um borð var flugmaður og einn farþegi. Flugvélinni var flogið langt undir 500 feta lágmarkshæðar er sjónflugsreglur kröfðust. Flugvélinni var flogið á raflínu yfir Selá sem er í 12,5 metra hæð með þeim afleiðingum að flugvélin ofreis, raflínan slitnaði og flugvélin stakkst til jarðar. Farþeginn lést og flugmaðurinn slasaðist mikið.

Tillögur í öryggisátt:

Í ljósi þess að margar flugvélar hér á landi eru hannaðar og notaðar til flugtaks og lendingu utan flugvalla leggur Rannsóknarnefnd flugslysa (RNF) til við Flugmála-
stjórn Íslands að hún, í samráði við Landsnet, RARIK, Orkubú Vestfjarða og aðra umráðendur loftlína, kanni möguleika á:

- Að gera upplýsingar um staðsetningu loftlína, sem liggja þannig að þær geta skapað sérstaka hættu fyrir flugvélar, aðgengilegar flugmönnum.
- Að gera slíkar línur auðsýnilegri.

VIÐAUKI 6 – Fornleifar

Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3, loftlínu eða jarðstrengs frá Hólasandi að Akureyri.

Fornleifafræðistofan



Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum
fyrirhugaðrar Hólasandslínu 3, loftlínu eða jarðstrengs
frá Hólasandi að Akureyri



Bjarni F. Einarsson
2018

Forsíðumyndin sýnir landmælingavörðu efst á Narfastaðafelli í Reykdælahreppi.
Fornleifar nr. 14:1. (Ljósm. B.F.E. 2017).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Landsnet
Maí 2018

Inngangur

Að beiðni Eflu hf, kannaði Fornleifafræðistofan svæði við hina fyrirhuguðu Hólasandslínu 3 sem liggur frá Hólasandi (Kröflu) að Akureyri.

Farið var í gegnum heimildir eins og örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar, Fornleifaskrá o.s.frv.

Svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram á tímabilinu 11. - 17. september og 2. nóvember 2017. Að minnsta kosti 50 m breitt svæði sitt hvoru megin við hina fyrirhuguðu línu var kannað, en yfirleitt kom stærra svæði við sögu sem stafar fyrst og fremst af því að stundum voru fleiri en ein línuleið til umræðu. Einnig voru fyrirhuguð námusvæði könnuð og tillögur að slóðum. Veður var með ýmsum hætti á meðan á skráningu stóð, bæði gott og vont.


Niðurstaða skráningarinnar er í töflum og á meðfylgjandi loftmyndum, auk meðfylgjandi fornleifaskrá.

Byrjað var á næsta lausa númeri Fornleifafræðistofunnar í sveitarfélögunum. Ákveðið var að skipta skýrslunni niður í svæði sem fylgja að mestu leyti fornum sveitarfélagamörkum. Stafirnir framan við fornleifanáúmerin sýna fyrstu stafina í hverju sveitarfélagi eins og t.d. Rey 7 á korti 2 sýnir að fornleifarnar eru nr. 7 í Reykdælahreppi. Fulltrúi verkkaupa var Friðrika Marteinsdóttir og Jón Ágúst Jónsson hjá Eflu hf.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni könnunarsvæðisins.



Mynd 1. Yfirlit yfir legu hinnar fyrirhuguðu línu frá Hólasandi að Akureyri. Brotin blá lína neðst á myndinni sýnir jarðstreng. Aðeins þær loftmyndir sem sýndu legu fornleifa/minja eru afmarkaðar á línuleiðinni (Mynd Efla ehf).

Reykðelahreppur, tafla 1

Í Reykðelahreppi fundust samtals 15 minjar undir 10 aðalnúmerum og þar af voru 13 eiginlegar fornleifar. Einar voru ekki skoðaðar á vettvangi (16:1), en þótti tilhlýðilegt að setja inn á loftmynd. Sú eina sem ekki uppfyllir aldursákvæði laga um menningarminjar, svo að öruggt sé, er landmælingavarða (nr. 14:1) efst á Narfastaðafelli vestan við Reykjadal. Þó er mælt með því að henni verði ekki fargað og fyrirhuguð náma þar taki tillit til hennar enda verður hún að fornleifum innan fárra ára. Aðrar fornleifar voru taldar frá tímabilinu 1550-1900, nema tvennar sem kunna að vera eldri en 1550, en það voru meintar fornþæjarleifar Varastaða og garður á heiðinni austur af Laxárdal. Allar minjarnar/fornleifarnar voru í ágætu ástandi utan ein sem var í lélegu ástandi og tvær í sæmilegu.

Hæstu minja- og varðveislugildin hafa meintar rústir Varastaða í landi Ljósstaða (nr. 7:1), en einkunn þeirra er 7,5 (á skalanum 0 - 10). Í Reykðelasögu segir að Þorsteinn varastafur hafi búið í Laxárdal (Íslendingasögur og þættir 1987:1763) og margir dregið þá ályktun að örnefnið Varastaðir sé dregið af viðurnefni Þorsteins. Ekki er líklegt að rústir þær sem kallaðar eru Varastaðir séu í raun fornþæli, en sé raunverulega um fornþæjarrústir að ræða hækka gildin í 8 - 9 og þá er fleiri rústa að vænta í allra næsta nágrenni, en sökum birkikjarsins er ekki mögulegt að finna þær að óbreyttu. Rústir nr. 8:1-3 gætu verið leifar kotbýlis eða selstöðu sem beitarhús hefur verið byggt ofan á á seinni tímum. Í Örnefnalýsingu Ljósstaða segir að í Varastaðagrófum (en svo heitir mýrin á svæðinu) séu nokkrar rústir eftir sel eða annað. Ekki er hægt að útiloka að þar leynist fornþæli. Sé svo hækkar minja- og varðveislugildið upp í hátt.

Einu fornleifarnar sem eru taldar í mikilli hættu vegna línulagnarinnar eru grjótgarður með Laxánni vestanverðri (nr. 10:1), torfgarður í Reykjadal

Reykðelahreppur - Laxárdalur og Reykjadalur

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Tímab. hættumat	Tímabundin hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Mótv. aðg.	Kort
7:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Engin	Ágætt	-1550	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Engar	2
8:1	Beitarhús og garður	2	Ekkert	Engin	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Engar	2
8:2	Rúst	1	Ekkert	Engin	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Engar	2
8:3	Rúst	1	Ekkert	Engin	Engin	Ágætt	-1550	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Engar	2
9:1	Fjárnól	2	Ekkert	Engin	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Engar	2
10:1	Garður	1	Ekkert	Línulögn	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Engar	2
11:1	Garður	1	Ekkert	Engin	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Engar	2
12:1	Aðhöld	2	Ekkert	Engin	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Engar	2
13:1	Garður	1	Umferð	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Pversnið	3
14:1	Varða	1	Ekkert	Náma	Mikil	Ágætt	1900-	Lítið (4)	Lítið (4)	Færsla á námu	4
15:1	Garður	1	Ekkert	Línulögn	Mikil	Ágætt	-1550	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Pversnið	2
16:1	Gerði	1	-	-	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Engar	3
	Samtals	15					Meðaltal:	5,25	5,25		

Tafla 1 yfir skráðar fornleifar í Reykðelahreppi á eða hjá hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Með tímabundinni hættu er átt við sjálfa línuleiðina og fyrirhugaða slóða með eða að henni. **Ath.** að fornleifar 15:1 og 16:1 voru ekki skoðaðar á vettvangi, en settar inn á loftmynd.

vestanverðum (nr. 13:1) og garður á heiðum uppi austur af Laxárdal (nr. 15:1). Auðvelt á að vera að komast hjá raski á garðinum í Laxárdal þar sem enginn slóði né mastur eru fyrirhuguð í botni dalsins, en garðarnir í Laxárdal (15:1 og 16:1) og í Reykjadal (13:1) munu raskast að óbreyttu og því þurfa að koma til mótvægisáðgerðir. Mælt er með því að grafin verði snið í garðana.

Landmælingavarðan efst á Narfastaðafelli er í mikilli hættu ef náma verður á staðnum. Eindregið er mælt með því að námunni verði breytt og vörðunni verði hlíft því hún er mikilvægur hluti af landmælingasögu landsins. Annars þarf rannsóknar við.

Viðkvæmasta svæðið á þessum hluta línuleiðarinnar er Laxárdalur og áhrifin einkum sjónræn, en að öðru leyti er leiðin ásættanleg. Þarna liggur nú þegar lína yfir dalinn.

Sú almenna regla er þó í gildi að sé ekki hægt að koma í veg fyrir rask á fornleifum þurfi að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kanna að setja.

Bárðdælahreppur, tafla 2

Í Bárðdælahreppi voru samtals 41 fornleifar/minjar skráðar undir 38 aðalnúmerum. Aðeins einar minjar eru taldar of ungar til að uppfylla verndun laganna, en það er garður sem hlaðinn var um 1950 (nr. 5:1). Seljarústir við Kálfborgará (nr. 2:1-2) eru taldar vera eldri en 1550 og allar aðrar frá tímabilinu 1550-1900.

Bárðdælahreppur - Bárðardalur

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Tímab. hættumat	Tímabundin hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Mótv.aðg.	Kort
1:1	Þjóðleið	1	Ekkert	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Engar	5
2:1	Sel	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	-1500	Hátt (8)	Hátt (8)	Engar	5
2:2	Rúst	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	-1550	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Engar	5
3:1	Sel	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Engar	5
3:2	Rúst	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Engar	5
4:1	Rúst	1	Ekkert	Línulögn	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Engar	5
5:1	Garður	1	Ekkert	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Engar	5
6-9	Vörður	4	Ekkert	Línulögn	Talsverð - mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Engar/flöggun/rannsókn	9&10
10:1	Garður	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Engar	8
11:1	Rétt og rúst	2	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Engar	8
12-18	Vörður	7	Ekkert	Slóðagerð	Mikil	Lélegt/Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Flöggun	6
19-38	Vörður	19	Ekkert/landeyðing	Slóðagerð/Línulögn	Mikil/talsverð	Lélegt-Ágætt	1550-1900	(Lítið (3))	Lítið (3)	Engar/flöggun/rannsókn	9&10
39:1	Gerði	1	Landeyðing	Náma	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Pversnið	7
Samtals:		41					Meðaltal:	3,56	3,56		

Tafla 2 yfir skráðar fornleifar í Bárðdælahreppi á eða hjá hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Með tímabundinni hættu er átt við sjálfa línuleiðina og fyrirhugaða slóða með eða að henni. Gengið er út frá því að hægt sé að varast vörður við framkvæmdirnar, en ef ekki, þarf mótvægisáðgerða við. Vörður nr. 6 - 8, 19 - 38 varða gömlu þjóðleiðina úr Bárðardal yfir í Fnjóskadal. Vörður nr. 12 - 18 varða gamla leið úr Fnjóskadal austur í Mývatnssveit. Fornleifar nr. 32 detta út.

Fyrir utan vörður eru níu fornleifar í ágætu ástandi og sex minjar/fornleifar í sæmilegu ástandi. Þetta eru helstu fornleifarnar á þessum kafla línunar. Vörðurnar eru í ýmsu ástandi, frá lélegu í ágætt.

Hæstu minja- og varðveislugildin hafa seljarústirnar nr. 2:1-2 og 3:1-2. eru þær báðar í vel grónum lækjarhvammi austan við Kálfborgará. Hugsanlega eru þetta selstöður frá sín hvorum bænum, eða eldri og yngri selstaða frá sama bæ og þá frá Arndísarstöðum en þær voru í því landi fram til ársins 1928. Að mati undirritaðs eru selstöðurnar ekki samtíða.

Í talsverðri eða mikilli hættu eru fáeinar minjar/fornleifar, fyrir utan vörður. Það eru þjóðleið austan við Stóraás (nr. 1:1), rúst við Kálfborgará (nr. 4:1), garður frá því um 1950 (nr. 5:1) og gerði niður við Eyjadalsá (nr. 39:1) sem er í hættu vegna fyrirhugaðrar námu. Flestar vörður við fyrirhugaðan slóða yfir Stóraás og gömlu þjóðleiðina yfir í Fnjóskadal (Gnúpaskarð, Hellugnúpaskarð) eru í hættu vegna línulagnarinnar eða slóðagerðar.

Engra mótvægisáðgerða er talin þörf vegna þjóðleiðarinnar og auðvelt ætti að vera að komast hjá raski á vörðum sem taldar eru í hættu. Flöggun á þeim ætti að nægja, nema að ekki sé hægt að tryggja öryggi þeirra, þá þarf rannsóknar við.

Enginn slóði né mastur eru fyrirhuguð ofan í hvamminum við Kálfborgará þar sem selstöðurústirnar eru (nr. 2:1-2 - 3:1-2) og rúst nr. 4:1 og þær því ekki í hættu að óbreyttu, en yfir svæðið þarf að draga línu svo flöggun ætti að duga á rúst 4:1. Ungi garðurinn nýtur ekki verndunar laganna, en þó mætti færa slóðann suður fyrir hann og hlífa honum. Mælt er með því að slóðinn við réttina og rústina þar hjá fari ekki nær rústunum en 15 m enda yrði þá farið inn á friðað helgunarsvæði rústanna og þá yrði að leita leyfis Minjastofnunar Íslands. Í gegnum garðinn austur úr Kálfborgará liggur í dag vegslóði yfir í Fnjóskadal og hann verður notaður áfram og því engra mótvægisáðgerða þörf.

Gamla þjóðleiðin sem lá frá Bárðardal yfir í Fnjóskadal var ekki skráð sérstaklega vegna þess að hennar varð aldrei vart í næsta nágrenni við hina fyrirhuguðu línuleið því þar var hún horfin í uppblástur sem er töluverður á hálsinum. Til hennar sást þó á stöku stað nokkuð frá leiðinni, einkum neðarlega í gilinu norðan við vörður nr. 21 - 22 í Hálshreppi. Vörðurnar yfir hálsinn sýna nokkuð vel hvar hún hefur legið.

Viðkvæmasta svæði þessa hluta leiðarinnar er kvosin með selstöðunum tveim í hvamminum við Kálfborgará. Þar eru áhrifin aðeins sjónræn, en leiðin að öðru leyti ásættanleg. Þarna liggur þegar lína yfir hvamminn og engir slóðar fyrirhugaðir.

Sú almenna regla er þó í gildi að sé ekki hægt að koma í veg fyrir rask á fornleifum þurfi að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kanna að setja.

Hálshreppur, tafla 3

Í Hálshreppi voru 64 fornleifar skráðar undir 54 aðalnúmerum. Aðeins einar þeirra voru taldar yngri en 1900 eða varða nr. 10:1. Einar fornleifar eru horfnar (nr. 11:1, sjá mynd 2) en þær voru skoðaðar þann 18. október árið

Hálshreppur Fnjóskadalur

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Tímab. hættumat	Tímabundin hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Mótv.aðg.	Kort
2-4	Vörður	3	Ekkert	Slóðagerð/ Línulögn	Lítill/Talsverð	Lélegt - Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Flöggun/ ranns.	10&11
5:1	Þjóðleið	1	Ekkert	Slóðagerð	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Flöggun	12
6:1	Garður	1	Umferð	Línulögn/ Slóðagerð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Flöggun/ Þversnið	12
7:1	Rúst	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Engar	12
8:1	Garður	1	Umferð	Slóðagerð/ náma	Talsverð	Sæmilegt	-1550	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Flöggun/ Þversnið	12
9:1	Þjóðleið	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Engar	14
10:1	Varða	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Engar	15
11:1	Varða	1	Horfin	-	-	-	1550-1900	(Lítið (3))	(Lítið (3))	-	(15)
12 (55)	Þjóðleið	1	Landeyðig	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Engar	16
13:1	Refagildra?	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Engar	16
14 - 31	Vörður	18	Ekkert	Línulögn/ Slóðagerð/ Ekkert	Engin/Lítill/Mikil	Lélegt-Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Ranns./ Flöggun/ Ekkert	10&11
32:1	Girjóthruða	1	Ekkert	Slóðagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Rannsókn	11
33:1	Garður	1	Landeyðing	Slóðagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Flöggun	13
33:2	Túngarður	1	Landeyðing	Slóðagerð	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Flöggun	13
33:3	Garður/traðir	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Engar	13
33:4	Garður	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Engar	13
33:5	Garður	1	Umferð	Slóðagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Flöggun	13
33:6	Rúst	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (4)	Talsvert (4)	Engar	13
33:7	Bæjarhús	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Engar	13
33:8	Rúst	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Engar	13
33:9	Gerði	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Engar	13
33:10	Rúst	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Engar	13
33:11	Garður	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Engar	13
33:12	Garður	1	Ekkert	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Engar	13
34-54	Vörður	20	Ekkert	Slóðagerð/ Línulögn	Lítill/Talsverð/ Mikil	Lélegt-Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Engar/ flöggun/ Rannsókn	14&16
55(12)	Þjóðleið	1	Landeyðing	Línulögn/ slóðagerð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Engar	16
Samtals:		64					Meðaltal:	3,48	3,48		

Tafla 3 yfir skráðar fornleifar í Hálshreppi á eða hjá hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Með tímabundinni hættu er átt við sjálfa línuleiðina og fyrirhugaða slóða með eða að henni. Gengið er út frá því að hægt sé að varast vörður við framkvæmdirnar, en ef ekki þarf mótvægisáðgerða við. Einnig er gengið út frá því að hægt verði að komast hjá raski á fornleifum nr. 33:2 vegna slóða sem mun liggja þar býsna nærri. Sé það ekki hægt gildir hið sama og varðandi vörðurnar. Vörður nr. 2 - 4 og 14 - 31 varða gömlu þjóðleiðina úr Bárðadal vestur í Fnjóskadal. Vörður nr. 35 - 54 varða gömlu þjóðleiðina úr Fnjóskadal um Bildsárskarð vestur í Eyjafjörð. Fornleifar nr. 12 og 55 eru einar og sömu minjarnar og því taldar sem ein í samtölu.

2012 og taldar með hér. Þar hefur nýleg malartekja eytt vörðunni. Minja- og varðveislugildi hennar var þá talin lítill með einkunnina 2 í báðum tilfellum. Hvað hún hefur varðað liggur ekki ljóst fyrir. Varðan var ekki talin gömul þó hún gæti hafa verið það að stofni til, en í hana hafði verið kastað grjóti á seinni tímum. Hún var því látin njóta vafans.

Fyrir utan vörður þá voru 14 einstakar fornleifar í góðu ástandi, sex í sæmilegu ástandi og aðeins ein í lélegu ástandi. Vörðurnar voru bæði í ágætu, sæmilegu og lélegu ástandi (sjá fornleifaskrá).

Aðeins einar fornleifar hafa hátt minja- og varðveislugildi en það eru bæjarhús eyðibýlisins Bakkasels (einnig kallað Skíðagerði nr. 33:7). Aðrar minjar við eyðibýlið hafa annaðhvort lítið eða talsvert minja- og varðveislugildi, en í heild sinni hafa minjarnar hátt minja- og varðveislugildi. Vörðurnar hafa almennt lítið minja- og varðveislugildi, en þar er það heildin sem eykur gildi þeirra þó ekki sé lagt tölulegt mat á það. Ef ekki er hægt að hlífa vörðunum þarf að grípa til mótvægisáðgerða.

Aðeins tvær fornleifar eru taldar í mikilli hættu vegna línulagnarinnar, fyrir utan vörður og gömlu þjóðleiðirnar, en það er túngarður Sörlastaða (nr. 6:1) sem umferð um slóða í gegnum garðinn á tveimur stöðum getur raskað honum og garður út frá túngarðinum (nr. 8:1) sem talinn er vera eldri en 1550. Í báðum tilfellum ætti að vera hægt að komast hjá raski með því að flagga garðsendana við slóðana og sýna mikla aðgát þegar umferð fer um slóðana. Flestar ef ekki allar vörðurnar, og þjóðleiðirnar eftir atvikum, ætti að vera hægt að verja með flöggun. Ef það er ekki hægt þarf að rannsaka vörðurnar.

Viðkvæmasta svæðið á þessum hluta er svæðið í kring um Sörlastaði og þar eru garðar í hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda eins og að ofan greinir. Að auki eru sjónræn áhrif talsverð. Þarna liggur lína þegar yfir dalinn. Leiðin er að öðru leyti ásættanleg.

Sé ekki hægt að komast hjá raski þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Eyjafjarðarsveit

Í Eyjafjarðarsveit voru 19 fornleifar skráðar undir 17 aðalnúmerum. Tvær þeirra voru taldar yngri en 1900, en það var beitarhús sem stóð á bæjarhól Kaupangssels (nr. 2:1) og slóði ofar við ána (nr. 1:1) sem gerður var í tengslum við virkjanaframkvæmdir sem voru aðeins neðar í ánni (Bíldsá). Eyðibýlið undir beitarhúsinu er eldra en 1900, eða mun eldra.

Í ágætu ástandi voru tvær minjar, ádurnefndur slóði og þjóðleiðin upp í Bíldsárskarð (nr. 3:1). Eftir að þjóðleiðin kemur upp í skarðið er ástand hennar sæmilegt þó hún sé slitrótt þar. Ástand varðanna (nr. 4-17) er bæði lélegt og sæmilegt.

Hæstu minja- og varðveislugildin hafa rústir beitarhússins og eyðibýlisins þar undir sem hafa há gildi í báðum tilfellum eða gildin sjö. Aðrar fornleifar hafa talsvert minja- og varðveislugildi fyrir utan vörðurnar sem hafa lítið gildi þó að sem heild hafi þau hærri gildi.



Mynd 2. Varða nr. 11:1 í Hálshreppi sem er horfin. Í bakgrunni sést Fnjóská og líklega Belgsárfjall beint yfir. (Ljósmynd. BFE 2012).

Eyjafjarðarsveit

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Tímab. hættumat	Tímabundin hættu	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Mótv.aðg.	Kort
1:1	Slóði	1	Ábúð	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar	18
2:1	Beitarhús	1	Landgræðsla	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1900-	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Engar	18
2:2	Garður og rúst	2	Landgræðsla	Línulögn (jarðstr.)	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Þversnið	18
3:1	Þjóðleið	1	Ábúð	Línulögn/Slóðagerð	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Hliðrun á staur 178	17&18
4-17	Vörður	14	Ekkert	Náma/Slóðagerð	Mikil/Talsverð	Lélegt-Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Flöggun/Rannsókn	18
	Samtals:	19					Meðaltal:	3,42	3,42		

Tafla 4 yfir skráðar fornleifar í Eyjafjarðarsveit á eða hjá hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Með tímabundinni hættu er átt við sjálfa línuleiðina og fyrirhugaða slóða með eða að henni. Gengið er út frá því að hægt sé að varast vörður við framkvæmdirnar, en ef ekki þarf mótvægisáðgerða við. Vörður nr. 4 - 17 eru við hina gömlu þjóðleið úr Fnjóskadal yfir í Eyjafjörð.

Engar fornleifar eru í hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda nema túngarðurinn við eyðibýlið (nr. 2:2) og hluti af þjóðleiðinni upp fjallið (nr. 3:1). Sé ekki hægt að komast hjá raski á túngarðinum, sem er býsna nærri þar sem fyrirhugaður jarðstrengur endar verður að rannsaka túngarðinn með þversniði. Fyrirhugað mastur nr. 178 mætti e.t.v. færa lítillaga til að forða þjóðleiðinni frá raski. Minnt er á 15 m friðhelgunarregluna.

Viðkvæmasta svæði þessa hluta leiðarinnar er fjallsræturnar austast í Eyjafirði, en þar liggur fyrirhugaður jarðstrengur nærri rústum beitarhúss og eyðibýlis. Að öðru leyti eru áhrifin einkum sjónræn, en þarna liggur þegar lína yfir. Leiðin er að öðru leyti ásættanleg.

Eins og áður gildir sú regla að ef ekki er hægt að komast hjá raski þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Akureyri

Á Akureyri voru aðeins tvær fornleifar/minjar skráðar í tengslum við verkefnið og var önnur þeirra líklega yngri en 1900, í lélegu ástandi og hafði lítið minjagildi. Sú hin eldri var í sæmilegu ástandi og hafði talsvert minja- og varðveislugildi. Sléttað hefur verið yfir rústina og því er hún afar óljós í túninu þar sem hún er. Hún gæti vel verið eldri en 1550 og fleiri rústir kunna að leynast í túninu rétt hjá. Sé hún eldri en 1550 hækkar minja- og varðveislugildi hennar nokkuð og jafnvel mikið.

Yngri rústin er ekki í neinni hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda, en sú eldri er í mikilli hættu vegna jarðstrengs sem liggur í eða við hana. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi hennar er mælt með því að hún verði rannsökuð í heild sinni að undangenginni forrannsókn til að staðfesta tilvist hennar. Að öðru leyti er leiðin ásættanleg.

Akureyri - Eyjafjörður

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Tímab. hættumat	Tímabundin hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Mótv.aðg.	Kort
1:1	Rúst	1	Skepnur	Línulögn (jarðstr.)	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Hliðrun á streng	20
2:1	Rúst	1	Skepnur	Ekkert	Engin	Lélegt	1900-	Lítið (3)	Lítið (3)	Engar	20
	Samtals	2					Meðaltal:	4,00	4,00		

Tafla 5 yfir skráðar fornleifar á Akureyri á eða hjá hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Með tímabundinni hættu er átt við sjálfa línuleiðina og fyrirhugaða slóða með eða að henni.


Námur

Nokkur fyrirhuguð námusvæði voru skoðuð við eða í nágrenni hinnar fyrirhuguðu línu og slóða. Við sumar var hætt á síðari stigum, en eftir standa 23 fyrirhuguð námusvæði (N 4-19, 22-26, 30 og 340E). Af þessum hafa öll verið skoðuð nema þrjú, en það eru námur nr. 23, 30 og 340E.

Aðeins fundust fornleifar/minjar á þremur námasvæðum, en það var á námusvæði N 4, náma 4a (kort 16-17), námusvæði N 13 (kort 7) og námusvæði N 16 (kort 4).

Allar þarf að rannsaka ef ekki er hægt að tryggja öryggi þeirra, en fornleifarnar/minjarnar eru; varða á svæði 4 (Eyj 4), gerði á svæði N 13 (Bár 39) og landmælingavarða á svæði 16 (Rey 14). Mælt er með því að legu náma verði breytt eða þær minnkaðar með tilliti til fornleifanna/minjanna. Landmælingavarðan er mjög nálægt því að vera 100 ára gömul og njóta þar með verndunar laganna.

Gamla þjóðleiðin yfir Bíldsárskarð sem liggur í gegnum námusvæði 4 þarf engna frekari mótvægisáðgerða við.



Mynd 3. Yfirlit yfir staðsetningu náma sem fyrirhugað er að nýta. (Teikn. Efla hf).

Aðrir valkostir línu

Jarðstrengskostur um Kjarnaskóg (EY-JK).

Þessi leið hefur ekki verið könnuð og því þarf að kanna hana ef þessi kostur verður valinn.

Jarðstrengskostur við þverun Eyjafjarðarár (EY-JU og EY-JB).

Svæði þetta hefur verið kannað og engar fornleifar fundust. Nær könnunarsvæðið alla vega 100 m suður af enda flugbrautar. Allir valkostirnir eru því jafngóðir út frá fornleifum.

Loftlína norðan Bildsár (BI-LN)

Þessi valkostur er síðri en sá syðri. Hann er nær öllum vörðunum og gömlu þjóðleiðinni yfir skarðið. Ein útgáfan af leiðinni liggur sunnan megin, en hún er ekki vörðuð og er trúlega yngri útgáfa af leiðinni.

Valkostir við þverun Laxár í Laxárdal

Fjórir valkostir eru til skoðunar, en hér verður aðeins fjallað um þrjá þeirra.

- 1) Loftlína með rúmlega 1 km haflengd. Mun hafa mikil áhrif á fornleifar nr. 10:1 og 15:1, en þær eru garðar.
- 2) 1,2 km langur jarðstrengur (LA-J) mun hafa mikil áhrif á fornleifar nr. 8:1-3 og nr. 9:1 (fjárþól). Hugsanlega einnig á fornleifar nr. 12:1 (aðhöld).
- 3) 2,6 km langur jarðstrengur (LA-JU) mun hafa mikil áhrif á fornleifar nr. 10:1, 11:1 og 15:1 (allt garðar).

Lang versti kosturinn er 1,2 km langur jarðstrengur, en hinir sambærilegir. Loftlína er þó aðeins betri kostur.

Niðurstaða

Alls fundust 139 fornleifar/minjar á hinni fyrirhuguðu línuleið Hólasandslínu 3, slóðum og námum. Í þeirri tölu eru fornleifar í Bárðardal (16:1) sem ekki voru kannaðar á vettvangi. Í lang flestum tilfellum voru þetta vörður sem vörðuðu gamlar þjóðleiðir yfir fjalllendi á milli Bárðardals og Fnjóskadals annarsvegar og Fnjóskadals og Eyjafjarðar hinsvegar. Fjöldi varða var 87 eða rúm 62%

Tafla yfir mótvægisáðgerðir þar sem hættu á raski er talin mest.

Nr.	Tegund	Fj.	Sveitarfélag	Ástand	Aldur	Gildi	Mótvægisáðgerðir	Kort
13:1	Garður	1	Reykdalehreppur	Sæmilegt	1550-1900	3	Þversnið til að aldursgreina garðinn og kanna hleðslutækni	3
14:1	Varða	1	Reykdalehreppur	Ágætt	1900-	4	Breyta námu. Annars þarf að kanna uppbyggingu vörðunnar og hleðslutækni	4
15:1	Garður	1	Reykdalehreppur	Ágætt	-1550	6	Þversnið til að aldursgreina garðinn og kanna hleðslutækni	2
16:	Garður	1	Reykdalehreppur	Ágætt	-1550	6	Þversnið til að aldursgreina og kanna hleðslutækni	2
39:1	Gerði	1	Bárðdalehreppur	Ágætt	1550-1900	4	Nokkur snið í vegg gerðisins til að kanna aldur og gerð	7
6:1	Garður	1	Hálshreppur	Sæmilegt	1550-1900	3	Þversnið til að aldursgreina garðinn og kanna hleðslutækni	12
8:1	Garður	1	Hálshreppur	Sæmilegt	1550-1900	6	Þversnið til að aldursgreina garðinn og kanna hleðslutækni	12
32:1	Grjóthruga	1	Hálshreppur	Ágætt	1550-1900	3	Kanna aldur hennar og hlutverk (dys, landamerkjavarða o.s.frv.)	11
2:2	Túngarður	1	Eyjafjarðarsveit	Sæmilegt	1550-1900	5	Þversnið til að aldursgreina garðinn og kanna hleðslutækni	18
1:1	Rúst	1	Akureyri	Sæmilegt	1550-1900	5	Rannsaka alla rústina, greina aldur hennar og hlutverk	19

Tafla 6 yfir helstu mótvægisáðgerðir miðað við aðalvalkosti línunnar sem fara verður út í að óbreyttu ef óhjákvæmilegt er að raska þeim. Gengið er út frá því að hægt sé að komast hjá raski á öllum vörðum sem skráðar voru og þær sem eru á hinum fyrirhuguðu námum Nr. 4a, 16 og 26. Einnig er gengið út frá því að ekkert rask verði niðri í Laxárdal né við Kálfborgará austan við Bárðardal.

skráðra fornleifa/minja. Í nær öllum tilfellum ætti að vera unnt að raska þeim ekki og í vissum tilfellum gæti þurft að merkja þær sérstaklega eða viðhafa framkvæmdaefirlit. Brýnt er að verktakar verði upplýstir um þetta atriði. Sama á við þar sem mannvirkin fara mjög nærri fornleifum.

Leiðin í heild sinni er ásættanleg með fyrirvara um mótvægisáðgerðir eftir atvikum.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskránni sem fylgir hér að neðan er skipt niður í sveitarfélög og byrjað austast og haldið vestur. Vörður eru að öllu jöfnu hafðar í sér fornleifaskrá og koma síðast á eftir öðrum fornleifum í viðeigandi sveitarfélagi. Fornleifar nr. 32 í Bárðdælahreppi falla út og þar er því eyða. Aðrar eyður stafa af eldri skráningum í viðeigandi sveitarfélögum eftir atvikum.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn

Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Reykðæla saga og Víga Skútu. *Íslendingasögur og þættir*. Þriðja bindi. Ritst. Bragi

Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Reykjavík 1987.

Sýslu- og sóknarlýsingar. Þingeyjarsýslur. Reykjavík 1994.

Örnefnaskrá. Einbúi. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Hlíðarendi. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Kálfborgará. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Ljósstaðir. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Sörlastaðir. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Fylgirit

Kort 1 - 20 með staðsetningu fornleifa og fornleifaskrá


Reykðælahreppur nr. 7-16

Bárðdælahreppur nr. 1-39

Hálshreppur nr. 2-55

Eyjafjarðarsveit nr. 1-17

Akureyri 1-2



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ

SKÝRINGAR:
 — HS3 háspennulína
 - - HS3 jarðstrengur
 — Núverandi loftlinur
 — Vegir

- - - Sveitarfélagamörk
 — Valkostur BI-LN
 — Valkostur EY-L


— Valkostur EY-JU
 — Valkostur EY-JB
 — Valkostur EY-JK

— Valkostur LAX
 — Valkostur LA-JG
 — Valkostur LA-JU

DAGSETNING
24.05.2018
 GERI
Ös
 MÆLIKV.
1:150.000
 BLADSTÆRD
A3



HÓLASANDSLÍNA 3
 FORNLEIFAKORT
 YFIRLITSKORT
 KORT NR. 1



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ


SKÝRINGAR:	
HS3 háspennulína	Núverandi loftlínur
HS3 möstur	Vegir
HS3 jarðstrengur	Fornleið og fornleifar
Fyrirhuguð slóð	Fornleifar
Námur til skoðunar	Sveitarfélagamörk
Valkostur EY-JU	Valkostur BI-LN
Valkostur EY-JB	Valkostur EY-JK
Valkostur LAX	Valkostur EY-L
Valkostur LA-JG	
Valkostur LA-JU	

DAGSETNING	24.05.2018
GEIRT	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLAÐSTÆRÐ	A3

LANDSNET

EFLA

HÓLASANDSLÍNA 3	
FORNLEIFAKORT	
LAXÁRDALUR	
KORT NR.	2



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ


SKÝRINGAR:	
	HS3 háspennulína
	HS3 möstur
	HS3 jarðstrengur
	Fyrirhuguð slóð
	Núverandi loflínur
	Vegir
	Fornleið og fornleifar
	Fornleifar
	Námur til skoðunar
	Sveitarfélagamörk
	Valkostur BI-LN
	Valkostur EY-L
	Valkostur EY-JU
	Valkostur EY-JB
	Valkostur EY-JK
	Valkostur LAX
	Valkostur LA-JG
	Valkostur LA-JU

DAGSETNING	24.05.2018
GEIRT	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLADSTÆRD	A3

LANDSNET

EFLA

HÓLASANDSLÍNA 3	
FORNLEIFAKORT	
REYKJADALUR	
KORT NR.	3




HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ

SKÝRINGAR:	
	HS3 háspennulína
	Núverandi loflínur
	Vegir
	Fyrirhuguð slóð
	HS3 möstur
	HS3 jarðstrengur
	Fornleifar
	Námur til skoðunar
	Sveitarfélagamörk
	Fornleið og fornleifar
	Valkostur BI-LN
	Valkostur EY-L
	Valkostur EY-JU
	Valkostur EY-JB
	Valkostur LAX
	Valkostur LA-JG
	Valkostur EY-JK
	Valkostur LA-JU

DAGSETNING
24.05.2018
 GERT
Ös
 MÆLIKV.
1:20.000
 BLAÐSTÆRD
A3



HÓLASANDSLÍNA 3
 FORNLEIFAKORT
 REYKJADALUR
 KORT NR. 4



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ

SKÝRINGAR:	
	HS3 háspennulína
	HS3 möstur
	HS3 jarðstrengur
	Fyrirhuguð slóð
	Núverandi loflínur
	Vegir
	Fornleið og fornleifar
	Fornleifar
	Námur til skoðunar
	Sveitarfélagamörk
	Valkostur BI-LN
	Valkostur EY-L
	Valkostur EY-JU
	Valkostur EY-JB
	Valkostur EY-JK
	Valkostur LAX
	Valkostur LA-JG
	Valkostur LA-JU

DAGSETNING
24.05.2018
 GERT
Ös
 MÆLIKV.
1:5.000
 BLAÐSTÆRD
A3



HÓLASANDSLÍNA 3
 FORNLEIFAKORT
 BÁRDARDALUR
 KORT NR. 00



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ


SKÝRINGAR:	
HS3 háspennulína	Núverandi loflínur
HS3 möstur	Vegir
HS3 jarðstrengur	Fornleið og fornleifar
Fyrirhuguð slóð	Fornleifar
Námur til skoðunar	Valkostur BI-LN
Sveitarfélagamörk	Valkostur EY-L
Valkostur EY-JU	Valkostur LAX
Valkostur EY-JB	Valkostur LA-JG
Valkostur EY-JK	Valkostur LA-JU

DAGSETNING	24.05.2018
GEIRT	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLADSTÆRD	A3

LANDSNET

EFLA

HÓLASANDSLÍNA 3	
FORNLEIFAKORT	
BÁRDARDALUR	
KORT NR.	6



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ


SKÝRINGAR:	
	HS3 háspennulína
	HS3 möstur
	HS3 jarðstrengur
	Fyrirhuguð slóð
	Núverandi loflínur
	Vegir
	Fornleið og fornleifar
	Fornleifar
	Námur til skoðunar
	Sveitarfélagamörk
	Valkostur BI-LN
	Valkostur EY-L
	Valkostur EY-JU
	Valkostur EY-JB
	Valkostur EY-JK
	Valkostur LAX
	Valkostur LA-JG
	Valkostur LA-JU

DAGSETNING	24.05.2018
GEIRT	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLADSTÆRD	A3

LANDSNET

EFLA

HÓLASANDSLÍNA 3	
FORNLEIFAKORT	
BÁRDARDALUR	
KORT NR.	7



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ

SKÝRINGAR:	
HS3 háspennulína	Núverandi loflínur
HS3 möstur	Vegir
HS3 jarðstrengur	Fornleið og fornleifar
Fyrirhuguð slóð	Fornleifar
Námur til skoðunar	Valkostur BI-LN
Sveitarfélagamörk	Valkostur EY-L
Valkostur EY-JU	Valkostur LAX
Valkostur EY-JB	Valkostur LA-JG
Valkostur EY-JK	Valkostur LA-JU

DAGSETNING
24.05.2018
 GERT
ÖS
 MÆLIKV.
1:5.000
 BLADSTÆRÐ
A3



HÓLASANDSLÍNA 3
 FORNLEIFAKORT
 BÁRDARDALUR
 KORT NR. 8



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ


SKÝRINGAR:	
	HS3 háspennulína
	HS3 jarðstrengur
	Fyrirhuguð slóð
	HS3 möstur
	Fornleifar
	Núverandi loflínur
	Vegir
	Fornleið og fornleifar
	Fornleifar
	Námur til skoðunar
	Sveitarfélagamörk
	Valkostur BI-LN
	Valkostur EY-L
	Valkostur EY-JU
	Valkostur EY-JB
	Valkostur EY-JK
	Valkostur LAX
	Valkostur LA-JG
	Valkostur LA-JU

DAGSETNING	24.05.2018
GERT	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLADSTÆRD	A3

LANDSNET

EFLA

HÓLASANDSLÍNA 3	
FORNLEIFAKORT	
HELLUGNÚPSSKARÐ	
KORT NR.	9



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ

SKÝRINGAR:	
HS3 háspennulína	Núverandi loflínur
HS3 möstur	Vegir
HS3 jarðstrengur	Sveitarfélagamörk
Fyrirhuguð slóð	Fornleið og fornleifar
Námur til skoðunar	Valkostur BI-LN
Valkostur EY-JU	Valkostur EY-L
Valkostur EY-JB	Valkostur LAX
Valkostur EY-JK	Valkostur LA-JG
Valkostur LA-JU	

DAGSETNING	24.05.2018
GERY	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLADSTÆRD	A3

LANDSNET

EFLA

HÓLASANDSLÍNA 3	
FORNLEIFAKORT	
HELLUGNÚPSSKARÐ	
KORT NR.	10



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ


SKÝRINGAR:	
HS3 háspennulína	Núverandi loflínur
HS3 möstur	Vegir
HS3 jarðstrengur	Fornleið og fornleifar
Fyrirhuguð slóð	Fornleifar
Námur til skoðunar	Valkostur EY-JU
Sveitarfélagamörk	Valkostur EY-JB
Valkostur BI-LN	Valkostur EY-JK
Valkostur EY-L	Valkostur LAX
	Valkostur LA-JG
	Valkostur LA-JU

DAGSETNING	24.05.2018
GEIRT	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLADSTÆRD	A3

LANDSNET

EFLA

HÓLASANDSLÍNA 3	
FORNLEIFAKORT	
HELLUGNÚPSSKARÐ	
KORT NR.	11




HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ

SKÝRINGAR:	
— HS3 háspennulína	— Núverandi loftlínur
● HS3 möstur	— Vegir
- - - HS3 jarðstrengur	- - - Fornleið og fornleifar
- - - Fyrirhuguð slóð	● Fornleifar
— Námur til skoðunar	— Valkostur EY-JU
- - - Sveitarfélagamörk	— Valkostur EY-JB
— Valkostur BI-LN	— Valkostur EY-JK
— Valkostur EY-L	— Valkostur LA-JU
	— Valkostur LAX
	— Valkostur LA-JG

DAGSETNING	24.05.2018
GEIRT	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLAÐSTÆRD	A3



HÓLASANDSLÍNA 3	
FORNLEIFAKORT	
HELLUGNÚPSSKARÐ	
KORT NR.	12




HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ

SKÝRINGAR:	
HS3 háspennulína	Núverandi loflínur
HS3 möstur	Vegir
HS3 jarðstrengur	Fornleið og fornleifar
Fyrirhuguð slóð	Fornleifar
Námur til skoðunar	Valkostur EY-JU
Sveitarfélagamörk	Valkostur EY-JB
Valkostur BI-LN	Valkostur EY-JK
Valkostur EY-L	Valkostur LAX
	Valkostur LA-JG
	Valkostur LA-JU

DAGSETNING	24.05.2018
GERT	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLAÐSTÆRD	A3



HÓLASANDSLÍNA 3
 FORNLEIFAKORT
 FNJÓSKADALUR
 KORT NR. 13



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ

SKÝRINGAR:	
	HS3 háspennulína
	HS3 möstur
	HS3 jarðstrengur
	Fyrirhuguð slóð
	Núverandi loflínur
	Vegir
	Fornleið og fornleifar
	Fornleifar
	Námur til skoðunar
	Sveitarfélagamörk
	Valkostur BI-LN
	Valkostur EY-L
	Valkostur EY-JU
	Valkostur EY-JB
	Valkostur EY-JK
	Valkostur LAX
	Valkostur LA-JG
	Valkostur LA-JU

DAGSETNING	24.05.2018
GEIPT	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLADSTÆRD	A3

LANDSNET

EFLA

HÓLASANDSLÍNA 3	
FORNLEIFAKORT	
FNJÓSKADALUR	
KORT NR.	14



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ

SKÝRINGAR:	
	HS3 háspennulína
	Námur til skoðunar
	Núverandi loflínur
	Vegir
	HS3 möstur
	HS3 jarðstrengur
	Fornleið og fornleifar
	Fornleifar
	Fyrirhuguð slóð
	Sveitarfélagamörk
	Valkostur BI-LN
	Valkostur EY-L
	Valkostur EY-JU
	Valkostur LAX
	Valkostur EY-JB
	Valkostur LA-JG
	Valkostur EY-JK
	Valkostur LA-JU

DAGSETNING
24.05.2018
 GERT
ÖS
 MÆLIKV.
1:5.000
 BLADSTÆRD
A3



HÓLASANDSLÍNA 3
 FORNLEIFAKORT
 FNJÓSKADALDUR
 KORT NR. 15



HEIMILDIR:
 Loftmyndir: Loftmyndir ehf
 Örnefni: IS50V frá LMÍ
 Sveitarfélagamörk: IS50V frá LMÍ
 Vegir: IS50V frá LMÍ


SKÝRINGAR:	
HS3 háspennulína	Núverandi loflínur
HS3 möstur	Vegir
HS3 jarðstrengur	Fornleið og fornleifar
Fyrirhuguð slóð	Fornleifar
Námur til skoðunar	Valkostur EY-L
Sveitarfélagamörk	Valkostur EY-JU
Valkostur BI-LN	Valkostur EY-JB
Valkostur EY-JK	Valkostur LAX
Valkostur EY-JU	Valkostur LA-JG
Valkostur EY-L	Valkostur LA-JU

DAGSETNING	24.05.2018
GEIRT	ÖS
MÆLIKV.	1:5.000
BLADSTÆRD	A3

LANDSNET

